**ELSA MARÍA JAKOBSDÓTTIR**

*Mætir með rafmagnskjuða í partí*

Græjur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**RAGNHILDUR STEINUNN**

*Rúntar um á glæsikerru*

Verðlaunar sig með BMW

FÓLK 34



Námskeið á haustönn 2007
Bæklingur með Fréttablaðinu í dag
Eitthvað við allra hæfi
www.mimir.is
MÍMIR símenntun

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. september 2007 — 238. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



### Júniform hönnuð upp á nýtt

Birta Björnsdóttir reif allt út úr búðinni og endurinnréttaði.

FÓLK 34

### Enskur farsi í Borgarleikhúsi



„Einnar stjörnu lík“, segir Elísabet Brekkan.

MENNING 21

### Í samstarf við George

Kryddstúlkurnar taka tónlistarlífið með trompi og vinna jólalag með George Michael.

FÓLK 22

### FH í úrslit

FH tryggði sér sæti í úrslitum VISA-bikars karla með 3-1 sigri á Breiðablik eftir framlengingu. Þar mætir FH annað hvort Fylki eða Fjölni.



ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR MEÐ VÆTU** Í dag verður vaxandi suðaustanátt þegar líður á daginn, 10-20 m/s sunnan og vestan til, annars hægari. Rigning víða um land, þó fyrst á sunnan og vestanverðu landinu. Hiti 8-14 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4







**ÓBÆRILEGAR DRUNUR** Áhorfendur á kvartmílukeppni sem fram fór í Kapelluhrauni í Hafnarfirði í gær þurftu að halda fyrir eyrun þegar þessi kraftmikli kaggi reykspólaði af miklum móð. Alls voru sextíu bílar skráðir til leiks í kvartmílunni og er það metþátttaka.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ofbeldismaður laus vegna týnds skjals

**Dæmdur ofbeldismaður hefur gengið laus síðan í apríl. Tilkynningarskjal um afplánun virðist hafa týnst. Sat í hálft ár í varðhaldi en var sleppt eftir dóminn.**

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem dæmdur var í þriggja ára fangelsi 26. apríl síðastliðinn fyrir að stinga sambýliskonu sína á Húsavík í nóvember í fyrra er ekki enn byrjaður að afplána dóminn. Skjal sem staðfestir að manninum hafi verið birt afplánunartilkynning hjá lögreglu virðist hafa týnst.

„Það hefur ekki borist okkur,“ segir Erlendur Baldursson, deildarstjóri hjá Fangelsismálastofnun. Tilkynningin var birt manninum í lok júní. Lögreglan á Húsavík sendi skjalið til Fangelsismálastofnunar að lokinni birtingu. Mál mannsins hefur nú verið sett í forgang og mun hann að öllum líkindum hefja afplánun á næstu dögum.

Manninum var haldið í gæsluvarðhaldi í hálft ár á þeim grundvelli að hann væri hættulegur samborgurum sínum, þar til hann var fundinn sekur um að stinga sambýliskonu sína. Þá var honum sleppt úr haldi eftir að héraðsdómur hafnaði því að hann hæfi afplánun strax. Sú niðurstaða var ekki kærð þar sem það var talið ólíklegt til árangurs, að sögn Sigríðar Elsu Kjartansdóttur hjá Ríkissaksóknara.

Maðurinn var ákærður fyrir manndrápstilraun en fundinn sekur um stórfellda líkamsárás. Hann stakk konuna í bakið með þeim afleiðingum að hún hlaut tveggja sentímetra djúpan skurð fyrir neðan vinstra herðablað.

Maðurinn var sýknaður af því að hafa ógnað lögreglumönnum með hnífi þegar hann var handtekinn og að hafa stungið vin konunnar. Þá var hann sýknaður af því að hafa tvisvar reynt að kveikja í sambýliskonu sinni, þeirri sömu og hann stakk, en í annað skiptið „horfið frá þeirri ætlan sinni þar sem hann hafði ekki nothæf eldfæri“, eins og orðrétt sagði í ákæru.

Maðurinn býr nú á Húsavík. Hann var í meðferð og mun það hafa haft áhrif á að ekki var lagt mikið kapp á að koma honum í afplánun í fangelsi. Maðurinn skráði sig síðan úr meðferðinni án vitundar Fangelsismálastofnunar.

- mh / - sh

Haustboðinn ljúfi í Eyjum:

## Fyrstu pysjur ársins komnar

**VESTMANNAEYJAR** Fyrstu pysjur haustsins eru komnar á stjá í Vestmannaeyjum.



LUNDI

Lundapysjurnar eru þyngri í ár en þær hafa verið síðan árið 2002, samkvæmt fyrstu mælingum Gísla Óskarssonar líffræðikennara.

Meðalþyngdin er um 316 grömm en var 217 grömm árið 2001.

Gísli segir þyngd pysjanna tengjast fæðuframboði sjávar, það er sílunum. Fjöldi síla kunni aftur á móti að vera í einhverju samhengi við óróa í Mýrdalsjökli og sprungur á hafsbotni.

- kóþ / sjá síðu 6

Bandaríkjaher tilbúinn með áætlun um öflugar loftárásir á Íran:

# Þriggja daga leifturárás

**BANDARÍKIN** Bandaríkjaher hefur sett saman ítarlega hernaðaráætlun um öflugar loftárásir á Íran. Hugmyndin er sú að eyðileggja hernaðarmátt Írana á aðeins þremur dögum.

Þetta fullyrðir breska blaðið The Sunday Times í gær og vitnar í bandaríska hernaðarsérfæðinginn Alexis Debat, sem starfar hjá Nixon-miðstöðinni í Washington og er sérfræðingur þar í hryðjuverkavörnum og þjóðaröryggismálum.

Blaðið segist hafa heimildir fyrir því að George W. Bush Bandaríkjaforseti hafi undanfarið lagt aukna áherslu á að afla stuðnings innan Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna við aðgerðir gegn Íran.



GEORGE W. BUSH

Times segist einnig hafa heimildir fyrir því að ráðamenn í Bandaríkjunum telji hentugast að árás á Íran verði snögg og öflug, ef til þess komi að beita þurfi hervaldi.

Í ræðu sem Bush flutti í síðustu viku sagði hann athæfi Írana ógna „öryggi þjóða alls staðar. Þess vegna eru Bandaríkin að hóa saman vinum og bandamönnum víða um heim til að einangra Íransstjórn og koma á efnahagslegum refsiaðgerðum. Við munum takast á við hættuna áður en það verður of seint.“ - gb

VISA BIKARINN 2007
Undanúrslit karla




Laugardalsvöllur
í dag kl: 16:00

## SPURNING DAGSINS



*Skúli, verðurðu ekki að skattheimta að þeir skili framtölum?*

„Auðvitað, bjóstu við öðru?“

Fjórðungur lögaðila skilaði ekki skattframtölum fyrir árið 2005. Skúli Eggert Þórðarson er ríkisskattstjóri.

Lögmaður segir skilanefnd Samvinnutrygginga ekki löggilta af viðskiptaráðuneyti:

# Segir kröfulýsingafrestinn ekki gilda

**VIÐSKIPTI** Frestur til að lýsa kröfu um hlutafé í fjárfestingarfélaginu Gift, dótturfélagi Samvinnutrygginga, rennur út í dag. Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður segir skilanefnd félagsins ekki hafa umboð til að setja slíkan frest, þar sem hún hafi ekki hlotið löggildinguviðskiptaráðuneytisins. „Ég held að hún geti ekki með innkölluninni gert það að verkum að einhver réttindi manna sem ekki lýsa kröfum falli niður, vegna þess að hún hefur ekki hlotið til þess löggildingu,“ segir Sigurður.

Ákveðið var í júní að leggja Samvinnutryggingar niður og að þeir sem tryggðu hjá félaginu yrðu hluthafar í Gift. Kristinn Hallgrímsson, formaður skiptanefndar, hefur sagt að enginn þurfi að gera kröfu nema grunur sé um afbrigðilega skráningu af einhverju tagi.



KRISTINN HALLGRÍMSSON



SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON

Komið hefur fram að eignarhlutur þeirra viðskiptamanna félagsins sem nú eru látnir, auk annarra, muni renna í sjálfseignarsjóð sem verði stærsti hluthafi nýja félagsins. Sigurður er ekki viss um að þetta standist lög og er að skoða hvort fólk geti gert kröfu í þá hluti.

„Gamlir vátryggjendur hjá Samvinnutryggingum láta það örugglega ekkert yfir sig ganga að einhverjir örfáir Samvinnumenn sitji allt í einu á einhverjum stórum sjóði sem í rauninni enginn á. Eru þetta ekki bara peningar annars fólks?“ segir Sigurður. **- sh**

Slys á Reykjanesbraut:

## Hélt að vegurinn væri tvöfaldur

**LÖGREGLUMÁL Einn bifhjólamaður brotnaði á hendi og slasaðist á fæti í umferðaróhappi á Reykjanesbraut við Grindavíkurveg um fimmleytið í gær.**

**Ökumaður bíls hugðist taka fram úr bifreið með hjólhýsi og taldi sig vera kominn á tvöfaldan kafla vegarins. Á akreininni voru hins vegar fjórir vélhjólamenn á leið í gagnstæða átt. Vélhjólamennirnir misstu stjórn á hjólum sínum. Tveimur þeirra og ökumanni bílsins tókst að hemla, en tveir vélhjólamannanna féllu í götuna og slasaðist annar eins og áður kom fram. Aðrir sluppu við áverka.** **- sgj**

Framkvæmdastjóri FÍB:

## Hækkun bensínverðs án tilefnis

**BENSÍNVERÐ „Eina eðlilega skýringin á þessum verðbreytingum er að menn séu að bæta á álagninguna, sem hefur reyndar farið hækkandi í allt sumar,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Olíufélögin hækkuðu öll verð á bensíni og dísilolíu um tvær krónur, nema Atlantsolía og Orkan.**



RUNÓLFUR ÓLAFSSON

**„Við erum að benda á að það eru ekki forsendur fyrir þessari hækkun miðað við gengi krónunnar á heimsmarkaði,“ segir Runólfur. „Það er gömul saga og ný að olíufélögin hækki öll verðið á sama tíma, það hefur gerst oft í gegnum tíðina.“** **- sgj**

# Meira fé til í Suðurlandsveg en talið var

**Kristján Möller samgönguráðherra upplýsir að láðst hafi að geta 3,2 milljarða sem eyrnamerktir séu tvöföldun Suðurlandsvegar. Alls séu 7,4 milljarðar til í verkið. Vegagerðin hefur miðað við að 4,2 milljarðar séu tiltækir í veginn.**

**SAMGÖNGUR** „Það sem menn flöskuðu á er liður í kaflanum undir Reykjavík-Suðvesturkjördæmi, þar eru samtals 2.500 milljónir eyrnamerktar Vesturlands-Hafravatnsvegi, sem telst líka með,“ segir Kristján Möller samgönguráðherra.

Þessir 2,5 milljarðar séu einnig undir liðnum „sérstök fjáröflun“, sem þýði að féið geti fengist með aðkomu fjárfesta eða lántöku.

Hann segir peningana bætast við þá 4,2 milljarða sem áður hefur verið rætt um. Við þá var miðað í viðtali við Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóra hér í blaðinu 26. ágúst. Gunnar sagði þá að tvöföldun Suðurlandsvegar væri að „mjög litlu leyti“ á vegaáætlun.

„Þar að auki eru til um það bil 500 milljónir í verkið, teknar af fjárveitingu til öryggismála, ásamt 200 milljónum, sem er bein fjárveiting vegna Suðurlandsvegar,“ segir Kristján.

Vegagerðin hefur lengi undirbúið lagningu 2+1 vegar milli Reykjavíkur og Selfoss og hefur lokið við hönnun hans. Sú framkvæmd veitir svipað öryggi og nýr 2+2 vegur, samkvæmt heimildum Vegagerðarinnar. 2+1 vegur ætti að kosta um 5,8 milljarða en 2+2 vegur 13,5 milljarða.

Vegagerðin þarf nú að byrja upp á nýtt og hanna tvöfaldan veg.

Spuður í ljósi þessa hvort ekki hefði verið nær að halda áfram með lagningu 2+1 vegar, segir Kristján: „Sú ákvörðun hefur einfaldlega verið tekin um að horfa miklu lengra til framtíðar í þessu máli.“

Kristján neitar því ekki að mikið starf sé óunnið og segir að um óhemju flókna framkvæmd sé að ræða, eins og fram hefur komið.

„Vegaáætlunin er miðuð við árin 2008 til 2010. Það getur vel verið að á því tímabili vanti meiri peninga. Hins vegar er framkvæmdin það umfangsmikil að það er óvíst hvort við getum nýtt alla þessa fjárhæð á því tímabili. Það þarf fyrst að vinna að skipulags- og umhverfismálum. Tvöfaldan veg er til dæmis skylt að setja í umhverfismat.“

Ráðherra segir fundarhöld fyrirhuguð með hagsmunaaðilum og sveitungum. „Þetta er flókinn ferill og enginn getur sagt fyrir hvað þetta tekur langan tíma. Við vitum til dæmis ekki hvað verður kært og hvort þetta verður í einu útboði eða kaflaskipt.“

klemens@frettabladid.is



**SUÐURLANDSVEGUR** Öll leiðin, um 45 kílómetrar, verður tvöfölduð í framtíðinni. Enginn getur þó sagt til um hvenær það verður, því framkvæmdin er flókin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### SVIPAÐ ÖRYGGI, ÞRIÐJUNGUR AF KOSTNAÐI

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að samkvæmt erlendum rannsóknum sé svipað öryggi tryggt vegfarendum þegar ekið er eftir 2+1 vegi og 2+2 vegi. Kostnaðurinn sé mun minni.



„Þetta er umhugsunarefni fyrir alla ef menn eru að horfa á öryggisþáttinn einan,“ segir hann.

Pétur telur að Vegagerðin þurfi ekki sérstaka heimild til að hanna nýja gerð vegar. Fjárheimild sem gildi fyrir 2+1 veg eigi jafnframt að gilda fyrir 2+2 veg.

Þingmaður Framsóknar:

## Sakar ráðherra um að skrökva að þjóðinni

**SAMGÖNGUR** Þrír ráðherrar hafa skrökvað að þjóðinni í Grímseyjarferjumálsins, að sögn Bjarna Harðarsonar, þingmanns Framsóknarflokksins.

Bjarni hefur undir höndum minnisblað þar sem fjármálaráðuneytið heimilar að Vegagerðin nýti yfirdráttarheimild til að breyta Grímseyjarferju, sé ekki nægilegt svigrúm í ónýttum fjárheimildum.

Þingmaðurinn segir málið einkennast af subbuskap og vítaverðum vinnubrögðum.

Minnisblaðið má nálgast á heimasíðu Bjarna. **- kóþ**



**EYÐILEGGING** Nærri 200 þúsund hektarar af landi eyðilögðust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

65 látnir í Grikklandi:

## Skógareldar að mestu slökktir

**GRIKKLAND, AP** Þrír stærstu skógareldarnir, sem logað hafa í Grikklandi í tíu daga, hafa nú verið slökktir eða tökum hefur verið náð á þeim, þannig að ekki stafar hætta lengur af.

Í gær voru móðir og fjögur börn hennar jarðsungin, en þau fórust á flótta undan eldsvoðanum fyrir rúmri viku. Í gær lést á sjúkrahúsi í Grikklandi maður sem brenndist illa af völdum eldanna, og er þá tala látinna komin upp í 65.

Eldarnir eyðilögðu nærri 200 þúsund hektara af landi, aðallega skóglendi og ræktarlandi. Stjórnvöld hafa verið harðlega gagnrýnd fyrir að bregðast ekki við með réttum hætti. **- gb**

Skipstjóri í Flatey:

## Slasaðist á hendi í sjóferð

**SLYS Skipstjóri í Flatey varð fyrir meiðslum á hendi í sjóferð norður af eynni í gær. Tókst honum að sigla bátnum til eyjarinnar og var tekið á móti honum þegar hann kom í land og sent eftir þyrlu Landhelgisgæslunnar. Kenndi hann til mikilla eymsla í hendi og allt upp í öxl og var mjög marinn.**

**Þyrlan sótti manninn laust upp úr hádegi og flutti hann á slysadeild í Fossvogi. Þangað var komið klukkan rúmlega tvö.** **- sgj**


-2 kr.



Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

ÓB ódýrt bensín

www.ob.is

Himinn og haf / SÍA


Ný skýrsla dregur upp dökka mynd af ástandinu í Palestínu:

# Fátæktin aldrei verið meiri

**PALESTÍNA** Fátækt meðal Palestínumanna er nú meiri en nokkru sinni. Rúmlega helmingur allra heimila á svæðum Palestínumanna telst nú vera undir fátæktarmörkum, það er að segja 25 þúsund krónum á mánuði.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um efnahagsástandið í Palestínu, sem UNCTAD, Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun, sendi frá sér í lok síðustu viku.

Að meðaltali eru um sex manns í heimili í Palestínu. Í skýrslunni segir að margar fjölskyldur þurrausi alla sína varasjóði og sjái nú engar leiðir sér til framfærslu. Meira en ein milljón manna býr við mikla fátækt.

Atvinnuleysi er um þrjátíu prósent, þjóðartekjur á mann drógust saman um fimmtán prósent á síðasta ári og heildarþjóðarframleiðsla dróst saman um 6,6 prósent.

Í skýrslunni segir að meginástæðan fyrir þessu alvarlega ástandi sé sú stefna Ísraela að einangra efnahagslíf Palestínu frá heimsmarkaðnum. Nú sé mikilvægt að efla möguleika Palestínumanna til að stunda viðskipti, frekar en að einblína sífellt á öryggismálin. Þrátt fyrir erfitt pólitískt ástand sé ekki síst mikilvægt að opna verslunarleið milli Vesturbakkans og Gaza-strandar. **- gb**



**FYRSTI SKÓLADAGURINN** Móðir í Hebron fylgdi börnum sínum í skólann á laugardaginn, fyrsta skóladag vetrarins. Ísraelskur hermaður fylgist með mannaferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lifðu • Skapaðu • Framkvæmdu




## Ert þú með frábæra viðskiptahugmynd?

Innovit er sjálfstætt starfandi nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir ungt, kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir.

Innovit er vettvangur frumkvæðis, hugvits og þekkingar þar sem þú getur komið þinni hugmynd í framkvæmd.

Í samstarfi við íslenskt atvinnulíf, háskóla landsins og mannauð framtíðarinnar ætlum við að byggja upp íslenskt hátækni- og þekkingarþjóðfélag í fremstu röð.

- Ókeypis skrifstofuaðstaða fyrir sprotafyrirtæki
- Ráðgjöf, fyrirlestrar og námskeið
- Sumarvinna við nýsköpun
- Frumkvöðlakeppni Innovit 2008

www.innovit.is

Nýsköpunarfjölskylda Innovit

Landsbankinn · SI Samtök iðnaðarins · Háskóli Íslands · Háskólinn í Reykjavík Reykjavik University · Háskólinn á Bifröst Bifröst University

## GENGIÐ 31.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,04 | 63,34 |
| Sterlingspund | 127,29 | 127,91 |
| Evra | 86,12 | 86,60 |
| Dönsk króna | 11,560 | 11,628 |
| Norsk króna | 10,832 | 10,896 |
| Sænsk króna | 9,197 | 9,251 |
| Japanskt jen | 0,5416 | 0,5448 |
| SDR | 96,57 | 97,15 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
116,911

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Loksins sér fyrir endann á lagfæringum á Þjóðleikhúsinu:

# Starfsmenn orðnir langþreyttir

**LEIKHÚS** Starfsmenn Þjóðleikhússins sjá nú loks fyrir endann á fjórtán mánaða viðgerðum á húsinu og undirbúa nýtt leikár. Þeir voru margir orðnir langþreyttir á þeim hávaða og óþrifnaði sem viðgerðunum fylgir.

Sex núverandi og fyrrverandi starfsmenn staðfestu við blaðið að óánægja hefði verið með truflanir vegna framkvæmdanna, en tóku fram að þær hefðu auðvitað verið nauðsynlegar.

Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri tekur undir þetta. „Það er mjög skiljanlegt að fólk hafi verið þreytt á þessu. Þetta var afar nauðsynleg aðgerð og fórn sem við þurftum að færa og ég er starfsfólkinu óendanlega þakklát fyrir að hafa látið þetta yfir sig ganga,“ segir hún.

Tinna rifjar upp ástandið áður en framkvæmdir hófust. Þá lak inn í húsið í rigningu og þurfti meðal annars að hylja rafmagnstækin.

Hún segir að ef til vill hefði átt að loka húsinu fyrr til að hlífa starfsfólkinu. „En við ákváðum í góðu samráði að halda úti fullri þjónustu og ég hef ekki fundið annað en að góður skilningur sé á því meðal fólksins,“ segir hún.

Setningarathöfn Þjóðleikhússins fer fram í dag og kynnir Tinna þá leikárið. Húsið verður svo tekið í notkun 15. september og lokið verður við steiningu í seinni hluta október. **- kóþ**



**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri segir skiljanlegt að framkvæmdir í húsinu séu erfiðar starfsfólki.

England og Wales:

## Börn frömdu 3.000 glæpi

**BRETLAND Börn undir tíu ára aldri voru grunuð í nær þrjú þúsund sakamálum í Englandi og Wales í fyrra. Nær helmingur þessara glæpa, alls 1.300, tengdist skemmdarverkum eða íkveikjum.**

**Í Englandi og Wales eru börn undir tíu ára aldri ósakhæf en brotin eru engu að síður skráð af lögreglu. Alls voru 5,5 milljónir glæpa fólks á öllum aldri skráðir hjá lögreglu á sama tímabili.**

**„Þegar maður sér börn fara um eins og úlfahóp að brjóta af sér sýnir það mikilvægi þess að lækka sakhæfisaldurinn í 8 eða 9 ár,“ sagði enskur lögmaður. - sgj**



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Segir auðgun úrans komna á fullt skrið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar auðga úran af krafti:

## Nota þrjú þúsund skilvindur

**ÍRAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, lýsti því yfir í gær að nú væru Íranar búnir að taka í notkun þrjú þúsund skilvindur, sem notaðar eru til að auðga úran.

Íranar lýstu því yfir fyrst í apríl að þeir hefðu tekið þrjú þúsund skilvindur í notkun, en alþjóða kjarnorkueftirlitið hefur fullyrt að þá hafi Íranar einungis verið með 328 skilvindur í notkun.

Í síðustu skýrslu kjarnorkueftirlitsins, sem birt var í síðustu viku, var fullyrt að Íranar væru aðeins komnir með tvö þúsund skilvindur í notkun. **- gb**

### SKIPULAGSMÁL

**Yfir 500 athugasemdir**

Yfir 500 íbúar á Kársnesi hafa gert athugasemd við skipulagsbreytingar á svæðinu. Kærufrestur rennur út á morgun. Þá mun skipulagsnefnd fara yfir athugasemdirnar og svara hverri þeirra. Samtökin Betri byggð á Kársnesi hafa opnað skrifstofu þar sem hægt að fá aðstoð við að skrifa athugasemdabréf.

### ÞÝSKALAND

**Reisa stærsta pýramída heims**

Hópur þýskra athafnamanna hyggst byggja 488 metra háan pýramída nálægt bænum Dessau í Þýskalandi. Pýramídinn yrði sá stærsti í heimi, stærri en nokkur pýramídanna í Egyptalandi.

# Hunsuðu aðvaranir byggingarfulltrúans

**Hreppsnefnd Bæjarhrepps fór ekki að tilmælum byggingarfulltrúa vegna sumarhúss tengdafólks oddvitans. Bústaðnum var komið fyrir á Borðeyri í andstöðu við skipulagslög að mati minnihluta hreppsnefndar sem vill húsið burt.**

**STJÓRNSÝSLA** Umdeilt sumarhús tengdafólks Þorgerðar Sigurjónsdóttur, oddvita á Borðeyri, er nú komið á grunn þar í þorpinu þrátt fyrir að tilskilin leyfi fyrir húsinu vanti.

Bogi Kristinsson, byggingarfulltrúi í Dölunum og Austur-Barðastrandarsýslu, sem sinnti einnig starfi byggingarfulltrúa í Bæjarhreppi þar til um síðustu mánaðamót, segir að fyrr í sumar hafi hann komið á framfæri athugasemdum við hreppsnefndina um að ekki væri rétt að málinu staðið.

„Ég óskaði eftir því við hreppsnefndina að þetta yrði stöðvað, farið yrði í að breyta deiliskipulagi og að sú breyting yrði auglýst,“ segir Bogi.

Fréttablaðið sagði frá því í júlí að í útjaðri byggðarinnar á Borðeyri hefði grunnur verið lagður að frístundahúsi tengdaforeldra dóttur oddvitans þrátt fyrir að engin heimild væri fyrir húsinu. Þorgerður oddviti játaði þá að hafa gefið persónulegt leyfi sitt fyrir framkvæmdinni. Sagði hún að sér hefði þótt það í lagi þar sem nýtt deiliskipulag væri í vinnslu og að í því væri gert ráð fyrir nokkrum sumarhúsum á umræddum stað.

Haft var eftir Ingibjörgu Rósu Auðunsdóttur, oddvita minnihlutans í hreppsnefnd, að fulltrúar minnihlutans vildu að ekki yrði hafist handa við húsið fyrr en öll skilyrði laganna væru uppfyllt.

Meirihluti hreppsnefndar samþykkti nýtt deiliskipulag fyrir Borðeyri á fundi 22. ágúst. Þótt það hafi enn ekki farið í kynningu meðal íbúa Bæjarhrepps eins og lög mæla fyrir um áður en breytingin tekur gildi er sumarhúsið nú komið á grunninn frá í sumar.

Fulltrúar minnihlutans telja að skipulags- og byggingarlög hindri að hægt sé að afgreiða málið á þennan hátt. Ekki megi breyta skipulagi svæðis þar sem framkvæmt hafi verið í ósamræmi við skipulag fyrr en hin ólöglega bygging hafi verið fjarlægð. Óheimilt sé að gera grenndarkynningu og meðhöndla málið síðan sem óverulega breytingu á deiliskipulagi vegna þess að lögin hefðu þegar verið brotin.

Skora fulltrúar minnihlutans á hreppsnefndina að fá byggingarfulltrúa til að fjarlægja húsið og afmá ummerki um það svo Skipulagsstofnun þurfi ekki að skerast í leikinn og láta flytja bústaðinn burt á kostnað sveitarfélagsins.

**gar@frettabladid.is**



**BORÐEYRI** Fulltrúar minnihlutans skora á hreppsnefnd að fá byggingarfulltrúa til að afmá ummerki um húsið svo Skipulagsstofnun þurfi ekki að skerast í leikinn.



**SUMARHÚS Á NÝJUM GRUNNI** Tengdaforeldrar dóttur oddvitans fluttu þetta hús frá Víkurá í Hrútafirði á nýjan grunn við byggðina á Borðeyri.

Heimilisofbeldi:

## Ofbeldið oftast um helgar

**HEIMILISOFBELDI** Tilkynningar lögreglu um heimilisofbeldi eða heimilisófrið eiga sér oftast stað um helgar og þá helst laust eftir miðnætti. Rannveig Þórisdóttir, deildarstjóri upplýsinga- og áætlanadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir líklegt að mörg brotanna tengist ölvun gerandans.

Heimilisofbeldi sem á sér stað á virkum dögum er oftast við vinnulok eða í kringum kvöldmat, samkvæmt tölum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. 95 prósent þeirra sem kærðir hafa verið fyrir heimilisofbeldi á árinu eru karlmenn, en fimm prósent konur. **- sgj**

Flugstöð Leifs Eiríkssonar:

## Flugfélögin borgi gullna hliðið

**SAMGÖNGUR Höskuldur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, segir að sérstakt öryggishlið Saga class farþega verði áfram ef flugfélögin séu tilbúin að greiða fyrir rekstur þess. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafði áður sagt að tilraunin um rekstur hliðsins hefði leitt í ljós að það væri ónauðsynlegt.**

**Hliðið hefur verið minna notað en búist var við, að sögn Jóhanns R. Benediktssonar sýslumanns. Tilraunin var gerð að beiðni Icelandair og flugstöðvarinnar og hefur hliðið verið kallað „gullna hliðið“. - sgj**

### BANDARÍKIN

**Keyrði valtara á lögreglustöð**

Maður var handtekinn á vettvangi eftir að hafa keyrt stolnum valtara á lögreglustöð í bænum Troy í Bandaríkjunum. Enginn var í lögreglustöðinni þegar áreksturinn átti sér stað.


MARKAÐURINN

Einfalt mál



Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 kl. 12:12 alla virka daga





## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVASST Í KORTUNUM**

Það er rétt að nefna að vindur er að vaxa nú í morgunsárið og nálægt hádegi verður yfirleitt komin allhvöss og sums staðar hvöss suðaustanátt á landinu sunnan og vestanverðu. Í kvöld hvessir víðar og verður yfirleitt komin allhvöss suðlæg átt víða um land. Í nótt mun vindur svo vaxa enn frekar og má búast við hvassviðri víða um land á morgun. Síðan lægir á miðvikudag.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Vaxandi suðaustan átt, 10-15 m/s og rigning. Hiti 9-13 stig.

um hádegi »




» á morgun




15-20 m/s víðast hvar.

» miðvikudagur




5-10 m/s.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C skúrir | London | 19°C skýjað | Friedrichshafen | 18°C rigning |
| Billund | 15°C skúrir | París | 19°C skúrir | Basel | 19°C riging |
| Osló | 15°C skúrir | Amsterdam | 18°C skúrir | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 15°C rigning | Frankfurt | 19°C rigning | Róm | 29°C léttskýjað |
| Gautaborg | 16°C skúrir | Berlín | 17°C rigning | Las Palmas | 26°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




**Námsmannaþjónusta Sparisjóðsins**

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Félagar í Námsmannaþjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértilboða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka.

Skoðaðu málið betur á **www.spar.is**

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

## KJÖRKASSINN



*Er það góð þróun að skattyfirvöld vinni skattframtöl fyrir einstaklinga?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 71% |
| NEI | 29% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Tekurðu strætó?*

Segðu skoðun þína á visir.is. VÍSIR

Skógræktarfélagið sendir nýja kröfu á hendur Kópavogsbæ:

# Í samræmi við matsskýrslu

**UMHVERFISMÁL** Skógræktarfélag Reykjavíkur ætlar að senda nýja kröfu á hendur Kópavogsbæ vegna trjáa sem fjarlægð voru við lagningu vatnslagnar í Heiðmörk. Þetta staðfestir Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins. Áður hafði félagið sent kröfu upp á 38 milljónir króna vegna tjónsins en ágreiningur hefur verið á milli Skógræktarfélagsins og Kópavogsbæjar um fjölda þeirra trjáa sem fjarlægð voru.

Vegna ágreiningsins sættust báðir aðilar á að láta sérstaka matsmenn finna út hvað mörg tré hefðu horfið, og hver tegund þeirra og hæð væri. Það voru þeir Bjarni Diðrik Sigurðsson prófessor og Ólafur E. Sæmundsson skógfræðingur sem framkvæmdu matið. Þeir skiluðu af sér matsskýrslu á mánudag. Samkvæmt skýrslunni höfðu 559 tré af fimm trjátegundum horfið á svæðinu. Ekki var lagt mat á fjölda náttúrulegra birkitrjáa sem einnig hafa horfið.

„Það er eðlilegt mál að uppfæra bótakröfuna til samræmis við niðurstöðu matsmanna,“ segir Helgi. Hann segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort óskað verði eftir fundi með fulltrúum Kópavogsbæjar vegna málsins. **- þeb**



**ÞJÓÐHÁTÍÐARLUNDUR Í HEIÐMÖRK** Matsskýrsla segir 559 tré hafa verið fjarlægð úr lundinum vegna vatnslagnarinnar. Framkvæmdir við lagningu fóru fram síðasta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Norður-Kórea:

# Bindur enda á kjarnorkuáætlun

**NORÐUR-KÓREA, AP Stjórnvöld Norður-Kóreu hafa samþykkt að binda enda á kjarnorkuáætlun sína fyrir árs lok, að því er samningamaður Bandaríkjanna greindi frá í gær.**

**Tveggja daga viðræður skiluðu miklum árangri, að sögn Christopher Hill, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna. Í lok mánaðarins fara fram sex þjóða viðræður Japans, Rússlands, Suður-Kóreu, Kína, Bandaríkjanna og Norður-Kóreu um bætt samskipti við síðastnefnda ríkið.**

**Allri auðgun úrans í Norður-Kóreu verður hætt í kjölfar þessa samkomulags. - sgj**

Ekki má klukka lengur:

# Skóli bannar eltingaleik

**BANDARÍKIN Yfirmenn grunnskóla í Colorado í Bandaríkjunum hafa meinað nemendum skólans að fara í eltingaleik. Á mánudagsmorgun var nemendum tilkynnt að sá aldagamli leikur að elta, klukka og segja „þú ert'ann“ væri bannaður.**

**„Þetta hefur valdið of mörgum átökum á skólalóðinni,“ segir aðstoðarskólastjórinn. Hún segir börnin oft kvarta yfir að önnur börn elti sig og að bann við leiknum sé besta lausnin. - sgj**

Naut flúði eiganda sinn:

# Flóttanaut deyr

**BANDARÍKIN** Naut sem flúði eiganda sinn á nautgripasýningu í Minnesota í Bandaríkjunum féll niður og lést eftir að hafa skallað brunahana.

Nautið, sem vó tæp 800 kílógrömm, hafði að sögn eiganda síns aldrei látið illa. Hann grunaði þó að bílferðin á hátíðina hefði komið nautinu úr jafnvægi.

Enginn slasaðist í látunum og brunahaninn skemmdist ekki. **- sgj**



**ÁLSEY** Skipið kom til Eyja á laugardag. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Álsey VE 2:

# Nýtt skip til Eyja

**VESTMANNAEYJAR** Álsey VE 2, nýtt skip í eigu Ísfélags Vestmannaeyja, lagði að bryggju í Vestmannaeyjum á laugardagskvöld. Skipið var afhent á Kanaríeyjum í byrjun ágúst og lagði af stað til síns heima eftir sandblástur og málun. Skipstjóri er Ólafur Á. Einarsson.

Gamla Álsey og Antares VE verða afhent nýjum kaupanda fljótlega upp úr mánaðamótum, að því er fram kemur á heimasíðu Ísfélagsins. Munu þau fara til veiða við strendur Afríku. **- sgj**

**JAPAN**

### Ráðherra segir af sér

Takehiko Endo, innanríkisráðherra Japans, tók í gær þá ákvörðun að segja af sér vegna ásakana um misnotkun á landbúnaðarstyrkjum. Afsögn hans er enn eitt áfallið fyrir veikburða stjórn landsins.

# Fylgni milli pysjuþyngdar og Kötlu

**Gísli Óskarsson hefur fylgst með þyngd lundapysja í Eyjum í ellefu ár. Hann telur að samhengi kunni að vera milli þyngdar pysja og óróa í Kötlu. Óróinn minnki klak marsíla og fæðuframboð fyrir þá stofna sem nærist á sílum.**

**LÍFFRÆÐI** „Ég lít svo á að lundinn sé sýnilegt mælitæki á ástand hafsins. Afkoma lundans endurspeglar ástand stofnanna sem hann nærist á,“ segir Gísli Óskarsson, líffræðikennari í Vestmannaeyjum.

Gísli hefur í ellefu ár vigtað lundapysjur þegar þær birtast á haustin í Vestmannaeyjum. Hann hefur sett niðurstöður sínar í súlurit og borið saman við upplýsingar frá Veðurstofu Íslands.

Hann vinnur út frá tilgátunni um að fylgni sé milli meðalþyngdar pysjanna og óróa í Kötlu í Mýrdalsjökli. „Það virðist vera sem meðalþyngd pysjanna minnki þegar jarðskjálftaórói er í vestanverðum Mýrdalsjökli, en aukist svo aftur árið eftir að óróinn minnkar,“ segir hann.

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar Íslands sýni að lundinn sunnanlands nærist nær eingöngu á marsílum.



**GÍSLI ÓSKARSSON**

„Árið 2002 var ágætis ár hjá lundanum en 2003 til 2005 sígur stöðugt á ógæfuhliðina og pysjurnar verða ræfilslegar. Þegar ég fór að grafast fyrir um orsakir sá ég hjá Veðurstofunni að það var stöðugur órói í Mýrdalsjökli á þessum tíma,“ segir Gísli.

Árið 2005 hafi lundi í Ingólfshöfða verið nokkuð digur en afar magur í Eyjum og í Vík í Mýrdal. „Síðan minnkar óróinn árið 2006 og þá fara pysjurnar að þyngjast. Í ár eru þær mjög vel haldnar,“ segir hann.

Hugsanleg skýring, segir Gísli og undirstrikar að þetta sé einungis tilgáta, gæti verið sú að í meiri virkni opnist sprungur á hafsbotni og koltvísýringur komi upp í gegnum þær.

„Koltvísýringurinn breytist svo í kolsýru í vatninu. Þar sem egg marsílisins eru botnlæg verða skilyrði til klaks mjög slæm og sílin yfirgefa líklega svæðið,“ segir Gísli. Þar með verði fæðuframboð lítið í sjónum.

Gísli bendir á að fleiri stofnar sæki í sílin en lundar. Stofnanir eins og Hafrannsóknastofnun mættu því taka málið til rannsóknar. **klemens@frettabladid.is**



**LUNDI MEÐ KJAFTFYLLI** Gísli hefur vigtað pysjurnar í ellefu ár. Hann telur hugsanlegt að samband sé milli þyngdar fuglanna og óróa í Mýrdalsjökli. Marsíli, fæða pysjanna, kunni að flýja óróann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**PYSJUMÆLINGAR** Meðalþyngdin hefur rokkað milli 217 og 320 gramma.

Fjórum piltum gefið að sök að hafa ráðist á mann í Borgarnesi:

# Sérstaklega hættuleg árás

**DÓMSMÁL** Fjórir menn hafa verið ákærðir fyrir að ráðast á annan mann í Borgarnesi í júní á síðasta ári. Árásin átti sér stað við veitingastaðinn Dússabar hinn 3. júní á síðasta ári. Mennirnir eru á aldrinum átján til tuttugu ára.

Tveir mannanna eru ákærðir fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Öðrum þeirra er gefið að sök að hafa slegið fórnarlambið í höfuðið með glerflösku. Hinn er ákærður fyrir að sparka í og stíga á höfuð fórnarlambsins á meðan það lá á götunni.

Öllum mönnunum fjórum er svo gefið að sök að hafa hrint fórnarlambinu á milli sín eftir að hann hafði verið sleginn með flöskunni. Þegar hann féll í jörðina við hrindingarnar hafi þeir, samkvæmt ákærunni, allir sparkað í líkama hans.

Fórnarlambið vankaðist og hlaut nokkra skurði á aftanvert höfuð og hnakka við árásina. Málið var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í liðinni viku. **- þeb**



**BORGARNES** Árásin átti sér stað fyrir utan Dússabar í Borgarnesi í júní í fyrra.

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

ÞÚ VERÐUR AÐ KUNNA Á TÖLVU!

ECDL er tilvalið námskeið fyrir alla sem vilja fá góða innsýn í notagildi tölvunnar. Nemendur læra þannig að nýta sér tölvutæknina, jafnt á vinnustað sem heima. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni.

ECDL er tölvunám fyrir alla!

- Grunnatriði í upplýsingatækni • Windows stýrikerfið
- Word ritvinnsla • Excel töflureiknir • Internetið og tölvupóstur
- PowerPoint við gerð kynningarefnis • Verkefni og æfingar

78 stundir - Verð: 69.000.-
Morgunnámskeið byrjar 11. sept.
kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI





**AMSTERDAM -** Verð frá **16.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 30.770 kr.
**LONDON -** Verð frá **16.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 28.080 kr.
**HELSINKI -** Verð frá **16.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 29.750 kr.
**BALTIMORE -** Verð frá **26.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 46.300 kr.

N1 býður nú safnkortshöfum sem eiga 3000 punkta eða fleiri að taka flugið til fjögurra áfangastaða Icelandair á frábæru verði. Þú greiðir aðeins frá 16.900 kr. og bætir við 3000 punktum. Þannig margfaldar þú virði punktanna þinna. Ekki missa af þessu einstaka tilboði. **N1 – Meira í leiðinni.**

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvað heitir ný framkvæmdastýra Jafnréttisstofu?*

*2 Hverja sigraði Liverpool 6-0 í ensku knattspyrnunni á laugardag?*

*3 Hvaða bandaríski þingmaður sagði af sér á laugardag í kjölfar kynlífshneykslis?*

SVÖR Á BLS. 34

Engin almenningssalerni eru á Hlemmi sem er gegn starfsleyfisskilyrði:

# Of mikið ónæði fyrir farþega

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það var bara ónæði af þessu og viðskiptavinir Strætó notuðu vart þessa aðstöðu vegna óþrifnaðar,“ segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó BS. Á Hlemmi eru engin almenningssalerni þrátt fyrir að það sé skylda samkvæmt starfsleyfisskilyrðum sem kveðið er á um í lögum um hollustuhætti.

Þegar Strætó lokaði aðstöðunni á sínum tíma kom fulltrúi frá Heilbrigðiseftirlitinu og óskaði eftir því að úr því yrði bætt, segir Reynir.

„Við vildum ekki opna klósettin aftur því við teljum þau valda farþegum meira ónæði en þægindum. Það var jafnvel þannig að fólk lá sofandi á gólfinu og þvoði líkamann úr vöskunum þarna,“ segir hann.

„Ég kannast við þetta mál,“ segir Rósa Magnúsdóttir, deildarstjóri hollustuháttadeildar Heilbrigðiseftirlitsins. „Við höfum ekki treyst okkur til að fara í þvingunaraðgerðir út af þessu þar sem reglugerðin um hollustuhætti er ekki nógu nákvæm.“

Í reglugerð um hollustuhætti er ekki minnst á samgöngumiðstöðvar beinum orðum og því telur Heilbrigðiseftirlitið að glufa sé í reglugerðinni.

„Við erum samt að skoða þessi mál og á ég von á því að við verðum í sambandi við stjórnendur Strætó varðandi lausn á þessu máli,“ segir Rósa. - aví



**HLEMMUR** Engin almenningssalerni eru inni á Hlemmi eins og reglur kveða á um. Fyrir utan er sjálfvirkt salerni á vegum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Bretar kalla herinn heim:

# Breska herliðið fer frá Basra

**ÍRAK, AP Breska ríkisútvarpið BBC skýrði frá því í gær að breska herliðið í Basra í Írak væri byrjað að yfirgefa borgina. Þegar brottflutningnum er lokið verða allir breskir hermenn farnir frá suðurhluta Íraks.**

**„Það hefur alltaf verið ætlun okkar að kalla hermenn okkar burt frá Basra þegar íraski herinn og lögreglusveitir væru orðnar færar um að hafa stjórn á ástandinu,“ sagði talsmaður Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands.**

**Um það bil 550 breskir hermenn, sem hafa verið í Basra, voru í gær að flytja sig yfir í herbúðir í útjaðri borgarinnar.** - gb

Talsmaður neytenda:

# Hefur fundað um FIT-kostnað

**NEYTENDUR Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, mun greina frá því í vikunni hver niðurstaðan varð úr viðræðum sínum og fulltrúa fjármálafyrirtækja um FIT-kostnað.**

**Gísli fundaði um málið með Guðjóni Rúnarssyni, framkvæmdastjóra banka og verðbréfafyrirtækja, og fulltrúum fimm banka. Í samtali við Vísi segist hann ekki vilja gefa upp að svo stöddu hver niðurstaðan varð, en að hann muni upplýsa um það á vef sínum í vikunni. Umræða um svokallaðan FIT-kostnað, sem bankar innheimta af viðskiptavinum fari þeir yfir á reikningi, fór á flug í sumar eftir að Gísli efaðist um réttmæti hans.** - sh



GÍSLI TRYGGVASON

Skipulagning póstútburðar til íbúa á Keilissvæðinu ekki frágengin:

# Ekki byrjað að bera út á Keili

**NEYTENDUR** Póstur er ekki borinn út til íbúa á háskólasvæði Keilis á Miðnesheiði. Í staðinn þurfa þeir að vitja hans á pósthúsi Íslandspósts í Reykjanesbæ.

Að sögn Ágústu Hrundar Steinarsdóttur, forstöðumanns markaðsdeildar Íslandspóst, er verið að leggja lokahönd á skipulag um póstútburð á svæðinu.

„Við kölluðum fyrir nokkru síðan eftir upplýsingum frá þeim sem standa að þessu svæði, um til dæmis íbúa og heimilisföng, sem við þurfum til að geta skipulagt dreifingu. Þær upplýsingar fengum við ekki fyrr en síðastliðinn föstudag en stefnum á að útburður hefjist á svæðinu 10. september.“

Einn viðmælandi Fréttablaðsins sem býr á Keilissvæðinu er ósáttur við að áður en hann flutti tilkynnti hann Íslandspósti um breytt heimilisfang og greiddi 990 krónur í áframsendingargjald, sem hann taldi tryggja að pósturinn yrði borinn heim að dyrum. Ágústa segir að sama sé upp á teningnum þar.

„Undir venjulegum kringumstæðum tryggir áframsendingargjald að pósturinn er borinn út á nýtt heimilisfang, en í þessu tilfelli er hann áframsendur á pósthúsið í Reykjanesbæ þar sem hann er afhentur viðtakendum. Ég vona að sá sem afgreiddi viðkomandi hafi útskýrt það. Það getur tekið fyrirtæki og stofnanir tíma að uppfæra upplýsingar um heimilisföng. Til að fá póstinn sem sendur er á gamla heimilisfangið áframsendan þarf að greiða fyrir það, annars er hann endursendur og það getur líka valdið fólki óþægindum.“ - bs



**KEILISSVÆÐIÐ** Íbúar verða að vitja pósts á pósthúsinu í Reykjanesbæ.

Dóms- og kirkjumálaráðherra:

# Nefnd um öryggismálaskóla

**ÖRYGGISMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að gera tillögur um uppbyggingu löggæslu- og öryggismálaskóla. Samkvæmt tilkynningu skal nefndin huga að því að starfsemi skólans fari fram í Keflavíkurstöðinni, enda sé þar húsnæði og aðbúnaður.

Formaður nefndarinnar er Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga. Aðrir nefndarmenn eru Hjálmar Árnason, forstöðumaður starfsgreinaháskóla á flugvallarsvæðinu við Keflavík, Sveinn Ingiberg Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, Guðbjörn Guðbjörnsson, formaður Tollvarðafélags Íslands, og Sigurjón Halldór Birgisson, formaður Fangavarðafélags Íslands. - sþs


capacent

MARKAÐSMÁL FYRIR STJÓRNENDUR

NÝTT NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Yfirgripsmikið nám þar sem þátttakendur öðlast þekkingu á lykilþáttum markaðsmála, allt frá mótun markaðsstefnu og stjórnun markaðsmála, yfir í markaðsrannsóknir, gerð markaðsáætlana, stjórnun viðskiptasambanda og þjónustustjórnun. Lögð er áhersla á hagnýta nálgun við efnið.

Námið skiptist í eftirfarandi hluta:

- Inngangur að markaðsfræðum.
- Stefnumótun og stjórnun markaðsmála.
- Að skapa sérstöðu á markaði.
- Markaðsrannsóknir.
- Þróun vöru og þjónustu.
- Innri markaðsmál fyrirtækja.
- Gerð markaðsáætlana og markaðssetning.
- Bein markaðssetning.
- Auglýsingar.
- Sölustjórnun.
- Sala og sölutækni.
- Stjórnun viðskiptatengsla.
- Kostun – stuðningur.
- Markaðssetning á Netinu.
- Alþjóðleg markaðssetning.
- Markaðsmál opinberra aðila.
- Starfsfólk, þjónusta, viðskiptavinir og árangur.
- Sérfræðiþjónusta – stjórnun og markaðssetning.

Námið hefst 19. september. Hægt er skrá sig í námið í heild sinni eða ákveðna hluta.
Heildarverð: 265.000 kr.

Hægt er að sækja um styrk hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.
Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is,
namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is

**„Í harðri samkeppni er það oft þjónustan sem veitir samkeppnisforskot.“**
Ása Karín Hólm Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent Ráðgjöf.




# LAGERSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR






Verðdæmi ►

PALLADINE

42" LCD flatskjár HD Ready
Verð áður 149.900 kr.
**Tilboðsverð 109.900 kr.**



Verðdæmi ►

SAMSUNG

SGH-760 farsími (bluetooth, 1,3 MP myndavél, Triband)
Verð áður 22.900 kr.
**Tilboðsverð 9.900 kr.**



Verðdæmi ►

CREATIVE

I-Trigue 200 tölvu-Mp3 hátalarar
Verð áður 8.900 kr.
**Tilboðsverð 2.990 kr.**



Verðdæmi ►

Skullcandy headset, margir litir
Verð áður 6.995-9.995
**Tilboðsverð 500-1.500 kr.**

## Lagersölunni Dalvegi 28 lýkur í dag.

*Ótrúlegt verð og mögnuð uppboð 4 sinnum á dag*

- Flatskjáir
- Magnarar
- Hátalarar
- Veggfestingar
- Sjónvarpsborð
- Farsímar
- Aukahlutir fyrir farsíma
- Talstöðvar
- Myndbandstökuvélar
- Mp3/Mp4 spilarar og aukahlutir
- Heyrnartól
- Vefmyndavélar
- Routerar

PIPAR • SÍA • 71620




**Dalvegi 28 / Opið í dag 12-18**

Hátækni



**SKÍRÐUR Í KALDRI Á** Prestur rétttrúnaðarkirkjunnar í Makedóníu lyftir ungum dreng upp úr ánni Matka skammt fyrir utan höfuðborgina, Skopje. Stráksi er hreint ekki ánægður með skírnarathöfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Svissnesku farsímafyrirtækin sem var úthlutuð tíðniheimild vegna GSM-kerfis:

# Hefja ekki þjónustu á þessu ári

**FJARSKIPTI** Hvorugt svissnesku símfyrirtækjanna sem fengu tíðniheimild vegna GSM-kerfis á Íslandi mun hefja þjónustu á þessu ári. Amitelo hyggst fara í gang með sína þjónustu í febrúar eða mars á næsta ári, og IceCell stefnir á að byrja með vorinu.

Fyrirtækin voru með bestu tilboðin í tíðniheimildirnar tvær sem voru í boði. Auk þeirra sóttu íslensku fyrirtækin Núll-Níu og IP fjarskipti um tíðniheimild, en fengu ekki. Stig voru gefin miðað við áætlaða útbreiðslu farsímakerfis hvers fyrirtækis, og voru svissnesku fyrirtækin efst.

Jan Malkus, áætlanastjóri Amitelo, segir undirbúning í fullum gangi en líklega verði fyrstu farsímarnir í þjónustu fyrirtækisins ekki settir undir jólatréð. „Fyrstu kynni er aldrei hægt að endurtaka, og ef við byrjum of smátt gætum við fengið á okkur slæmt orð,“ segir hann. „Við ætlum að gefa okkur einn til tvo mánuði eftir áramót til þess að prófa kerfið og koma því í gang.“



**GSM** Fyrirtækin áætla að ná um áttatíu prósenta útbreiðslu innan eins og hálfs árs frá útgáfu tíðniheimildar, og um 95 prósentum innan þriggja ára.

Andreas Fink, forstjóri IceCell, segir búið að koma upp skrifstofu fyrirtækisins á Íslandi og ráða starfsfólk. Nú taki við að setja upp senda og annan búnað, og ráða fleiri. „Við vonuðumst til þess að komast í gang um jólin en það gengur ekki að byrja of snemma. Við ætlum að hefja þjónustuna okkar næsta vor eða sumar.“ - sþs

Óhapp á leiksýningu:

# Brútus hitti ekki Sesar og stakk sig

**BANDARÍKIN Leikarinn sem lék hlutverk Brútusar í leikritinu um Júlíus Sesar Rómarkeisara stakk sjálfan sig í fótinn fyrir slysni á sýningu utandyra í Aspen í Bandaríkjunum á miðvikudag.**

**Leikarinn átti að stinga Sesar til bana, en stakk óvart sjálfan sig í fótinn. „Það var blóð úti um allt,“ sagði einn áhorfendanna. „Ég meina mikið, mikið blóð.“**

**Leikarinn lét óhappið ekki stöðva sig og kláraði einræðu sína um dauða Sesars. Að því loknu bað hann áhorfendur um að afsaka nokkurra mínútna hlé á meðan hann færi afsíðis og gerði að sárum sínum.** - sgj







# Lukkudýr SS á æskuárum

**Alex Kurzem, sem flutti til Ástralíu árið 1949, sagði hálfri öld síðar fjölskyldu sinni sannleikann um ótrúlega æsku sína. Sú saga er nú komin út á bók.**

**ÖRLÖG** Alex Kurzem kom til Ástralíu árið 1949, þá fimmtán ára gamall, með ekkert nema litla brúna skjalatösku í fórum sínum, en burðaðist með minningar þyngri en tárum tóku. Þeim hélt hann leyndum fyrir ástralskri konu sinni og börnum allt fram til ársins 1997.

Í fyrstu trúðu þau ekki sögu hans, en sonur hans einsetti sér að komast að hinu sanna. Fréttavefur BBC greinir frá því að þeir feðgar ferðuðust á æskuslóðir Kurzems í Hvíta-Rússlandi og Lettlandi. Ótrúlega sögu Kurzems sem gyðingadrengs, sem varð lukkudýr nasistahersveitar og lifði þannig af hið grimmilega stríð á austurvígstöðvunum, hefur sonurinn nú fest á bók.

Saga Alex Kurzem – sem reyndar fæddist sem Ilja Galperin samkvæmt því sem þeir feðgar komust að – hefst þar sem hann fyrst man eftir sér, þá fimm eða sex ára að aldri, í þorpi nærri Minsk í Hvíta-Rússlandi hinn 20. október 1941. Í kjölfar framrásar þýska hersins kom SS-sérsveit í þorpið með það verkefni að drepa alla íbúana, sem voru gyðingar. Að kvöldi dagsins sem allir karlmenn úr röðum þorpsbúa höfðu verið skotnir, sagði móðir Alex að morguninn eftir yrðu þau líka drepin. Um nóttina ákvað Alex litli að flýja, kvaddi móður sína og hljóp út í skóg. Um morguninn varð hann vitni að því ofan úr tré hvernig móðir hans, systir og litli bróðir voru skotin og grafin í fjöldagröf. Hann hafði þá í engin hús að venda og lifði í skóginum mánuðum saman, borðaði ber og sníkti sér brauðbita á bæjum.



**YNGSTI NASISTINN** „Lukkudýrið“ Alex Kurzem sést hér í SS-búningi í hópi liðsmanna lettnesku SS-sveitarinnar.

Eftir níu mánaða vergang var hann fenginn í hendur lögreglunni, sem var lettnesk. Þessi lettneska lögreglusveit varð síðar að SS-sérsveit sem tók meðal annars þátt í fjöldamorðum á gyðingum. Einn liðsmaður lögreglusveitarinnar komst að því að drengurinn var umskorinn gyðingur en ákvað af einhverjum óræðum ástæðum að halda hlífiskildi yfir honum og sagði félögum sínum að stráksi væri rússneskur munaðarleysingi. Þar hjálpaði honum „arískt“ útlit. Svo fór að drengurinn varð lukkudýr hersveitarinnar og fékk sérsniðinn SS-búning með byssu og ökklasíðum frakka. Hann var sýndur í þýskum stríðsfréttamyndum sem „yngsti nasisti Ríkisins“. Hann fylgdi hersveitinni hvert sem hún fór og varð vitni að voðaverkum hennar.

Árið 1944, þegar stríðslukkan var farin að snúast gegn Þjóðverjum, kom yfirmaður SS-sveitarinnar drengnum fyrir hjá lettneskri fjölskyldu og þannig lifði hann af stríðslokin. Og eins og áður segir flutti hann til Ástralíu árið 1949 og þagði eftir það í hálfa öld um ótrúlega æsku sína. audunn@frettabladid.is

Kríuvarp hefur verið með seinna móti í sumar:

# Ungarnir gætu lent illa í því

**NÁTTÚRA** Kríuungar á Íslandi eru í kapphlaupi við tímann um að verða nógu stæltir til að fljúga suður með haustinu, vegna síðbúins varps. Þetta segir sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.

„Ákveðna tegund sandsílis hefur skort í sumar og það bitnar á þeim fuglum sem byggja varp sitt á aðgengi að henni,“ segir Kristján Lilliendahl, sérfræðingur í sjófuglum. Hann segir að fæðuumhverfi sjófuglanna hafi lagast seinni hluta sumars, en það gæti hafa verið of seint.

„Í júlíbyrjun var krían að leggjast á egg, en það er mánuði seinna en venjulega,“ segir Kristján. „Þannig að maður spyr sig hvort unginn verði nægilega stæltur í haust. Hann hefur þá bara þrjár til fjórar vikur í mesta lagi til að verða fullburða og geta farið af landinu.“



**KRÍAN** Varpið hefur verið lélegt á Suður- og Vesturlandi að mati sérfræðings.

Kristján segir varp sjófugla hafa verið lélegt á Suður- og Vesturlandi á árinu, aðallega vegna skorts á fæðu. Annars staðar á landinu horfi betur við. - sgj

Stressaður köttur hjá lækni:

# Kettlingurinn komst í kókaínið

**ÁSTRALÍA Dýralæknar í Sydney í Ástralíu áttu í mestu erfiðleikum með að átta sig á því hvað hrjáði átta mánaða kettling sem hafði lokast inni í skáp yfir nótt. Þegar kisi komst út úr skápnum var hann með of hraðan hjartslátt, gekk einkennilega og var afar stressaður, að því er fram kemur í blaðinu Sydney Morning Herald.**

**Eigandinn viðurkenndi að lokum að kötturinn hefði hugsanlega sleikt leifar af kókaíni af diskum í skápnum, og fundu dýralæknar kókaín í blóði kettlingsins. Kisa varð ekki meint af og fór heim með eigandanum þegar hann fór að róast.** - bj

Ágreiningur um skilgreiningu á stærð skoðunarsvæða segir hvalasérfræðingur:

# Ekki veitt á svæðum hvalaskoðunarskipa

**NÁTTÚRA** „Samkvæmt okkar upplýsingum höfum við ekki veitt inni á þeim svæðum sem hvalaskoðunarskipin fara reglulega um. Síðan er auðvitað deilt um stærð þessara hvalaskoðunarsvæða,“ segir Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.

Í fréttatilkynningu frá Hvalaskoðunarsamtökum Íslands kemur fram að hrefnum hefur fækkað stórlega á þeim svæðum þar sem hvalaskoðun er stunduð. Einnig kemur fram að samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar hefur fjöldi dýra verið skotinn innan hvalaskoðunarsvæða þrátt fyrir loforð fyrrverandi sjávarútvegsráðherra um að það yrði ekki gert.

„Sum hvalaskoðunarskipin segjast fara reglulega yfir stærra svæði en raunin er samkvæmt okkar upplýsingum. Spurningin er um skilgreininguna á hvalaskoðunarsvæðunum,“ segir Gísli. Hann bendir á að í langflestum tilfellum hafi Hafrannsóknastofnun átt gott samstarf við hvalaskoðunarfyrirtækin og stofnunin vilji á engan hátt spilla fyrir þeim. - lbb



**GOTT SAMSTARF** Gísli Víkingsson segir Hafrannsóknastofnun í flestum tilfellum hafa átt gott samstarf við hvalaskoðunarfyrirtækin.



**RENNIBRAUTIN** Brautin er 76 metrar að lengd og talin sú lengsta hérlendis.

Börn í Norðfirði gleðjast:

# Hvergi lengri vatnsrennibraut

**NORÐFJÖRÐUR** Lengsta vatnsrennibraut Íslands er að verða tilbúin eftir því sem fram kemur á fréttasíðunni austurlandid.is.

Brautin er 76 metrar og er tilgangur hennar að vera börnum í Neskaupstað og í nágrenni til ánægju. Eftir því sem Freysteinn Bjarnason, framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað, segir er brautin gjöf frá félaginu. „Ég veit nú ekki hvort hún er sú lengsta þótt því sé haldið fram,“ segir Freysteinn og hlær. „Það stóð aldrei til að slá nein met heldur bara ákveðið að gefa veglegar rennibrautir,“ segir Freysteinn.

Mikinn dælubúnað þarf til þess að knýja brautina og hefur honum hefur verið komið fyrir í tæknirými sundlaugarinnar. - kdk

Innflutningur landbúnaðarvara:

# SS telur þörf á hagræðingu

**VIÐSKIPTI Forsvarsmenn Sláturfélags Suðurlands telja að samfara tollalækkunum muni innflutningur á landbúnaðarvörum aukast á næstu árum. Því verði félagið, sem og önnur afurðafyrirtæki, að ná fram frekari hagræðingu í rekstri til að takast á við aukna erlenda samkeppni.**

**SS var rekið með tæplega 122 milljóna króna hagnaði á fyrri hluta ársins samanborið við 47 milljóna króna tap fyrir sama tímabil í fyrra. Rekstrartekjur SS námu 2.545 milljónum króna sem var 12,7 prósenta aukning.**

**Mikil breyting varð á fjármagnsliðum félagsins sem voru jákvæðir um níu milljónir króna en neikvæðir á sama tíma í fyrra um 142 milljónir króna.** - eþa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Óku ölvaðir um morgun

Fimm manns voru teknir ölvaðir undir stýri í gærmorgun og fram undir hádegi. Varðstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir að þetta sé óvenjumikill fjöldi á þessum tíma dags.

## FJARSKIPTI

### 118 bregst við misnotkun

Vegna umræðu um misnotkun á þjónustu upplýsinganúmersins 118 hafa Síminn og fyrirtækið Já tekið fyrir að símar, læstir fyrir farsímasímtölum, fái áframtengingu í farsíma í gegnum 118.


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8229

# Veldu þér vinnufélaga

Vinnubílalína Volkswagen er ótrúlega fjölbreytt og kemur til móts við ólíklegustu þarfir. Allar gerðirnar er líka hægt að fá í ótal útgáfum svo þú finnur örugglega rétta bílinn fyrir þig. Allir eiga þeir þó sameiginlegt að vera frábærlega hannaðir, endingargóðir, öflugir og öruggir.

Ef þig vantar vinnubíl og vilt bara fara á einn stað er HEKLA staðurinn.

**Volkswagen vinnubílar eru grænir**

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

Atvinnubílar

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

## „ORÐRÉTT“

### Hælbítar alls staðar

**„Hælbítar eru ekki séríslenzkt fyrirbæri, því stærri sem listamaður er, þeim mun fleiri óvildarmenn á hann.“**

KRISTJÁN JÓHANNSSON ÓPERUSÖNGVARI
**Morgunblaðið 1. september**

### Gott heim að sækja

**„Þetta er eitthvað það gestrisnasta og yndislegasta fólk sem ég hef kynnst.“**

KARL JÚLÍUSSON LEIKMYNDAHÖNNUÐUR UM DVÖL SÍNA Í JÓRDANÍU
**Fréttablaðið 1. september**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BIRGITTA HAUKDAL SÖNGKONA

## Tekur þátt í spurningakeppni RÚV



„Það er nú bara fínt að frétta, þakka þér fyrir,“ segir Birgitta Haukdal, fyrrverandi söngkona Írafárs, sem hefur oftar upp á síðkastið sést á sviði með Stuðmönnum. Þó var hún hvergi til staðar þegar Stuðmenn héldu mjög umdeilda raftónleika á Laugardalsvellinum.

„Ég var að koma heim frá Krít þar sem ég dvaldi í tíu daga og samdi texta fyrir nýju plötuna mína. Mér finnst mjög þægilegt að fara til útlanda þegar ég er að semja. Þá næ ég að loka mig frá öllu og auðveldara með að einbeita mér.

Ég verð næstu mánuði að vinna í plötunni. Hún kemur út fyrir jól og inniheldur ný og frumsamin lög.

Svo er ég nýlega byrjuð í söngskóla í Danmörku. Ég flýg þangað einu sinni í mánuði og er í fjóra daga í einu.

Ásamt því að vinna að plötunni í haust verð ég eitthvað að syngja með Stuðmönnum og í brúðkaupum. Ég syng í sex brúðkaupum á næstu sex vikum þannig að brúðkaupsvertíðin er ekki yfirstaðin.

Svo var ég rétt í þessu að ljúka símtali þar sem ég var beðin um að taka þátt í spurningakeppni RÚV á milli sveitarfélaga. Þar mun ég keppa fyrir hönd hins sameinaða sveitarfélags Norðurþing,“ segir Birgitta.

## TALIBANAR
### NEMENDUR Á PERSNESKU



■ Orðið Taliban er persneskt og merkir nemandi. Talibanar eru íslömsk öfgasamtök sem stofnuð voru árið 1994 af Muhammad Omar. Félagar samtakanna hlutu herþjálfun í Pakistan og náðu þeir borginni Kandahar í Afganistan á sitt vald árið 1994. Tveimur árum síðar stjórnuðu þeir höfuðborg Afganistan, Kabúl. Um leið og þeir tóku völdin lýstu þeir yfir að íslömsk lög hefðu tekið gildi. Konur máttu ekki mennta sig eða vera í launaðri vinnu og sakamenn voru aflífaðir eða limlestir.

## SJÓNARHÓLL
### OFBELDI Í ÍÞRÓTTUM

## Hefur ekki aukist



**EINAR ÞORSTEINSSON**
Fréttamaður

„Ég held að ofbeldi í íþróttum hafi ekkert aukist. Umtalið um þetta atvik með þennan Davíð Smára, sem ég hélt nú að væri söngvari í Idol-keppninni, sýnir bara hvað fólk hefur gaman af kjánalegum fréttum,“ segir Einar Þorsteinsson, fréttamaður hjá fréttastofu Útvarpsins.

Athygli vakti þegar Davíð Smári, markvörður utandeildarliðs í knattspyrnu, réðst að dómara eftir leik liðs síns og rifbeinsbraut hann.

„Ég hef ekki áður heyrt um neinn sem hefur rifið húfu af knattspyrnudómara og brugðið síðan fyrir hann fæti þannig að dómarinn rifbeinsbrotnar. Þetta hljómar reyndar dálítið eins og furðusaga úr frímínútum í Kársnesskólanum í gamla daga. Umræða um þessi mál fór reyndar aðeins af stað síðasta sumar og var þá bundin við utandeildina. Ég held að þessu sé þannig farið líka núna. Það er kannski ástæða fyrir því að þessir snillingar í utandeildinni eru ekki að spila í úrvalsdeildinni.“

# Stórbrotið landslag íslenskra vita

**Suomen Majakkaseura, eða Finnska vitafélagið, heita fjögurra ára gömul samtök. Þrjátíu og átta manna hópur ferðaðist nýlega um landið á sjö dögum undir stjórn Pekka Väisänen, formanni samtakanna. Þau kynntu sér vita á Íslandi.**

„Ég hef lengi vitað um vitana á Íslandi. Ég var svo heppinn að komast í samband við Friðrik Örn Hjaltested ljósmyndara sem er sérlegur áhugamaður um vita og hefur ferðast víða um land og myndað þá. Hann var góður leiðsögumaður og hjálpaði hópnum mikið,“ segir Pekka Väisänen, formaður samtakanna. „Okkur fannst Ísland tilvalið land að heimsækja því við vildum fara hringferð um eyju. Við höfðum sjö daga til stefnu en fólk varaði okkur við og sagði að það væri varla hægt að fara hringinn á sjö dögum og gera það sem við ætluðum að gera.“

Verkefnið gekk þó upp og Pekka fór ásamt hópnum hringinn í kringum Ísland. Þau skoðuðu yfir þrjátíu vita og þar af kynntu þau sér tíu þessara vita nánar með því að fara inn í þá og fræðast um sögu þeirra. Samtökin hafa hingað til aðeins ferðast um Finnland og Eystrasaltslöndin. „Ísland er fullkominn staður til að skoða vita. Þeir eru mjög fallegir og landslagið í kringum þá er stórbrotið og mjög ólíkt því sem er í Finnlandi. Þar er landslagið flatt en hér eru fjöll og landslagið mjög dramatískt. Landslagið er reyndar ekki bara stórbrotið í kringum vitana heldur í raun hvar sem er.“

Pekka segir hópinn hafa verið mjög ánægðan með ferðina og hún hafi gengið vel. Hann gerir þó eina athugasemd. „Ég verð að segja að verðlagið á Íslandi er ansi hátt en við gistum aðallega í svefnpokaplássum og það var fínt. Núna verð ég víst að koma með nýja hópa á hverju ári. Og það ætla ég að gera svo lengi sem ég er svo heppinn að njóta góðs af samböndum við menn eins og Friðrik Örn.“ **larab@frettabladid.is**



**VIÐ DYRHÓLAEYJARVITA** Hluti hópsins stillti sér upp fyrir framan vitann. Hópurinn skoðaði yfir þrjátíu vita í ferð sinni um Ísland.
MYNDIR/FRIÐRIK ÖRN



**Á TOPPI GARÐSKAGAVITA**
„Ísland er fullkominn staður til að skoða vita,“ segir Pekka Väisänen, formaður Finnska vitafélagsins.




Leyndarmálið að baki búningi Köngulóarmannsins er komið í ljós:

# Klifurbúningur með gekkó-tækni

Búningur Köngulóarmannsins, sem gerir honum kleift að klífa veggi og hanga úr loftinu, gæti einn daginn orðið að veruleika. Vísindamenn við Tækniháskólann í Torino hafa komist að því hvers vegna gekkó-eðlur loða við yfirborð, og standa vonir til þess að hægt sé að nýta sams konar tækni í búning sem manneskja gæti klæðst. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Á fótum gekkóa eru milljarðar örsmárra hára sem fylgja ákveðinni uppröðun. Rannsóknir hafa leitt í ljós að kraftar sem verka á milli óskautaðra sameinda í hárunum annars vegar og yfirborðinu hins vegar, kallaðir Van der Waals-kraftar, gera það að verkum að dýrið getur hlaupið upp veggi og hangið neðan úr glerþaki.

Vandamálið við að yfirfæra þessa tækni á mannfólkið felst í stærðinni, en hanski með svipaða hárauppbyggingu á yfirborðinu og fótur gekkóa myndi ekki tolla nærri því jafn vel á vegg eða þaki. Til þess að hægt sé að þróa slíkan búnað þarf að magna Van der Waals-kraftana milli háranna og yfirborðsins töluvert, og beinast kraftar vísindamannanna nú að því. Takist það er mögulegt að gera búning sem sæmir Köngulóarmanninum. - sþs



**KÖNGULÓARMAÐURINN** Gekkó-eðlan loðir við yfirborð með milljörðum örsmárra hára á líkamanum. Mögulegt er að hægt sé að nota sömu tækni í búning fyrir menn.



**GRÆNFÁNINN** Börnin á Hálsakoti stilltu sér stolt upp við hlið fánans í gær ásamt Jónínu Bjarnadóttur, verkefnastjóra Grænfánans, og Ingu Dóru Jónsdóttur leikskólastjóra.

Leikskólinn Hálsakot:

## Hlýtur Grænfánann aftur

Leikskólinn Hálsakot hlaut umhverfisviðurkenninguna Grænfánann í annað sinn í gær. Hálsakot hlaut viðurkenninguna fyrst á 20 ára afmæli leikskólans 2. maí árið 2005.

Grænfáninn er alþjóðlegt verkefni á vegum Landverndar. Markmið verkefnisins er meðal annars að auka umhverfismennt, styrkja umhverfisstefnu í skólum, efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu og tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning. - lbb





Fágun og öryggi

Aðalsmerki E-Class eru fágun, þægindi og öryggi sem hefur tryggt honum betri einkunnir í akstursprófum en dæmi eru um. E-Class státar nú af háþróuðu stöðugleikakerfi og skynvæddum ljósabúnaði (Intelligent Light System) sem veitir þér tvöfalt betri sýn fram á veginn. Það er í takt við það sem Mercedes-Benz hefur alltaf haft að leiðarljósi, að vera skrefi á undan.

Bjóðum nú E200 K frá 4.390.000 kr.*

* Beinskiptur með Íslandspakka. Gengi miðast við ágúst 2007.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.





Kennsla hefst 10. september

Innritun og upplýsingar í síma 561 5620 frá kl. 12-17.

www.schballett.is

BALLETTSKÓLI Eddu Scheving

Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

## Svona erum við

> Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING: ÓSKRÁÐIR STARFSMENN FRÁ NÝJU EVRÓPUSAMBANDSRÍKJUNUM ÁTTA**

# *Rúmlega tvö þúsund óskráðir starfsmenn*

Í síðustu viku var mikið rætt um verkamenn frá nýju Evrópusambandsríkjunum átta sem starfa hér á landi án þess að vera skráðir hjá Vinnumálastofnun.

**Í hverju felst skráning?**
Atvinnurekandi sem ræður til sín starfsmann frá einu af löndunum skal tilkynna Vinnumálastofnun það innan tíu daga. Í tilkynningunni á íslensk kennitala starfsmannsins meðal annars að koma fram. Einnig ber að skila ráðningarsamningi starfsmannsins og á hann að tryggja honum laun og önnur starfskjör sem eru í samræmi við íslensk lög og kjarasamninga. Vinnumálastofnun heldur skrá yfir þessa erlendu starfsmenn en ef starfsmennirnir eru óskráðir koma þeir hvergi fram í gögnum stofnunarinnar.



**Hversu margir eru óskráðir?**
Fjöldi þeirra starfsmanna sem eru óskráðir hér á landi er fundinn út með því að athuga hvort búið sé að skrá alla þá starfsmenn sem hafa sótt um íslenska kennitölu. Erlendur starfsmaður getur því haft íslenska kennitölu án þess að vera skráður hjá Vinnumálastofnun. Um 2.100 starfsmenn frá löndunum átta eru nú óskráðir hér á landi en í júní voru þeir rúmlega 1.800. Talið er að um það bil tíu þúsund ríkisborgarar frá löndunum vinni hér á landi. Um það bil fimmtungur af öllum þeim óskráðu erlendu ríkisborgurum sem starfa hér á landi eru því óskráðir.

**Hvorki kennitala né skráning?**
Það getur líka gerst að erlendur starfsmaður hafi hvorki kennitölu né hafi verið skráður hjá Vinnumálastofnun. Þá er það ekki gefið að til séu upplýsingar sem sýni fram á að starfsmaðurinn sé við vinnu hér á landi. Þess vegna er erfitt að komast að því hversu margir óskráðir starfsmenn séu við vinnu hér á landi. Hvort sem skella má skuldinni fyrir þessu lélega eftirliti á Vinnumálastofnun eða ekki þá fyrirskipaði Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra Ríkisendurskoðun að gera stjórnsýsluúttekt á stofnuninni í síðustu viku.

**SPURT & SVARAÐ**
**BUSAVÍGSLUR**

## *Hafa þróast á jákvæðan hátt*

Busavígslur eru hafnar í framhaldsskólum landsins og fara fram næstu vikurnar. Margrét Friðriksdóttir er skólameistari Menntaskólans í Kópavogi.


**MARGRÉT FRIÐRIKSDÓTTIR**
Skólameistari MK.

**Hvernig fara busavígslurnar fram?**
Nýnemar eru látnir leysa hinar ýmsu þrautir á busadegi og eru vígðir inn í samfélag eldri nema með einhverjum drykk. Uppistaðan í drykknum er yfirleitt mysa.

**Hvað má og hvað má ekki?**
Það má að sjálfsögðu ekki beita ofbeldi og við reynum að hvetja okkar nemendur til þess að hafa markmiðið ekki að niðurlægja nýja nemendur, heldur bjóða þá velkomna í skólann.

**Hafið þið heyrt óánægjuraddir vegna þessarar hefðar?**
Nei, það er nefnilega svo skrítið. Það er frekar að nýnemar haldi að þetta sé eitthvað verra eða ógurlegra en það er í raun. Sem betur fer hefur þetta þróast á jákvæðan hátt, en fyrir tíu árum þekktist ofbeldi í þessum busavígslum. Mér finnst svona viðburður sjálfsagður, en hann mætti vera enn jákvæðari en hann er og að því er stefnt í flestum skólum.






# Aukin framleiðni tvíeggjað sverð

**Aukin framleiðni er markmið flestra fyrirtækja, í sjávarútvegi jafnt sem öðrum greinum. Það má hins vegar setja spurningarmerki við hvort aukin framleiðni í sjávarútvegi sé heppileg eða ekki, út frá sjónarmiði bæjarfélaga sem byggja afkomu sína á fiskveiðum.**




Framleiðniaukning í sjávarútvegi hefur verið staðreynd á undanförnum árum. Hún hefur meðal annars lýst sér í því að störfum í sjávarútvegi hefur fækkað, og vélar tekið við. Sveinn Agnarsson, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, hefur rannsakað byggðaþróun og samband hennar við fiskveiðar. Hann fjallaði um niðurstöður sínar á málþingi Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál, sem fór fram í Háskóla Íslands fyrir helgi.

„Fyrir marga smáa staði þar sem vinnumarkaðurinn er takmarkaður getur framleiðni og framleiðnivöxtur verið tvíeggjað sverð," segir Sveinn. Vitað sé að framleiðni hafi vaxið á undanförnum árum, og slík aukning sé forsenda fyrir því að laun starfsfólks geti hækkað. Þess vegna sé nauðsynlegt að framleiðni í sjávarútvegi sé hliðstæð við það sem gerist í öðrum greinum til að fyrirtæki í sjávarútvegi verði samkeppnishæf um vinnuafl.

**Atvinnuleysi eða láglaunasvæði**
Bætt framleiðni þýðir í grundvallaratriðum að færri hendur þarf til að vinna sama magn afla. Þar með fækkar störfum og starfsfólk missir vinnu tengda sjávarútvegi. Á þeim svæðum á landinu þar sem erfitt er að fá aðra vinnu hlýtur niðurstaðan að verða sú að fólk flytjist á brott, tímabundið eða fyrir fullt og allt, segir Sveinn. Minni framleiðni þýðir hins vegar erfiðleika hjá fyrirtækjum við að fá fólk til starfa, og lág laun í greininni. Sveinn bendir á að almennt séð vilji fólk ekki búa á láglaunasvæðum, og flytjist því burt. Þetta sé afar erfið staða fyrir staði með vinnumarkað sem byggist fyrst og fremst í kringum sjávarútveg.

Þróunin hefur orðið sú á undanförnum árum og áratugum að til hafa orðið þrír sterkir kjarnar: höfuðborgarsvæðið, Akureyri og Fjarðabyggð. „Þeir staðir sem ég held að sé ástæða til að hafa hvað mestar áhyggjur af í framtíðinni eru þeir staðir sem lenda á milli áhrifasvæða; Norðurland vestra, Vestfirðir; Norðausturland, Suðausturland og Vestmannaeyjar," sagði Sveinn.

## SÍFELLT LÆGRA HLUTFALL UNNIÐ Í LANDI

Böndin milli veiða og vinnslu hafa verið að trosna á undanförnum árum, sem birtist í aukinni sjófrystingu, auknum útflutningi með gámum og flugi, og tilkomu fiskmarkaða, segir Sveinn Agnarsson. Einnig séu samgöngur betri, sem auðveldi flutning á afla milli staða alveg eins og flutning úr landi. Nú verði það sífellt mikilvægara fyrir fiskverkanda að vera nálægt útflutningshöfn eða flugvelli.

Á síðasta ári var rétt innan við helmingur alls botnfiskafla sem veiddur var við landið verkaður í landi, samanborið við um tvo þriðju hluta aflans árið 1992. „Þetta er miklu meiri skýring á því af hverju sumir staðir eiga undir högg að sækja heldur en kvótakerfið, þetta er höfuðskýringin," segir Sveinn.


SVEINN AGNARSSON

Sveinn hefur borið breytingar á mannfjölda saman við annars vegar magn botnfiskafla sem landað er í ákveðnum bæjarfélögum, og hins vegar magn afla sem unnið er þar. Hann segir ekki sjáanleg tengsl á milli aukningar eða samdráttar í lönduðum afla og fólksfækkun.

„Ég held að það skipti miklu meira máli hvar aflinn er unninn heldur en hvar honum er landað. Kvótakerfið byggist á því að kvótaheimildir flytjist á milli staða. Það segir hins vegar ekkert um það hvar aflinn er unninn," segir Sveinn. Hann setur þó ákveðinn fyrirvara við niðurstöður sínar, þar sem þær byggja á samanburði milli einstakra ára, 1998 og 2006, rannsaka þurfi fleiri ár til að styrkja niðurstöðuna.

**Óttast um framtíð Ísafjarðar**
Vegna þessara tengsla samdráttar í landvinnslu og íbúafækkunar segir Sveinn til dæmis fulla ástæðu til þess að óttast um framtíð Ísafjarðar. Þótt vinnsla sé í sameinuðu sveitarfélagi, nánar tiltekið á Flateyri og Hnífsdal, hafi fiskvinnsla í bæjarkjarnanum Ísafirði horfið á undanförnum árum.

„Ég hef töluverðar áhyggjur af því að Ísafirði geti hnignað töluvert. Það er slæmt, því Ísafjörður er höfuðstaður Vestfjarða og það er óheppilegt að hann veikist mikið," segir Sveinn.

Milli áranna 1998 og 2006 hefur íbúum á Ísafirði fækkað um 213, og samdráttur var í lönduðum botnfiskafla upp á rúmlega 5.700 tonn. Alvarlegra þykir Sveini þó að vinnsla dróst saman um tæplega 19 þúsund tonn, sem er fimm sinnum meira en samanlagður samdráttur í öllum öðrum þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum þar sem vinnsla hefur dregist saman.

### HLUTFALL BOTNFISKS SEM EKKI VAR VERKAÐUR Í LANDI



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS


FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is




Size Communication

**Tæknin sem leggur grunninn að framtíðinni.**

Sameiginleg verkþekking manna og kvenna sem vinna að sameiginlegu markmiði gerir tæknilega framþróun mögulega.
Á www.doosaninfracore.com getur þú aflað þér upplýsinga um breiða línu Doosan vinnuvéla.
**Doosan Infracore** byggir framtíðina á 111 ára reynslu.
*"Power Up for Tomorrow"*



DOOSAN

Doosan Infracore
Construction Equipment

www.doosaneurope.com

**H.A.G. ehf - Taekjasala** • Smiðshöfða 14, 110 Reykjavík • Sími: 5672520, Fax: 5678025 • www.hagtaekjasala.is • hag@hagtaekjasala.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Brotthvarf reyndra manna úr lögreglunni er mikið áhyggjuefni.

# Dómsmála-ráðherra á leik

JÓN KALDAL SKRIFAR

Án starfsmanna erum við ekki neitt,“ sagði Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, við Fréttablaðið á fimmtudag. Tilefni ummælanna var mikið brotthvarf reyndra lögreglumanna úr liði lögreglustjóra á síðustu mánuðum og fyrirséðir erfiðleikir við að fylla skörð þeirra.

Lögreglustjórinn benti jafnframt á hin augljósu viðbrögð við þessari alvarlegu stöðu; hið opinbera hlyti að þurfa að velta fyrir sér að fara í „launalagfæringar áður en samningstímabilinu líkur,“ sagði hann.

Varpaði lögreglustjóri þar með boltanum yfir í Skuggasund en þar situr Björn Bjarnason ráðherra dómsmála, sem hlýtur að axla ábyrgð á því að reka málið innan ríkisstjórnar og gagnvart fjármálaráðherra.

Fáir geta efast um að kjör lögreglumanna verða að batna. Þeir hafa sannarlega setið eftir og laun þeirra eru nú umtalsvert lægri en laun fangavarða og tollvarða, sem sinna skyldum störfum.

Um helgina skrifuðu tveir borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Dagur B. Eggertsson og Oddný Sturludóttir, grein í Morgunblaðið um reynslu sína af næturvakt með lögreglumönnum að störfum í miðborginni að helgi til. Voru borgarfulltrúarnir með í tilraunaför gönguhóps lögreglumanna og gekk tilraunin út á að reyna áhrif sýnilegrar löggæslu. Þau voru auðvitað mjög góð, eins og við var að búast. Önnur niðurstaða næturinnar var mun merkilegri, þó að hún hafi alls ekki komið á óvart heldur. Dagur og Oddný komust sem sagt að því að fyrir tuttugu árum voru að jafnaði yfir tuttugu lögregluþjónar á slíkum gönguvöktum í miðbænum um helgar. Það er seinni tíma uppfinning lögregluyfirvalda að halda að löggæsla og forvarnir vinnist betur út um bílrúður og af skjám eftirlitsmyndavéla en með fótgangandi mönnum.

Góðu heilli er það sjónarmið á undanhaldi. En til þess að lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins geti unnið vinnuna sína og eflt sýnilega löggæslu þarf hann mannskap. Í þeim efnum verður hann að fá liðsstyrk dómsmálaráðherra, sem sannarlega hefur reynst lögreglumönnum haukur í horni hingað til þótt hann hafi lítið tjáð sig um þá alvarlegu kreppu sem blasir við vegna fækkunar í lögregluliðinu.

Dómsmálaráðherra hefur verið gagnrýndur fyrir að hafa meiri áhuga á greiningardeildum og vopnaðri sérsveit en hefðbundnum daglegum störfum lögreglunnar. Taka má undir þetta án þess þó að á neinn hátt sé þar með dregið úr mikilvægi fyrrnefndra óhefðbundnari þátta löggæslunnar. Þar hefur Björn Bjarnason vissulega sýnt mikla framsýni og forystu sem dómsmálaráðherra.

Nú er hins vegar kominn tími til að dómsmálaráðherra taki af sömu röggsemi á vandræðum lögreglunnar við að sinna hversdagslegri störfum.

Í því samhengi má gjarnan rifja upp hvernig Steinunn Valdís Óskarsdóttir tók af skarið sem borgarstjóri og gekkst fyrir að laun ófaglærðra leiðbeinenda í leikskólum voru hækkuð verulega með kjarasamningum, og síðar leikskólakennara utan kjarasamninga, einmitt þegar leikskólar borgarinnar stóðu frammi fyrir álíka vanda við að manna stöður og lögreglan nú.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Göngum út

Það gerðist á frumsýningu hjá Leikfélagi Reykjavíkur í liðinni viku að nokkrir frumsýningargestir gengu út í hléi. Venjulega er hátíðarbragur á slíkum samkomum þannig að hraustustu menn neita að láta á því bera en því var ekki fyrir að fara: fastir frumsýningargestir til áratuga fóru og sögðust of gamlir fyrir svona gaman.

Nú er ekkert að því að fólk brjóti vana og gamla hefð, noti hléið til að koma sér burtu ef því leiðist átakanlega eða er ofboðið. Það er tillit við náungann og kurteisi að ganga ekki út af leiksýningum eða tónleikum. Er það ekki þrátt fyrir allt fullur réttur þess sem greitt hefur fyrir gamanið eða dramað ef honum líkar ekki?



### Mikið um að vera

Forlagið spratt úr Iðunni, rann svo inn í Mál og menningu sem gekk svo saman við Vöku-Helgafell og úr varð Edda og fékk í arf AB. Nú er Forlagið aftur komið undir stjórn Jóhanns Páls, AB eftir í Eddu með Andrési önd og Galdrastelpunum. Jóhann Páll með pálmann í höndunum, enda við það að koma nýrri Biblíuþýðingu út. Ætli hún komi út á forlagi Heimskringlu eins og fleiri trúarrit: Úrvalsrit Marx og Engels, Ritgerðir Maós og Ritsafn Leníns? Eða á forlagi Máls og menningar eins og Kóraninn?

### Komdu í Keflavík

Nei, fyrirgefið Reykjanesbæ. Ljósanótt tókst með afburðum vel. Aðsókn mikil og góð og fór fram án ryskinga og láta sem þó hefur verið fréttnæmt helgarefni af búllum þar suður frá um langt skeið. Skemmtilegur er sá siður þeirra Suðurnesjamanna að fara í flokkum um götur og lesa húsin, göngumönnum til fróðleiks og skemmtunar. pbb@frettabladid.is

# Eru vegir Vegagerðarinnar órannsakanlegir?



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Vegagerðin

Með hæfilegri hótfyndni mætti kannski halda því fram að ef Grímseyjarferjumálið sýni eitthvað þá sé það að of mikil framlög af sameiginlegum sjóðum landsmanna renni til samgöngumála: úr því að Vegagerðin geti með atbeina fjármálaráðuneytis fyrirhafnarlítið fært fé milli verkefna til að standa straum af ævintýralega vitlausum ákvörðunum sem teknar voru kringum kaup og endursmíði þessa farkosts – þá hljóti þeir að gera það í trausti þess að nóg sé til frammi. (Meðal annarra orða: þessar ákvarðanir sem teknar voru þvert gegn ráðleggingum og forsendum allra sérfræðinga og embættismanna – ætlar enginn að axla ábyrgð á þeim? Er nokkuð verið að bíða eftir því að Þórólfur Árnason taki þetta líka á sig?)

Samgöngur skipta vissulega miklu máli hér á Íslandi og vegabætur víða um land með brýnustu verkefnum samfélagsins – styrkja innviði, stytta leiðir, skapa atvinnu – en það er ekki sama hvernig að vegagerðinni er staðið. Krafa tímans er að náttúrunni sé hlíft og ráðgast við náttúrufræðinga. Öll munum við síðustu vegagerðarafrek Gunnars Birgissonar í Heiðmörkinni og hversu þau juku á hróður Kópavogs. En teknókratarnir ætla seint að læra. Nú eru fyrirhugaðir vegir tveir þar sem verkfræðingarnir fá að vaða áfram blindaðir af bílisma.

Í Álafoss-kvosinni í Mosó mun fyrirhuguð vegalagning ekki bara rista sár í landið heldur sjálft samfélagið – vegagerðin gerir ekki gagnvegi milli vina heldur sundrar þeim og sveitungar komnir í hár saman. Í stað þess að gleðjast yfir því að Sigur Rós starfi í kvosinni sem öðlast fyrir vikið alþjóðlegt mikilvægi – þá er eins og kergja sé í bæjaryfirvöldum gagnvart hljómsveitinni, og umfram allt virðast þau uppfull af úreltum hugmyndum þar sem lífsgæði eru mæld í vegafjölda.

Ennþá ískyggilegri virðast þó áform Vegagerðarinnar um hinn nýja Gjábakkaveg þar sem stefnt er að stórfelldri umferð með 90 kílómetra hámarkshraða við Þingvallavatn (sem þýðir yfir hundrað) með tilheyrandi þungaflutningum. Sérstaka athygli vekja þau forneskjulegu sjónarmið sem virðast ráða ferðinni hjá Vegagerðinni þegar kemur að því að hlusta á varnaðarorð alla helstu vatnalíffræðinga landsins um ófyrirséðar afleiðingar vegagerðarinnar á lífríki vatnsins. Þar er í fararbroddi Pétur M. Jónasson, helsti sérfræðingur í heimi um lífríki Þingvallavatns, en auk hans hafa mótmælt þessum vegi prófessorarnir og doktorarnir Gísli Már Gíslason, Arnþór Garðarson og Sigurður Snorrason, auk Skúla Skúlasonar á Hólum og fjölda annarra virtra vísindamanna.

Ekki verður betur séð en að þessir vísindamenn séu vegnir og léttvægir fundnir, nánast eins og kverúlantar, af framkvæmdastjóra Vegagerðarinnar, Jóni Helgasyni, sem mun þó ekki kunnur fyrir þekkingu sína á lífríki Þingvallavatns. Í Fréttablaðinu hinn 29. ágúst síðastliðinn segir í frétt um málið: „Jón Helgason, framkvæmdastjóri Vegagerðarinnar, segist hafa vitað af því að fjöldi líffræðinga sendi umhverfisráðherra mótmæli vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Hann segir að öllum hagsmunaaðilum hafi verið svarað vegna málsins en ekki sé hægt að svara öllum þeim sem hafa álit á málinu.“

Þetta virkar á mann eins og útmæld móðgun í garð þessara sérfræðinga í lífríki Þingvallavatns. Þeir sem tala máli náttúrunnar á svæðinu – og eru að auki menn sem vegna áralangra rannsókna sinna og þekkingar eiga að vita gerst um það sem kann að gerast í Þingvallavatni við fyrirhugaða vegalagningu – eru að mati Jóns Helgasonar bara einhverjir menn „sem hafa álit á málinu“, eins og hverjir aðrir viðmælendur símatíma útvarpsstöðvanna eða pistlahöfundar dagblaðanna sem ekki tekur því að ansa. Menn sem í krafti sérþekkingar tala máli náttúrunnar á svæðinu eru fólk útí bæ en ekki „hagsmunaaðilar“.

Þegar kemur að vegalagningu við eina af náttúruperlum heims á að fara í berhögg við álit helstu vatnalíffræðinga landsins.

Fyrrum umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, kvað upp þann æði framsóknarlegan úrskurð að mengunin sem af hlytist skyldi mæld fimm árum eftir að skaðinn væri skeður: brunnurinn sem sagt byrgður þegar barnið væri örugglega drukknað. Nú er hins vegar kominn umhverfisráðherra sem lítur öðruvísi á hlutverk sitt og ætti að vera í lófa lagið að snúa úrskurðinum við. Því að hafi verkfræðingunum tekist að koma í gegn ákvörðunum um veg við Þingvallavatn án þess að sérfræðingar í lífríki Þingvallavatns hafi komið þar nærri – þá er sú ákvörðun augljóslega ekki réttlega tekin. Svo myndu líka peningar sparast fyrir Grímseyjarferjunni.

# Gott hjá Össuri

UMRÆÐAN

Vatnalög



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Djúpstæðustu átök undanfarna áratugi eru átökin um eignarhald á auðlindum til lands og sjávar. Afdrifaríkar ákvarðanir hafa verið teknar, til dæmis kvótalögin sem allir þekkja og ýmis önnur lög af sama meiði, sem eru síður kunn þótt þau eigi eftir að hafa áhrif á skiptingu gæðanna ekki síður en kvótalögin. Lögin um Rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu frá 1998 eru þannig einhver skelfilegustu lög síðari tíma en með þeim var eignarhald á jarðhitanum fært í hendur einkaaðila.

Átökin hafa snúist um þetta: Eiga einkaaðilar að öðlast eignarhald á auðlindunum eða fá afnotarétt af þeim? Þegar stjórnarmeirihlutinn á síðasta kjörtímabili talaði fyrir breytingum á vatnalögum, sem gengu út á að styrkja einkaeignarrétt á vatni, var viðkvæðið þetta: „Við erum í reynd ekki að breyta neinu, við erum að endurskoða vatnalagabálkinn, sem er að verða aldargamall, í ljósi nýrra tíma. Dómapraxís tuttugustu aldarinnar gengur út á að efla einkaeignarréttinn og við erum í reynd ekki að gera annað en breyta orðalagi laganna í samræmi við það.“

Stjórnarandstaðan sameinuð sagði á hinn bóginn: „Endurskoðum lagabálkinn frá 1923 fyrir alla muni. En gerum það í anda kröfu samtímans um að treysta og efla almannarétt ekki einkaeignarrétt. Vatnið er dýrmætasta auðlind 21. aldarinnar. Eignarhaldið á því á að vera um alla framtíð hjá þjóðinni, þótt hún kunni að framselja afnotaréttinn, tímabundið.“

Gegn vatnalagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar stóð stjórnarandstaðan sem órofa heild og ég hef grun um að í stjórnarmeirihlutanum hafi þeir verið til sem ekki grétu þegar okkur tókst að fresta gildistöku laganna. Það gladdi mig þegar Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra lýsti því yfir að hann hygðist láta endurskoða hina umdeildu lagasmíð. Ef niðurstaðan verður sú að hið umdeilda vatnalagafrumvarp komi ekki til framkvæmda og efnt verður til þverpólitísks samstarfs um endurskoðun laganna má ganga að stuðningi þingflokks Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs sem vísum enda fluttum við þingmál þessa efnis strax að afloknum kosningum sl. vor.

*Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.*

**Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:**



# Tölvunám haustið 2007
# Menntun sem gefur þér forskot

**Komdu á styttri námskeið í ágúst - fáðu forskot!**

1986 - 2007 • 21 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 35.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE Authorized Centre Select — Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### Netumsjón MCP
Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. **Verð**: 159.900

### MCSA netstjórnun
Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

**Lengd**: 243 stundir/162 klst. **Verð**: 299.900

### Windows XP Pro SP2
Frábært nám fyrir þá sem vilja verða sérfræðingar í Windows XP (próf 70-270).

**Lengd**: 60 st./39 klst. **Verð**: 89.900

### Windows Server 2003 R2
Sérlega gott nám fyrir verðandi kerfisstjóra og þá sem vilja taka MCP próf 70-290.

**Lengd**: 60 st./39 klst. **Verð** 89.900

## .NET forritun

### Visual C# .NET forritun
Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 94 stundir/63 klst. kvöldnám
**Verð**: 139.900

### ASP .NET vefforritun
Taktu þátt í byltingu í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.

**Lengd**: 50 stundir/33 klst. kvöldnám
**Verð**: 79.900

### Visual C# .NET (+ASP) forritun
Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 144 stundir/99 klst. kvöldnám
**Verð**: 199.900

## Skrifstofunám

### Hagnýtt bókhaldsnám
Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust. **Verð**: 99.900

### Skrifstofu- og tölvunám
Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

### Skrifstofu- og bókhaldsnám
Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

***Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)***

** Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

## Verkefnastjórnun

### Hagnýt verkefnastjórnun
Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina, lykilatriði tímastjórnunar og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

**Lengd**: 50 stundir/33 klst. **Verð**: 89.900

### PRINCE2 verkefnastjórnun
Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfinnanlega.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 49.900

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám
Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar*
- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
**Verð**: 79.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur
Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
**Verð**: 47.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+
Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Vefsíðugerð

### Vefhönnun og myndvinnsla
Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900

### DreamWeaver og Photoshop
Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

**Lengd**: 49 stundir/33 klst, **Verð**: 49.900

### Microsoft Expression Web *Nýtt!*
Þú lærir allt það sem skiptir máli um nýja vefsíðukerfið frá Microsoft sem tekur við af FrontPage 2003.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst, **Verð**: 29.900

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

### Byrjendanámskeið
- Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
- Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
- Windows XP fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
- Windows Vista fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
- Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

### Access
- Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
- Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
- Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • *9 stundir/12.900*

### Word
- Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
- Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • *9 stundir/12.900*
- Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
- Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
- Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 16.900*
- Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 6.900*

### Excel
- Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
- Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • *9 stundir/12.900*
- Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
- Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 34.500*
**Sléttuvegur- eldri borgarar** Nýkomin í sölu falleg 90,2 fm íbúð á 6.hæð í fallegu lyftuhúsi með miklu útsýni. Íbúðin skiptist í hol, stórt svefnherbergi, geymslu, baðherbergi, tvær stofur, eldhús og sólstofu (svalalokun). Mikil sameign, s.s. fundarsalir,líkamsræktaraðstaða, sturta, sauna og heitur pottur. Húsvörður. Íbúðin er laus fljótlega. **V. 29,0 m.** 6959



**Víðihvammur- neðri sérhæð** Mjög góð 4ra til 5 herbergja íbúð á jarðhæð á þessum góða stað í suðurhlíðum Kópavogs. Íbúðin er 121,3 fm og bílskúr 31,9 fm samtals 153,2 fm. Íbúðin skiptist í 4 góð herbergi, stofu, sólskála, eldhús, baðherbergi og eldhús. **V. 34,9 m.** 6601



**Laugarásvegur - standsett** Mjög falleg og mikið standsett 75 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli. Húsið er allt nýstandsett að utan. Góðar svalir. Fallegt útsýni. Íbúðin er laus fljótlega. **V. 22,5 m.** 6960



**Melgerði - útg. út í garð.** Falleg og velstaðsett 3ja herbergja 72 fm íbúð á jarðhæð/kj. með sér inngangi í 2-býli. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu ( sem hægt er að breyta í svefnherbergi) svefnherbergi, baðherbergi og sólstofa sem er ekki inní fm. tölu. Hellulögð verönd. Bílastæði á lóð. **V. 19,9 m.** 6953



**Karlagata 11 – OPIÐ HÚS** Mjög góð 2ja herbergja 54,9 fm íbúð á fyrstu hæð í þessu flotta húsi í Norðurmýrinni. Íbúðin er mjög björt og góð, parket og flísar á gólfum, sameiginlegur inngangur með einni íbúð og tengi fyrir þvottavél á baði. **V. 18,9 m.** 6963 **Íbúðin verður til sýnis í dag mánudag frá milli 17-19**

Frum

LÁTTU OKKUR SELJA
EIGNINA FYRIR ÞIG

RE/MAX Lind

VILTU VINNA MEÐ

FRÁBÆRUM EINSTAKLINGUM

Á REMAX LIND Í KÓPAVOGI

ERUM AÐ LEITA AÐ FLEIRI LIÐSFÉLÖGUM

Hringdu í síma 699-5008
Hannes



| Hannes | Gunnar | Berglind Þyrí | Gunnar Ólason | Kristín | Óskar Freyr | Olly Björk | Þórarinn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sölufulltrúi | Sölufulltrúi | Sölufulltrúi | Sölufulltrúi | Sölufulltrúi | Sölufulltrúi | Sölufulltrúi | Jónsson Hdl. |
| **699 5008** | **6691005** | **864 0803** | **694 9900** | **824 4031** | **899 9427** | **867 5099** | Lögg. fasteignasali |

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

RE/MAX Lind • S: 520 9500 • Bæjarlind 14-16 • 200 Kópavogur • Þórarinn Jónsson, löggiltur fasteignasali



búmenn

# Búmenn auglýsa íbúðir

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Suðurlandsbraut 54
108 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is

www.bumenn.is




Til sölu er búseturéttur í nokkrum íbúðum í átta hæða fjölbýlishúsi við Þjóðbraut 1 á Akranesi. Um er að ræða hús með bílakjallara undir húsinu og þjónustufyrirtækjum á jarðhæð og að hluta annarrar hæðar. Tvær íbúðir eru á annarri hæð en sex íbúðir á þriðju til áttundu hæð. Í húsinu eru þrjár tegundir íbúða sem eru um 95 fm, 102 fm og 105 fm. Tvær lyftur og stigagangur ganga upp úr bílageymslunni. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar með frágenginni lóð. Húsið verður einangrað og klætt að utan. Húsið er vel staðsett nálægt verslun og þjónustu. **Stefnt er að því að íbúðirnar verði afhentar haustið 2008.**

***Umsóknafrestur er til 17. september n.k. - Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri.***

***Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 54 eða í síma 552-5644 milli kl. 9-15.***

Frum

# STÓRBORG fasteignasala

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali


Júlíus
Sölustjóri


Magnús K
Sölufulltrúi


Stefán Hrafn
Hdl. Löggiltur fasteignasali


Valdimar Örn
Sölufulltrúi


Magnús Ninni
Sölufulltrúi

Kirkjustétt 4 :: 113 Rvk :: Sími: 534 8300 :: Fax: 534 8301 :: www.storborg.is :: storborg@storborg.is

## GAUTAVÍK - 112 REYKJAVÍK




3ja herbergja íbúð með bílskúr á góðum stað í Grafarvogi. Komið er inn í flísalagða forstofu með fatasáp, inn af forstofu er þvottahús og á hægri hönd er gengið inní íbúðina. Á hægri hönd er eldhús með mahony innréttingu, á vinstri hönd er stofa með ljósu eikarparketi og svalir út úr henni sem snúa í suður. Beint af augum eru tvö svefnherbergi með mahony fataskápum og baðherbergi, á baðherbergi er mahony innrétting og baðkar. Bílskúr er stór og góður.

## SANDAVAÐ - 110 REYKJAVÍK




Glæsileg 2ja herbergja íbúð á annari hæð með sérinngang og frábæru útsýni. Íbúðin er með innréttingum frá HTH og með eikarparketi á gólfum. Bað og þvottahús eru flísalögð og geymsla innan eignar. Stutt í miklar útivistarperlur t.d. Heiðmörk, Elliðavatn og Víðidalinn. Aðeins þessi eina íbúð eftir í öllu húsinu.

## FÍFUSEL - 109 REYKJAVÍK




4RA HERBERGJA ÍBÚÐ MEÐ ÚTLEIGUHERBERGI Í KJALLARA OG STÆÐI Í BÍLGEYMSLU. Komið er inná flísalagða forstofu, stofa og gangur eru lögð ljósu plastparketi, dúkur á herbergjum sem eru þrjú. Í eldhúsi er hvít innrétting með ljósum viðarkanti, ný eldavél og flísar á gólfi. Baðherbergi er panelklætt með dúk á gólfi, þar er nýtt baðkar, nýr vaskur og nýtt salerni. Þvottahús er inní íbúðinni. Íbúðinni tilheyrir herbergi í sameign með aðgangi að baðherbergi. Bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.

## UNUBAKKI - 815 ÞORLÁKSHÖFN




485,3m2 iðnaðarhúsnæði á 2422m2 lóð í jaðri Þorlákshafnar. Húsið skiptist í 336m2 vinnslusal auk 94,2m2 viðbyggingu sem er frystigeymsla og 55,1m2 frystikerageymslu. Yfir hluta af vinnslusalnum er milliloft, annars er ágætis lofthæð u.þ.b. fjórir metrar uppí mæni . Þrennar góðar aksurshurðir eru á húsinu á bakvið og er ein þeira stór. Lóð er malbikuð að hluta.

## TRÖLLAKÓR - 203 KÓPAVOGUR




Tröllakór 12 til 16. Fallegar og rúmgóðar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í góðu lyftuhúsi við Vatnsenda í Kópavogi. Sér inngangur af svölum. Íbúðirnar skilast fullbúnar, án gólfefna en baðherbergi og þvottahús skilast þó flísalögð. Sér þvottahús í öllum íbúðum.

## SKIPASUND - 801 SELFOSS




Fallegur nýr sumarbústaður í Hraunborgum Grímsnesi. Lóðin er um 0,5 ha leiguland. Húsið er allt mjög vandað og skiptist í hol, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þar sem gert er ráð fyrir sturtu og þvottavél. Gengið er út á veröndina út úr baðherberginu. Einnig í gang, stofu og eldhús sem er með stórum gluggum og hurð út á veröndina á suðurhlið hússins.

## ÁSAKÓR - 203 KÓPAVOGUR




4-5 herbergja íbúðir, 127,6 til 130,fm. í nýju fjölbýlishúsi við Ásakór í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol/gangur, stofa/borðstofa, eldhús, baðherbergi, þvottahús og 3 herbergi. Stæði í bílgeymslu fylgir eigninni. Sérsmíðaðar innréttingar frá trésmíðaverkstæði Sérverks. Vandaðar og góðar íbúðir, og aðeins örfáar eftir.

## KVISTAVELLIR - 221 HAFNARFJÖRÐUR




Falleg og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Neðri hæðin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, stórt svefnherbergi, eldhús, stofu, borðstofu, bílskúr og geymslu. Efri hæðin skiptist í rúmgott sjónvarpshol, þrjú svefnherbergi, fataherbergi inn af hjónaherbergi, baðherbergi og þvottahús. Sjónvarpholi er hægt að loka og breyta í fimmta herbergið. Gengið er út á svalir úr sjónvarpholi. Húsið afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan. Lóð grófjöfnuð.

## BJARKARBRAUT - 801 SELFOSS




Vorum að fá í einkasölu fallegt einbýlishús á góðum stað í Reykholti í Biskupstungum. Húsið er klætt bárujárni og fúavarinni furu. Gluggar frá SG hús. Hægt er að fá eignina á tveimur byggingarstigum, þ.e. fokhelt og tilbúið til málningar. Teikningar er hægt að nálgast á skrifstofu.

## ÁLFKONUHVARF - 203 KÓPAVOGUR




Góð 4ra herbergja endaíbúð á annarri hæð í lyftufjölbýli, íbúðin er með bílastæði í kjallara og er innangengt í það. Rúmgóð og vönduð íbúð á góðum stað í Kópavogi. Innréttingar eru allar frá Innex og tæki í eldhúsi eru frá Amica.

Frum



Eldhúsið er glæsilega útbúið með fallegri innréttingu, gaseldavél og plássi fyrir tvöfaldan ísskáp.

## 107 Reykjavík: Þriðja hæð í lyftuhúsi

### Kaplaskjólsvegur 93: Glæsileg íbúð í vesturbæ

**Fasteignasalan Eignamiðlun í Síðumúla** hefur til sölu sérstaklega glæsilega 146,8 fermetra íbúð á þriðju hæð í lyftuhúsi við Kaplaskjólsveg. Húsið hefur nýlega verið standsett og málað að utan auk þess sem íbúðin hefur öll verið tekin í gegn að innan.

Íbúðin er fimm herbergja og fylgir henni stæði í opnu bílskýli. Forstofan er flísalögð með stórum, sérsmíðuðum skápum og inn af forstofunni er búr og snyrting.

Stofan er rúmgóð með stórum gluggum og er útgengt úr stofunni á svalir til vesturs. Sjónvarpsholið er parketlagt með innbyggðum hillum og skúffum og er stór rennihurð á milli stofu og hols.

Úr holi er gengið inn í mjög rúmgott eldhús og borðstofu sem er aðskilið frá holi með rennihurð. Eldhúsinnréttingin er hvítlökkuð með granít á vinnuborðum. Gaseldavél og háfur eru frá SMEG og pláss er fyrir tvöfaldan ísskáp í eldhúsinu.



Eignamiðlun hefur til sölu glæsilega íbúð við Kaplaskjólsveg. Húsið er nýlega standsett og málað að utan.

Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni, öll parketlögð og með sérsmíðuðum innréttingum og skápum.

Baðherbergið er flísalagt og bæði með baðkari og sturtuklefa.

Allar hurðir og skápar í íbúðinni eru sérsmíði úr vengi og rauðeik og eikarparket er á gólfum. Lýsingin er frá Lumex.

búmenn

## Búmenn auglýsa íbúðir

## Búseturéttur á markaðsverði

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Suðurlandsbraut 54
108 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is

www.bumenn.is

Frum




Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð í parhúsi sem er um 90 fm að stærð. Að auki fylgir íbúðinni um 15 fm garðskáli.
**Ásett verð er 8 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 70.000.-**
Tilboðsfrestur er til 14. september.

**Bæði félagsmenn og utanfélagsmenn geta gefið tilboð í búseturéttinn.**

Í mánaðargjöldunum er allt innifalið nema rafmagn og hiti.
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna fyrir 7. september n.k.

**Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri.**

***Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 54 í síma 552 5644 milli kl. 9 og 15, eða senda tölvupóst á netfangið:***
***bumenn@bumenn.is***

LÖGMENN SUÐURLANDI
480 2900 www.log.is



Ólafur Björnsson hrl. Lögg. fasteignasali | Sigurður Sigurjónsson hrl. Lögg. fasteignasali | Christiane L. Bahner hdl. Lögg. fasteignasali | Torfi R. Sigurðsson Lögfræðingur | Ágúst Stefánsson BA í lögfræði | Hallgrímur Óskarsson Sölumaður | Steindór Guðmundsson Lögg. fasteignasali | Anna Rúnarsdóttir Viðskiptafræðingur | Kristín Kristjánsdóttir Ritari/skjalavarsla

**Austurvegi 3, Selfossi | S: 480 2900 | Fax: 482 2801**

Félag fasteignasala




### Tjarnarmói 2-4, 6-8, 10 og 14-16 Selfossi.

Skemmtilega hönnuð 220 fm steinsteypt parhús með bílskúr á góðum stað í Hagalandinu. Íbúðin samanstendur af fjórum svefnherbergjum, baðherbergi, þvottahúsi,gestasnyrtingu, forstofu, stórri stofu og sambyggðu eldhúsi auk herbergjagangs. Bílskúrinn er sambyggður og er innangengt í hann úr anddyri. Húsin eru í byggingu og skilast fullbúin að utan, með grófjafnaðri lóð og mulningi í plani. Húsin verða steinuð og flísalögð að hluta að utan. **Verð 25,0 m.**

Frum




### Árbakki 7, Selfossi

Fallegt nýlegt einbýlishús klætt hvítum múrstein á góðum stað í Fosslandinu á Selfossi. Garður er snyrtilegur og einfaldur, góður pallur til suðurs sem gengið er útá úr stofu. **Verð 34,5 m.**




### Vallartröð 4, Selfossi.

30 hesta hús í Vallartröðinni. Í húsinu eru 14 eins hesta stíur og 16 tveggja hesta stíur. Húsið er byggt úr yleiningum og stálgrind. Veggir eru steyptir upp í c.a 1.20 m í básum. Haughús er undir stíum og húsið er vélmokanlegt. í húsinu er kaffistofa m/hvítri innréttingu, lítið salerni og hnakkageymsla. 36 fm hlaða m. innkeyrsludyrum. **Stórt tvískipt gerði með möl. Í húsinu er hitaveita og 3ja fasa rafmagn. Verð 32,0 m.**




### Höfðabrekka, Mýrdalshreppi

Um er að ræða jörðina Höfðabrekku sem er eitt af glæsilegustu og best búnu ferðaþjónustubýlum á landinu. Í næsta nágrenni eru einstakar náttúruperlur s.s. Reynisfjara og Reynisdrangar, Mýrdalsjökull og Þakgil. Jörðin um 4.700 ha. Húsakostur er góður og telur m.a. fimm gistihús með 62 tveggja manna herbergjum, stórt veitingahús, veitingasali, starfsmannahús, þvottahús, baðhús, þrjú stór íbúðarhús auk hesthús, verkstæðis annara útihúsa. Borhola sem gefur af sér 14 sekúndulítra af 39°C sjálfrennandi heitu vatni. Veiði í Kerlingardalsá. Vikurnámur. **Mögulegt er að kaupa reksturinn og jörðina hvort í sínu lagi. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.**




### Skútabraut 7 - Úthlíð, Bláskógabyggð

Miög gott 65 ferm sumarhús 2 herb stofa eldhús og bað. Stór verönd með potthúsi, geymslu og gestahúsi alls um 40 ferm, samtals yfir 100 ferm undir þaki. Húsið er með parket á gólfum og góðum innréttingum og stendur á 1/2 ha eignarlóð í Úthlíð með frábæru útsýni, Hekla og suðurland blasir við. **Verð 24,0 m.**




### Kjarrhólar 13, Selfossi

Vandað 146,4 fm timburparhús ásamt 31,7 fm bílskúr sem er í byggingu. Húsið er klætt að utan með Novabrick hleðslustein. Eignin skilast þannig að búið er að spartla fyrstu umferð og eftir er að draga í rafmagn, gólfhitalagnir komnar en stýringarnar fylgja ekki með. Ofn, helluborð og vifta ásamt skápum yfir tengigrindur í bílskúr, og að auki fylgir heitur pottur ásamt lagnagrind. Potturinn verður óuppsettur. Búið er að jarðvegsskipta. Bílaplan er malbikað, stétt og verönd fyrir framan hús hellulögð og 40 fm verönd aftan við hús er steypt og hitalögn í henni. **Verð 32,0 m.**




### Grafhólar 15 og 17, Selfossi

Steinsteypt raðhús í byggingu. 3 svefnherbergi, stofa, eldhús baðherbergi, þvottahús og forstofa. Bílskúr er sambyggður og er innangengt í hann. Húsin eru með steyptri loftaplötu og útveggir eru einangraðir að innan. Gluggar eru ísteyptir. Gert er ráð fyrir gólfhita í húsunum. Lóð verður grófjöfnuð. Hægt er að fá húsið á 3 mismunandi stigum, þ.e fokhelt, tilbúið til innréttinga og svo fullbúið án gólfefna. **Verð frá 20,5 m.**




### Víðivellir 18, Selfossi

135,2 fm einbýli byggt 1963 ásamt 30,8 fm bílskúr byggðum 1968. Forstofa m/hengi, forstofusnyrtingu, plastparketlagt forstofuh., parketlagða borðst., dúklagt eldh. þar sem er upprunaleg eldhúsinnr., þv.hús er innaf eldhúsi og búr innaf þvottahúsi. Stofa er plastparketlögð. Tvö barnaherbergi, annað er teppalagt en hitt plastparketlagt. Hjónaherbergi er teppalagt. Baðherb. er í upprunalegum stíl en þar er nýlegt baðker og blöndunartæki eru nýleg einnig. Skúr er óupphitaður. **Verð 22,7 m.**

# EITT FLOTTASTA ÓÐALSSETUR LANDSINS



RE/MAX Lind

Þórarinn Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteignaali











## Lambafell

**Um** er að ræða glæsilegt **593,2 fm kanadískt bjálkahús á tveimur hæðum á 80.000 fm lóð** en um hana rennur Svaðbælisá. Húsið er í landi Lambafells og liggur undir felli sem er í beinu framhaldi af hábungu Eyjafjallajökls. Húsið er smíðað úr 42 -44 cm þykkum harðviðar bjálkum og skiptist í **tvær byggingar** sem eru tengdar með gangi á milli.

Í aðalbyggingu þ.e. húsinu eru **5 svefnherbergi**, þ.e. 4 svefnherbergi á efri hæð, **tvö baðherbergi** með sturtuklefa sem eru staðsett á milli herbergja þannig að tvö og tvö deila saman baðherbergi. Auk þess sem að setustofa er á efri hæð. Hjónaherbergið er á neðri hæð, **fataherbergi** og sérbaðherbergi fylgir því, stórt og rúmgott með sturtu og baðkari, ásamt innréttingu með tvöföldum vaski. Á neðri hæð er einnig **risastórt eldhús** með stórri **borðstofu** og **skrifstofu** þar fyrir innan. Auk aðalstofu sem er í miðju hússins með mikilli lofthæð og myndar alrými, þar er kamína og stór stigi upp á efri hæð, auk rúmgóðar borðstofu.

Á gólfum er gegnheilt Nova Scotia pine 24 mm borð á gólfum. Tengibygging á milli húsa. Í hinu húsinu er **þrefaldur bílskúr** og **aukaíbúð** sem verið er að leggja lokahönd á yfir bílskúrum og er um **105 fm.**

**Gylfi Gylfason**
Sölufulltrúi
gylfi@remax.is
**693 4085**



**Páll Guðmundsson**
Sölufulltrúi
pallb@remax.is
**861 9300**



Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

RE/MAX Lind • S: 520 9500 • Bæjarlind 14-16 • 200 Kópavogur • löggiltur fasteignasali

# NESEIGNIR


**Kári Kort**
gsm: 892 2506
kari@neseignir.is


**Sigurbjörn Friðriksson**
gsm: 862 2107
saf@neseignir.is


**Kristinn R. Kjartansson**
gsm: 820 0762
kristinn@neseignir.is


**Gunnar Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali

## Sími 535 0200 www.neseignir.is

FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

# BÚJÖRÐ – KÚABÚ

## 3 samliggjandi jarðir í Hörgárbyggð, 601-Ak.




Efri vegur sem er nær húsunum er gamli þjóðvegurinn nú eingöngu til afnota fyrir ábúendur jarðarinnar. Neðri vegur er Þjóðvegur 1 og liggur meðfram ánni.

Frum



Stærð jarðanna er um 600 ha sem skiptist þannig:

a) *Innan girðingar alls 234 ha; þar af ræktað land um 70 ha og beitarland um 164 ha.*

b) *Utan girðingar;*
*mest fjalllendi um 366 ha.*

Lax- og silungsveiði. Gæsa- og rjúpnaveiði.

Fagurt umhverfi, frábært útsýni og stutt til Akureyrar.

HESTAMENNSKA:

Þessar jarðir ásamt húsakosti eru einnig áhugaverðar til hrossaræktunar og tamninga.

Samtals eru 11 fasteignir sem að hluta til má breyta í hesthús og reiðhallir.

Mjólkurkvóti eru 238 þús. lítrar.

*60 mjólkandi kýr.*

*60 geldneyti með kálfafullum kvígum.*

Fasteignir, þ.e., íbúðarhús, fjós, hlöður, vélaskemmur o.fl. samtals vel yfir 1.900 fm að gólffleti, auk hauggeymslna undir fjósum að hluta.

*Vélakostur keyptur í fyrra fyrir 12,7 millj.*

*Vélakostur keyptur í ár fyrir 4,5 millj.*

Auk eldri vélakosts allskonar, í góðu ásigkomulagi. Nákvæmur listi yfir tækjabúnað er á skrifstofu Neseigna.

Ásett verð 265 millj. fyrir allar eignirnar saman.

***Nánari uppl. gefur Sigurbjörn Friðriksson,***
*beinn sími: 53-50-207 og GSM 862-2107.*

*Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali*



Stefán Páll Jónsson
Löggiltur fasteignasali

# RE/MAX Fasteignir

## Þjónusta ofar öllu


Bóas
Sölufulltrúi
**699 6165**
boas@remax.is


Gunnar
Sölufulltrúi
**899 0800**
go@remax.is

BÓAS & GUNNAR

# Naustabryggja 2

## *Penthouse*









**Stórglæsileg penthouse íbúð** á tveimur hæðum með stæði í bílageymslu. Forstofu með flísum á gólfi, góður fataskápur úr magnhony. Barnaherbergin eru tvö, annað er með flísum á gólfi og hitt með parketi á gólfi. Vinnustofa/skrifstofa með tvöfaldri hurð með frönskum gluggum, úr vinnustofu er gengið út á suð-vestur svalir. Eldhúsið er með kirsuberjainnréttingu, nýlegum fallegum tækjum frá Gorenja. Úr eldhúsi er gengið út á góðuar grill svalir. Hjónaherbergi með parketi á gólfi og mjög góðum fataskápum. Þvottaherbergi er á herbergjagangi. Baðherbergi flísalagt bæði á veggjum og gólfi, stór sturtuklefi, allt ný innréttað. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar úr Mahony sem og allar hurðir. Á efrihæð, er mjög rúmgott rými með c.a. 5 metra lofthæð og tveimur kvistum, þar er stórt snokerborð, útgengt á vestursvalir. Viðarrimlagluggatjöld eru fyrir öllum gluggum. Sérgeymsla í sameign. **Pantaðu skoðun í síma 699 6165.**

**Verð :** 43.900.000

**Byggingaár:** 2000

**Brunabótamat:** 28.890.000

**Fasteignamat:** 31.460.000

**Stærð:** 153,4

**3 svalir**

**Stæði í bílageymslu**

## Hringdu núna!

**6996165**
**8990800**

VELFAC®



# Gluggar fyrir lífið

Velfac gluggar eru hannaðir og framleiddir með hámarks endingu í huga. Betri ending þýðir einfaldlega minna viðhald og lægri kostnað þegar fram líða stundir. Hönnunin er einföld og stílhrein sem gerir það að verkum að Velfac gluggarnir fara aldrei úr tísku.

- **Ál-tré gluggar**
- **Lágmarks viðhald**
- **Falleg og tímalaus hönnun**
- **Aukin vörn gegn innbrotum**
- **15 ára reynsla á Íslandi**
- **10 ára ábyrgð**



**www.formaco.is**

formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · formaco@formaco.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## Fyrir veiðimenn




**Útilíf Glæsibæ**
**Laxamaðkar 34 kr. st.**
**Silungamaðkar 24 kr. st.**
**Lang ódýrastir.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**101 Reykjavík**
**Herbergi með öllu til leigu frá september '07 til 15. maí '08. 2 fullbúin eldhús, setustofa, fullbúið þvottahús, 4 sturtur, 3 salerni, netið og Stöð 2.**
**Uppl. í s. 897 1016.**

**Leigusalar auglýsa frítt.**
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
**Leigjendur leita frítt.**
**Leiga.is býður**
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.
Leiga.is
Löggild leigumiðlun

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rooms (from 45.000) and studio apartments (from 90.000) for rent from now until May '08. Will be shown 18-19 o'clock today, Friday. Hotel Atlantis, Grensásvegi 14. No telephone info. Pokoje I mieszkania do wynajecia teraz przed majem '08 beda otwarte od 18-19 dzisiaj. Hotel Atlantis Grensásvegur 14. Nie ma informacji telefonicznej.

Einbýlishús til leigu í 190 Voganum. Uppl. í s. 897 9398.

Til leigu 2ja h.íb.í bústaðahv. (108). Sérinng.Laus.Reglusemi.Uppl.í s.5537768 e.kl.16

2 herb. íbúð í Fossv. m. húsg. og öllum tækjum. Laus strax. Sími 862 6672.

## Húsnæði óskast

3 mjög reglusamir karlmenn óska eftir 4ja herb. húsnæði í 101, 105 eða 107. Mjög góð meðmæli og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 866 6856

2-4 Herb. Íbúð óskast á svæði 110. Greiðslugta 80-120 þús. Uppl í s. 822 6300.

Reglusöm og reyklaus kona óskar eftir íbúð frá 1 okt. Greiðslugeta allt að 80 þús. Góð meðmæli. Uppl í s 897 9421 eftir kl. 18.00.

Óska efftir 3 herb. íbúð á svæði 110, 112 og 113 Erum reglusöm, skilvísum greiðslum heitið, meðmæli ef óskað er. Helst langtíma leiga. Uppl í s. 823 9476.

## Sumarbústaðir



Til sölu til flutnings 2 ný Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**Pantið tímanlega fyrir húsvagninn**
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 p. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p. mán. Fellih. 6.875 p. mán. í 8 mánuði S. 564 6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Sjávarkjallarinn**
**Vegna mikill anna framundan óskum við eftir fólki í fullt starf og einnig í kvöld og helgarvinnu. Reynsla kostur en ekki skilyrði.**
**Upplýsingar gefur Hrefna í síma 511 1212 & 694 3854.**

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Einnig óskum við eftir manneskju í fullt starf, unnið er 15 vaktir í mánuði og fólk í kvöld og helgarvinnu. Góð vinna með skóla.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

Tapas barinn óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús. Reynsla æskileg. Vaktavinna. Upplýsingar á staðnum á milli 12-18.

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir í bílstjórum í kvöld- og helgarvinna.**
**Upplýsingar í síma 822 8870 og einnig inn á www.nings.is**

**Aktu Taktu**
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

**Söluturninn JOLLI Hafn**
Ert þú ekki að fara í skóla í vetur? Þá er þetta rétta vinnan fyrir þig. 100% dagvinna í boði. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Umsóknareyðublöð á staðnum

**Ruby Tuesday Skipholti**
Leitum eftir að ráða góða starfskrafta við afgreiðslu í sal og eldhús Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Umsóknareyðublöð liggja frammi í Skipholti 19 eða senda umsóknir á haukur@ruby.is

**Nonnabiti**
**Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18, reyklaus.**
**Uppl. í s. 898 5956 eða á staðnum.**

**Störf á Pizza Hut í vetur**
Fullt starf, hluta störf í vaktavinnu og hlutastörf á daginn. Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í vetur. Um er að ræða störf í veitingasal og í eldhúsi. Getum einnig bætt við hjá okkur hlutastarfsfólki í hádeginu og um miðjan dag. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við veitingastjóra Sprengisandi 568 8088, Smáralind 533 2005, Nordica 533 2002.



**Vaktstjóri á Pizza Hut!**
Pizza Hut í Smáralind og Nordica leita að vaktstjórum í veitingasal. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Ómari Pizza Hut Smáralind í síma 869 6683 og Birgir Pizza Hut Nordica 694 8022.

**NK Kaffi Kringlunni**
**Óskum eftir að ráða þjónustulipurt fólk til afgreiðslustarfa. Fullt starf og helgarvinna. Upplýsingar á staðnum og í síma 568 9040 & 693 9091.**

**Hurðir og Gluggar ehf.**
**Óska eftir laghentum starfsmanni á trésmíðaverkstæði. Hurðir og Gluggar ehf. Upplýsingar í síma 565 4123.**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 897 4433 & 894 0292.**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveri, Austurveri, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði. Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókareyðublöð á www.bakarameistarinn.is**

**Atvinna Atvinna**
**Rúmfatalagerinn óskar eftir aðstoðarmanneskju á þjónustuborðið í Smáratorgi. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og vera dugleg(ur) og samviskusöm/samur. Þeir sem hafa áhuga er vinsamlega beðnir um að hafa samband við Eyþór í síma 820 8004 eða 510 7000.**

**Starfsfólk óskast í Félagsmiðstöðina Selið á Seltjarnarnesi**
**Félagsmiðstöðin Selið á Seltjarnarnesi auglýsir eftir starfsmanni í hlutastarf fyrir veturinn 2007-2008. Um er að ræða starf leiðbeinenda í tómstundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára. Skilyrði er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri og æskilegt er að þeir hafi einhverja reynslu, þekkingu eða menntun í starfi með börnum og unglingum. Skila skal umsóknum með upplýsingum um menntun og fyrri störf í félagsmiðstöðina Selið v/Suðurströnd eða í tölvupósti á netfangið selid@seltjarnarnes.is Nánar upplýsingar veitir Margrét í síma 595 9177.**

**Bettís Kópavogi**
**Starfskfraftur ekki yngri en 18 ára óskast eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi. Upplýsingar í síma 899 8212.**

**Leikskólinn Skerjagarður, Bauganesi 13, Rvk. Óskar eftir áhugasömu starfsfólki sem fyrst**
**Skerjagarður er einkarekinn 2ja deilda leikskóli sem starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem áhersla er lögð á myndsköpun, söng, hreyfingu og tjáningu. Leikskólinn er lítill og heimilislegur. Lögð er áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi. Á Skerjagarði ríkir gleði og jákvætt andrúmsloft. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Uppl. í s. 822 1919 & 848 5213.**

**Ritfanga- og leikfangaverslun**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com merktar „bók".

Heildverslun óskar eftir sölufólki strax, reynsla æskileg, Bill til umráða nauðsynlegt, til að byrja með. Umsóknir sendist á ffc@simnet.is eða á fax 561 0708.

Borgargrill óskar eftir fólki í dagvinnu. Góð laun í boði. Upplýsingar í símum 820-5851 og 695-6869.

**Skólafólk**
Ritfanga og leikfangaverslun óskar eftir starfsfólki í hlutastörf, upplagt fyrir skólafólk. Svör sendist á hugsel@gmail.com.

**Ráðningarþjónusta Sjávarútvegsins.**
Allar frekari upplýsingar á nordicsailor.com og í síma 615 0250. Fyrir umsóknir er hægt að hafa samb. á skrifstofutíma alla virka daga í s. 615 0250.

Er hress 24ára stelpa sem vantar samning á hárgreiðslu- stofu. Er á 1 ári í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Er með meðmæli . svar sendist á klein17@gmail.com eða í s:8488225

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0240, Steinar.

**Gröfumaður**
Jarðmótun ehf óskar eftir Gröfumanni í jarðvinnuframkvæmdir. Framtíðarstörf, næg vinna í boði. Uppl. í s. 892 0989.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

FERÐAKLÚBBURINN 4x4

**Félagsfundur**
**Félagsfundur Ferðaklúbbsins 4x4 verður haldinn í sal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6 mánudagskvöldið 3. september klukkan 20:00. Dagskrá: Innanfélagsmál, m.a. dagskráin framundan Arctic Trucks segja frá TopGear ferð á pólinn Kaffi Myndasýning frá nýliðnum atburðum. F4x4**

**Celebrity.is**
Núna 17.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

**Matseld.is**
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

**Kokksins draumadjobb!**
Matsvein vantar á MB-Mörtu Ágústsdóttir frá Grindavík til netaveiða. Aðeins vanir menn koma til greina. Uppl. í s. 894 2013 & 426 8286.

## Einkamál

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

**Vetrargeymsla í Skagafirði**
Erum með geymsluhúsnæði fyrir hjólhýsi, tjaldvagna og fleira í vetur.
**Tekið á móti í sept.**
***Áhugasamir hafið samband í síma 823 1059.***

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar



# Tjáðu þig!

**Ný útlit í viku hverri!**
**Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!**




## Viltu breyt'eikkurru?

**Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg**

**BlogCentral.is**
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi


512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.
NÝTT ÁSKRIFTARTÍMABIL HEFST Á MIÐVIKUDAGINN
NÆTURVAKTIN
HEFST 16. SEPTEMBER
PÉTUR JÓHANN OG JÓN GNARR Í STÓRSKEMMTILEGRI ÞÁTTARÖÐ SEM BEÐIÐ HEFUR VERIÐ EFTIR
2 skemmtilegri
Landsbankinn

# Kómedíuleikhúsið tíu ára

Kómedíuleikhúsið er fyrsta atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum. Leikhúsið var stofnað árið 1997 af Elfari Loga Hannessyni og Róberti Snorrasyni.

Meðal leikverka sem leikhúsið hefur sýnt eru Tröllið sem prjónaði, Töfrataskan og Kómedía ópus eitt. Síðan 2001 hefur Kómedíuleikhúsið einbeitt sér að einleikjum. Fyrsti leikurinn var Leikur án orða eftir Samuel Beckett en síðan komu fjórir leikir úr smiðju leikhússins: Muggur (2002), Steinn Steinarr (2003), Gísli Súrsson (2005) og Dimmalimm (2006). Bæði Gísli og Dimmalimm eru enn á fjölunum en þeim hefur verið mjög vel tekið. Útlaginn Gísli Súrsson hefur verið sýndur um 140 sinnum og Dimmalimm um 50 sinnum. Báðir leikirnir hafa einnig verið sýndir erlendis og Gísli hefur hlotið verðlaun á alþjóðlegri leiklistarhátíð í Þýskalandi. Nýjasti einleikur Kómedíuleikhússins er Skrímsli (2007). Leikari er Elfar Logi Hannesson en hann hefur leikið í öllum einleikjum Kómedíuleikhússins. Höfundur og leikstjóri er Pétur Eggerz. Höfundur tónlistar er Guðni Franzson og skrímslamyndir gerir Marsibil G. Kristjánsdóttir.

*www.komedia.is*



**DIMMALIMM** Elfar Logi Hannesson leikur Dimmalimm.



**ÚTIVISTARTÍMI BARNA** Útivistarreglum er meðal annars ætlað að tryggja börnum og unglingum nægan svefn.

## Breyttur útivistartími

Útivistartími barna og unglinga tók breytingum 1. september. Frá þeim tíma mega tólf ára börn og yngri vera úti til klukkan 20.00. Þrettán til sextán ára unglingar mega vera úti til klukkan 22.00. Bregða má út af reglunum fyrir síðartalda hópinn þegar unglingar eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Þeim er meðal annars ætlað að tryggja nægan svefn en hann er börnum og unglingum nauðsynlegur. Svefnþörfin er einstaklingsbundin en þó má ætla að börn og unglingar á grunnskólaaldri þurfi tíu tíma svefn á nóttu.

Mikilvægt er að fylgja því eftir að börn og unglingar fái nægan svefn. Í því felst meðal annars að ganga úr skugga um að þau séu ekki í tölvunni þegar þau eiga að vera komin í rúmið, segir í fréttatilkynningu frá lögreglunni.

**- keþ**



Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri og Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, gerðu með sér samstarfssamning.

## Eimskip styrkir LA

Eimskip hefur gerst máttarstólpi Leikfélags Akureyrar með því að styrkja starfsemi þess til framtíðar og nú strax við uppsetningu leiksýningarinnar Fló á skinni sem sett verður á svið í vetur. Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, sagði við þetta tækifæri að hann vonaði að með framlagi Eimskips héldi leikfélagið áfram að vaxa og dafna og Magnús Geir leikhússtjóri tók í sama streng: „Innkoma máttarstólpa til viðbótar við öflugan stuðning hins opinbera hefur gert leikhúsinu kleift að sækja fram, fjölga leikhúsgestum og ráðast í viðameiri og metnaðarfyllri verkefni en fyrr.“

Eimskip og LA áttu einnig í samstarfi við uppsetningu Maríubjöllunnar og Herra Kolbert á síðasta leikári. Báðar sýningarnar hlutu einróma lof, mikla aðsókn og fjölda tilnefninga til íslensku leiklistarverðlaunanna, Grímunnar.






# STUÐ MILLI STRÍÐA Ég á það sem þú átt

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VELTIR FYRIR SÉR AFBRÝÐISEMI



Nútímaþjóðfélag er gróðrarstía fyrir afbrýðisemi.

Reyndar hefur afbrýðisemi fylgt manninum frá því hann steig niður úr trjánum en það er dekrað við hana í dag. Snemma á lífsleiðinni nærir mannfólkið þessa tilfinningu og börn sýna þessa hegðun ung. Þegar við vöxum úr grasi fylgir tilfinningin okkur út í lífið og verður jafnvel sterkari og sterkari eftir því sem árin færast yfir.

Snemma sá Móse til að mynda að þjóðfélag hans í eyðimörkinni var gegnumsýrt af afbrýðisemi og hann sá einnig að það þurfti volduga og öfluga rödd til að reyna að kveða hana í kútinn. Og tveimur síðustu boðorðunum var því beitt gegn þessari tilfinningu. „Þú skalt ekki girnast hús náunga þíns,“ og „Þú skalt ekki girnast konu náunga þíns, ekki þræl hans eða ambátt, ekki uxa hans eða asna né nokkuð það sem náungi þinn á“. En þessi tvö boðorð hafa gleymst. Og við leggjum ofuráherslu á að það megi ekki stela, drýgja hór, drepa né hafa aðra guði. En afbrýðiseminni leyfum við einfaldlega að blómstra.

Afbrýðisemi getur birst í ótrúlegum myndum. Hinn venjulegi maður óskar sér sama risastóra og krómaða gasgrillsins sem nágranninn kyndir á hverju sumri og nýtur mikillar virðingar fyrir. Auðmaðurinn þráir ekkert heitar en að skáka viðskiptafélaga sínum í bílakaupum og endar á því að kaupa skriðdreka eða fokdýran Range Rover.

Það getur auðvitað reynst erfitt að vera sýknt og heilagt eldri bróðirinn í sögunni um týnda soninn. Sem horfir upp á föður sinn slátra alikálfinum þegar sá glataði snýr aftur heim.

En þegar öllu er á botninn hvolft er það hvorki kjötið né máltíðin sem gerir mann hamingjusaman heldur allt hitt sem maður hefur unnið sér sjálfur fyrir.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Ekki segja öllum allt alltaf

Það þarf ekki að segja öllum allt, alltaf.
Æ æ æ æ æ æ sagði ljónið sem fékk tannpínu.
Æ æ æ æ æ æ sagði presturinn sem fékk standpínu.
Æ æ æ æ æ æ sagði fastagestur frumsýningar sem fékk nóg, og fór heim í hálfleik.
Líkið var svo sannarlega í óskilum og það var einnig margt annað í þessari sýningu sem var í óskilum. Textinn og innihaldið var þunnur þrettándi en engu að síður var markmiðinu einhvers staðar náð þar sem áhorfendur gátu ekki annað en hlegið og það oft í kraftmiklum gusum.

Verk fyrstu frumsýningar haustsins á litla sviði Borgarleikhúsins var sum sé breskur farsi, misskilngasúpa þar sem stokkið var um sviðið inn og út um glugga og fram og aftur í feluleik fáránleikans.

Tvær vitgrannar löggur eru driffjaðrir verksins og voru þær í meðförum þeirra Þórhalls Sigurðssonar (Ladda) og Jörundar Ragnarssonar ansi skondnar týpur, en það hefði þurft að olíubera og þétta samleik þeirra félaga. Gömlu hjónin sem þeir sækja heim á aðfangadagskvöld vegna þess að þeir eiga að tilkynna þeim um hræðilegan atburð eru tilbúin með svörin áður en löggugarmarnir ná að kreista út úr sér því sem segja á og skapast því nokkuð fyndin staða. Halldóra Geirharðsdóttir, sem fer með hlutverk konu sem er líklega fjörutíu árum eldri en hún sjálf, er að vanda senuþjófur í hvert sinn sem hún birtist og sama má segja um eiginmanninn Baltasar sem Eggert ljáir líf. Maðurinn sá er látinn heita Baltasar en líta út eins og Friðrik Þór. Eggert hefur hverja hreyfingu, hvert atriði í hendi sér og þar með hug og hjörtu áhorfenda meðan hið vanþakkláta hlutverk prestsins í meðförum Þórs Tulinius hékk í lausu lofti.

Helga Braga Jónsdóttir er fyrir lifandis löngu búin að sýna okkur að henni farnast vel að leika hvað sem er, sé hlutverkið byggt á persónu sem við trúum á. Svo var því ekki farið hér þar sem baráttukonan gegn barnaníðingum var ekki bara ótrúverðug persóna heldur allt of eintóna og þar með leiðinleg.

Aðalbjörg Árnadóttir, yngsti meðlimur leikhópsins, skilaði sínu litla hlutverki með ágætum, eins og reyndar er hægt að segja um alla leikarana. Það rembdist hver sem rjúpa við staur en engu að síður varð útkoman ekki það sem maður ætti að geta búist við í opinberu atvinnuleikhúsi.

Ilmur Stefánsdóttir sá um leikmynd og hvað sem öðru líður verður hún að fá mikið hrós fyrir fantagóða lausn og nýtingu á þröngu og erfiðu leikrými. Í Bretlandi er veggfóður í hverju herbergi og hér tók hún mynstur veggfóðurs og stækkaði upp í ýktar myndir þannig að hennar hlutur var rétt hugsun í átt til paródíunnar.

Hér var teflt fram fyrirtaks leikurum, mjög smart leikmynd, ágætis gervum og í sjálfu sér ekkert svo hrottalega vondu handriti en engu að síður varð heildaryfirbragðið eins og um árshátíðarskemmtiatriði væri að ræða.



**LEIKLIST**

Lík í óskilum
eftir Antony Neilson
Þýðandi: Sigurður Hróarsson
Leikstjóri: Steinunn Knútsdóttir
Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir
Lýsing: Magnús Arnar Sigurðsson

★

Æ, Æ, Æ.

Eintóna klæmin blótsyrði eru í ofnotkun eins og falskir tónar, ótrúlega þreytandi áheyrnar.

Þeir frumsýningargestir sem létu sig hverfa í hálfleik hefðu nú kannski átt að bíða átekta því hraðinn og þar með hin hefðbundna farsaframvinda varð kraftmeiri eftir hlé. Að fíflast með dauðann og leit að líkum er grafalvarlegt mál og til þess að það gangi upp verður leikstjórinn að hafa mjög skýr markmið með þeim leikstíl sem valinn er, en hér virðist leikstjórinn hafa stólað á einstaklingana og getu þeirra og gleymt hinu mikilvæga hlutverki samhæfingar. Fiðlurnar verður að stilla saman annars verður sarg, garg.

**Elísabet Brekkan**





Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið







## Auðlindir og umhverfi

*Fjórir fyrirlestrar í Norræna húsinu.*
*Ókeypis aðgangur*

*Mánudag 3. sept. kl. 12.15*
**Prófessor Michael Stocking**, *kemur frá University of East Anglia og er sérfræðingur á sviði jarðvegs varðveislu, líffræðilegs fjölbreytileika innan landbúnaðar, landeyðingar og sjálfbærrar land stjórnunar. "Land Degradation Control and the Global Environmental Benefits"?*

*Þriðjudag 4. sept. kl. 17.00*
**Prófessor Roger Crofts**, *fyrrverandi forstjóri Náttúruverndar Skotlands og núverandi formaður Evrópunefndar IUCN um vernduð svæði, hann hefur einnig tekið virkan þátt í umræðu um náttúruvernd hér á landi. "Connecting the pieces: challenging old dogmas and developing new approaches".*

*Miðvikudag 5. september kl. 10.00-12.00.*
**Andrew Campell** *er forstjóri ástralska ráðgjafafyrirtækisins Triple Helix Consulting. Hann var aðalframkvæmdastjóri ástralskrar ríkisstofnunar, Land & Water, "Landnytjar og fjárfestingar hins opinbera í vísindum".*

*Miðvikudag 5. sept. kl. 12.15*
**Dr. Ian Hannam**, *kemur frá University of New England og starfar fyrir Australian Centre for Agriculture and Law. "The Natural Heritage Trust of Australia Legislation: Integrated Environmental Law Implementation in Australia".*

*Fimmtudagur 13/9 kl. 20.00*
**The Thin Green Line** - *Heimildamynd um störf landvarða í öllum heimshornum. Höf. myndarinnar, Sean Wilmore verður á staðnum.*

norden
NORRÆNA HÚSIÐ

**> VISSIR ÞÚ?**

Ray Winstone hafnaði háu tilboði frá bandarískum sjónvarpsframleiðendum um að leika í rándýrum lögregluþáttum. Ástæðan var einföld; hann vildi ekki að yngsta dóttir sín fengi amerískan hreim.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Tarantino brjálaður út í Bond

Bandaríski leikstjórinn Quentin Tarantino er brjálaður út í framleiðendur Bond-myndarinnar Casino Royale og segir þá hafa stolið hugmyndinni sinni. „Ég sá aldrei myndina af því að ég var mjög reiður út í aðstandendur hennar,“ sagði Tarantino við kvikmyndablaðið Total Film. „Opinberlega sögðu þeir að það væri gjörsamlega óvinnandi vegur að gera þessa mynd. En um leið og ég sagðist vilja gera hana þá kom það fram á öllum vefsíðum og enginn sagði takk við mig,“ útskýrir Tarantino en nýjasta mynd hans, Death Proof, hefur fengið rífandi góða dóma og stóðu áhorfendur meðal annars upp í Cannes til að hylla leikstjórann að myndinni lokinni.

Casino Royale markaði hins vegar upphaf nýs kafla í sögu James Bond þegar Daniel Craig tók að sér hlutverk leyniþjónustumannsins. Craig var mikið gagnrýndur þegar tilkynnt var um valið og þótti háralitur hans til að mynda engan veginn passa við Bond. Casino Royale er þrátt fyrir allt sem Tarantino segir, sem og óvildarmenn Daniel Craig, ein aðsóknarmesta myndin í þessum bálki. Og er undirbúningur þegar hafinn fyrir númer 22.



**SIGURVEGARI** Daniel Craig stóð með pálmann í höndunum þrátt fyrir að honum hefði verið spáð skjótum „dauða“ í hlutverki James Bond.



**VILDI GERA BOND** Tarantino segir það hafa verið sína hugmynd að endurgera Casino Royale.



**RÓMANTÍK Í LOFTINU** Brad og Angelina nutu lífsins þegar þau áttu von á sínu fyrsta barni.

# Kynþokkafull ólétta

Angelina Jolie segir sér aldrei hafa fundist hún jafn kynþokkafull og þegar hún gekk með stúlkubarnið Shiloh undir belti. Leikkonan, sem hingað til hefur verið þekkt fyrir allt annað en hefðbundna kynhegðun og komst meðal annars í fréttirnar fyrir lesbískt ástarævintýri, segir að óléttan hafi gert kraftaverk fyrir samlíf hennar og eiginmannsins, Brad Pitt. „Ég elska að vera ólétt og ég var svo heppin að eiga mann sem fannst það sexí,“ sagði Jolie í viðtali við Marie Claire. „Nokkrum vikum áður en Shiloh kom í heiminn borðuðum við saman við kertaljós og hlustuðum á öldurnar og þetta var ótrúlega rómantískt,“ bætir Jolie við.

# Michael og Kryddin í eina sæng

**Kryddpíurnar ætla sér að hamra járnið á meðan það er heitt en nú styttist óðum í fyrstu tónleika sveitarinnar.**

Samkvæmt News of the World eru stúlkurnar núna í samningaviðræðum við George Michael um að hann semji fyrir þær jólalag. Hefð hefur verið fyrir því að sigurvegari raunveruleikaþáttarins X-factor syngi vinsælasta jólalag hvers árs en nú ætla Kryddin ógurlegu að skáka því. „Stúlkurnar eru mjög spenntar fyrir samstarfinu við George,“ lét náinn samstarfsmaður hafa eftir sér í samtali við blaðið. „Hann er auðvitað einn hæfileikaríkasti lagahöfundur okkar tíma og þetta ætti að gera endurkomuna enn stærri og meiri,“ bætir heimildarmaðurinn við. Michael samdi auðvitað hið ódauðlega Last Christmas og flutti það ásamt hljómsveit sinni Wham! og stúlkurnar þurfa einhverja slíka kanónu til að slá við X-factor sigurvegaranum. „Þótt þetta fyrirbæri Simon Cowell virðist óstöðvandi eru stúlkurnar hvergi bangnar og ætla sér stóra hluti í þessari endurkomu.“



**SPENNTAR** Stúlkurnar í Spice Girls vilja fá George Michael til að semja fyrir sig jólalag.



**SÍÐUSTU JÓL** George Michael samdi hið ódauðlega Last Christmas og flutti það ásamt Andrew Ridgeley í Wham!.


KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

**Meðferð fyrir karla sem beita ofbeldi.**

**Ofbeldi á heimilum - Er til leið út úr vandanum?**

Heimilisofbeldi er alvarlegt vandamál. Það fer þó leynt og fylgir mikil skömm fyrir alla sem málið varðar.

**Ofbeldið getur birst í ýmsum myndum:**

**Líkamlegt ofbeldi - Andlegt ofbeldi - Kynferðislegt ofbeldi**

Ef þú þekkir einhvern sem hefur beitt eða verið beittur ofbeldi á heimilinu getur þú gert honum greiða með því að benda á hvað hægt er að gera í málinu.

Nú býðst körlum sem vilja losna úr viðjum ofbeldisbeitingar aðstoð. Þótt karlar séu ekki einir um að beita ofbeldi er meðferðarúrræðið aðeins fyrir þá.

Um er að ræða einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Upplýsingar um viðtalsbeiðnir eru í síma:

**555 3020**

**Taktu ábyrgð – hringdu strax!**

**Fyllsta trúnaðar er gætt**

Einstaklingsviðtal kostar 2000 krónur.

# Lohan féll á lyfjaprófi

Lindsay Lohan hefur fengið eitt tækifæri í viðbót til að haga sér eins og ætlast er til á meðferðarstofunni í Utah þar sem hún dvelur nú, en hún féll á lyfjaprófi sem tekið var í vikunni. Lohan hefur verið vöruð við því að lyfjapróf verði tekin án nokkurs fyrirvara og henni verði hent út ef næsta próf sýni jákvæðar niðurstöður.

Lohan hefur verið í meðferð í rúma viku og að sögn heimildarmanna hefur hegðun hennar verið afar slæm. Hún skrópar á fundi, neitar að borða og vill engin samskipti hafa við nokkurn mann.



**LINDSAY LOHAN** Virðist ekki hafa nokkurn áhuga á að vinna bug á eiturlyfjafíkn sinni.

# *Quake Wars á leiðinni*

Tölvuleikurinn Quake Wars verður fáanlegur fyrir PC-tölvur frá og með 28. september í Evrópu. Um er að ræða fyrstu persónu fjölspilunar-skotleik þar sem hermenn berjast við geimverurnar Strogg um yfirráð yfir jörðinni.

„Að fá þetta tækifæri til að hanna Enemy Territory Quake Wars hefur verið frábært," sagði Paul Wedgwood, eigandi hönnunarfyrirtækisins Splash Damage. Leikurinn hefur þegar unnið til meira en fimmtán viðurkenninga og hefur af mörgum verið talinn einn af leikjum ársins. Leikurinn gerist árið 2065 og geta leikmenn annars vegar stýrt hermönnum og hins vegar geimverunum. Quake Wars er einnig í framleiðslu fyrir Xbox 360 og PlayStation 3.



**QUAKE WARS** Leikurinn verður fáanlegur í Evrópu frá og með 28. september.



**DREYFUS** Julia Louis-Dreyfus leikur á móti vini sínum Jason Alexander í The New Adventures Of Old Christine.

# Aftur saman á skjánum

Gömlu Seinfeld-leikararnir Julia Louis-Dreyfus og Jason Alexander ætla að leika saman á ný í gamanþætti Louis-Dreyfus, The New Adventures of Old Christine.

Alexander fer með hlutverk sölumanns sem fer á stefnumót með Louis-Dreyfus. Alexander, sem er 47 ára, var sjö sinnum tilnefndur til Emmy-verðlaunanna á árunum 1990 til 1998 fyrir hluterk sitt í Seinfeld. Louis-Dreyfus vann Emmy-verðlaun á síðasta ári fyrir frammistöðu sína í Old Christine. Hún vann einnig Emmy-verðlaun fyrir leik sinn í Seinfeld.



**MAGNI** Fyrsta plata Magna kemur út í Bandaríkjunum 2. október.

# Fáanleg í október

Fyrsta sólóplata rokkstjörnunnar Magna Ásgeirssonar verður fáanleg í stafrænu formi í Bandaríkjunum frá og með 2. október næstkomandi. Magni á stóran aðdáendahóp í Bandaríkjunum eftir þátttöku sína í raunveruleikaþættinum Rock Star: Supernova og því verður fróðlegt að sjá hvernig viðtökur platan fær.

„Ég er rosalega ánægður með að þetta er loksins að verða að veruleika og ég vona að þið getið beðið aðeins lengur," skrifaði Magni til aðdáenda sinna á MySpace-síðu sinni.

Plata Magna og lag hans If I Promise You The World eru enn í efsta sæti Tónlistans. Hefur platan selst í um tvö þúsund eintökum hérlendis.






| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DISTURBIA | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 14 |
| DISTURBIA | kl. 5:30 - 8 - 10:20 VIP | |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| RATATOUILLE M/- ENSKU TAL | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 10 |
| KRINGLUNNI | | |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6:30 - 8:30 - 10:30 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 8 - 10:10 DIGITAL | 7 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |

| SELFOSSI S. 482 3007 | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl. 8 - 10 | L |
| RUSH HOUR 3 | kl. 8 - 10 | 12 |
| AKUREYRI | | |
| LICENSE TO WED | kl. 8 | 7 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 | L |
| KEFLAVÍK | | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ASTRÓPÍA | kl. 8 - 10 | L |







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DISTURBIA | kl. 5.45, 8 og 10.30-POWER | 14 |
| BRETTIN UPP íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| THE BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 10.20 | 12 |
| RATATOUILLE íslenskt tal | kl. 3.35 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 3.40 | 10 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SURFS UP ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| BOURNE ULTIMATUM LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 - 8 -10.10 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS | |
|---|---|
| KL. 5.30 | Away From Her / Die Falscher |
| KL. 8 | Away From Her / Sicko / Cocaine Cowb. |
| KL. 10.30 | Sicko / Shortbus / The Bridge |
| | |
| EVENING | kl. 5.30 - 8 - 10.30 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 - 8 - 10.10 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BECOMING JANE | kl. 8 -10.30 | |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| DISTURBIA | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 | 12 |

MIÐASALA Á midi.is




# Frábær lokahnykkur Jazzhátíðar



Það var frekar fámennt á NASA þegar Stórsveit Samma hóf leik sinn á Nasa á laugardagskvöldið. Það átti hins vegar eftir að fjölga mikið í salnum eftir því sem leið á dagskrána. Stórsveitin byrjaði á nokkrum lögum af plötunni Fnykur sem kom út í vor, en kynnti síðan á svið Finnann Jimi Tenor. Jimi er sennilega þekktastur fyrir raftónlistina sem hann gaf út hjá Warp-fyrirtækinu, en hefur fengist við eitt og annað undanfarin ár, m.a. spilað með finnskum djassistum. Hann mætti í skikkjunni sinni með saxófóninn, þverflautuna, rafpíanó, moog og heimasmíðaða fótófóninn sinn sem minnir helst á þeramín.

Þetta er í annað sinn sem ég sé Stórsveit Samma. Frábær sveit full af hæfileikaríkum spilurum. Það var góð hugmynd að fá Jimi Tenor til samstarfs. Það jók á fjölbreytnina og kom með smá geggjun inn í sveit sem stundum virkar aðeins of prúð (snyrtilegir gaurar að skiptast á að taka sóló). Saman tóku Jimi og stórsveitin bæði lög eftir Jimi og Samma. Flott dagskrá þó að samspilið hefði eflaust verið enn betra eftir nokkra tónleika. Á meðal hápunkta má nefna Space Out, Call of the Wild, Trump Card, Nuclear Fusion, Funk Mood og lokalagið þar sem Sammi reif alla meðlimi á lappir og stórsveitin spilaði eins og hún hefði lagt líf sitt að veði.

Eftir nokkurt hlé og umrót á sviðinu (11 manna sveit tekur við af 19 manna sveit) komu meðlimir Antibalas á svið. Sveitin var stofnuð í Brooklyn fyrir níu árum og byrjaði á því að leika afróbeat í anda Fela Kuti og Tony Allen. Síðan hefur hún þróað tónlistina áfram og tekið inn áhrif annars staðar að, t.d. frá latin-tónlist, þó að afróbeatið sé enn undirstaðan. Hún hefur gefið út fjórar plötur, sú nýjasta, Security, kom út í vor og er frábær. Afróbeat er sambland af fönki, djass og vestur-afrískum ryþma. Antibalas er að öllu jöfnu 12–13 manna sveit, en þó að aðeins ellefu þeirra hafi spilað á Nasa á laugardagskvöldið kom það ekki að sök. Ótrúlega flott tónlist og algerlega óhugsandi að sitja kyrr undir henni. Antibalas er ein af þessum hljómsveitum sem ná hæstu hæðum á tónleikum. Meðlimirnir leggja mikið upp úr stemningunni og dansa á sviðinu og spila af mikilli innlifun hvort sem við erum að tala um blásarana fjóra, gítarleikarana eða slagverksleikarana. Antibalas er mjög pólitísk sveit í stjórnarandstöðu (annað sem hún hefur frá Fela) þó að húmorinn sé líka alltaf til staðar. Hún tók lög af öllum fjórum plötunum sínum, m.a. Beaten Metal, I.C.E. og Government Magic og endaði á Fela Kuti-laginu Zombie. Eftir mikið uppklapp kom hún aftur og tók tvö lög til viðbótar, það síðara var Indictment.

Antibalas spilaði í um það bil tvo tíma og stemningin í salnum fór stigvaxandi allan tímann. Hreint út sagt stórkostlegir tónleikar.

**Trausti Júlíusson**



**RÍFANDI STUÐ** Antibalas spilar ótrúlega flotta tónlist og það er algerlega óhugsandi að sitja kyrr undir henni. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

**TÓNLEIKAR**

**Jazzhátíð í Reykjavík 2007**

**Stórsveit Samma ásamt Jimi Tenor og Antibalas**

Á Nasa 1. september

★★★★★

Lokahnykkur Jazzhátíðar 2007 heppnaðist frábærlega. Það var gaman að upplifa samspil Jimi Tenor og Stórsveitar Samma, en hápunktinum var náð með hinni funheitu afróbeat-sveit Antibalas.

# Stuttmyndir á 48 tímum

Allir þeir sem hefur dreymt um að gera stuttmynd en aldrei látið drauminn rætast geta tekið þátt í kabarettnum Gretti á kvikmyndahátíð. Grettir snýst um að hver sem er getur komið og tekið þátt í kabarettnum og gert stuttmynd á 48 tímum og fengið hana svo sýnda daginn eftir.

„Við erum að leita að fólki sem vill gera stuttmyndir. Leikstjórum, leikurum, tónlistarfólki, klippurum, ljósafólki, bökurum, skóurum, bara hverjum sem er sem langar að taka þátt í að gera stuttmyndir,“ segir Sylvain Lavigne sem stendur fyrir Gretti kabarett í tengslum við RIFF, alþjóðlegu kvikmyndahátíðina. Lavigne er kanadískur kvikmyndagerðarmaður. Kabarettinn er sprottinn upp frá kanadísku verkefni sem kallast Kino Kabarett. Verkefnið snýst um að fá fólk til að gera stuttmyndir frá grunni á 48 klukkutímum sem eru svo sýndar daginn eftir að þær eru tilbúnar. Síðustu ár hefur þetta verið gert í tengslum við kvikmyndahátíðir víða um heim. Hér verður þetta gert í tengslum við RIFF og ákveðnir hafa verið þrír sýningardagar þar sem afraksturinn verður sýndur.

„Allir mega taka þátt í þessu, fólk þarf ekkert að hafa komið nálægt kvikmyndagerð áður. Myndirnar mega vera hvernig sem er um hvað sem er. Ég hef sjálfur tekið þátt í svona kabarett í Berlín, Manchester og víðar og það hefur alltaf verið mjög gaman. Myndirnar sem verða til eru oft mjög flottar,“ segir Lavigne.

Þá sem langar að taka þátt í kabarettnum án þess að gera stuttmynd geta hýst þátttakendur. „Hluti af skemmtuninni við þetta er að fá að gista hjá einhverjum sem býr í borginni. Þannig kynnist maður fólki sem maður hefði annars ekki kynnst og upplifir borgina allt öðruvísi en túristi.“

Þeir sem vilja vera með skrá sig í bækistöðvum kabarettsins þegar kvikmyndahátíðin byrjar. Nánar verður tilkynnt síðar hvar bækistöðvarnar verða.

jara@frettabladid.is



**STUTTMYNDIR Á 48 TÍMUM** Sylvain Lavigne er kanadískur kvikmyndagerðarmaður sem ætlar að fá Íslendinga til að gera hraðstuttmyndir í tengslum við kvikmyndahátíðina í haust.

# Biður mömmu um hjálp

Victoria Beckham hefur beðið mömmu sína um að koma og hjálpa sér með börnin á meðan hún ferðast með stúlknasveitinni Spice Girls. Þetta kemur fram í News of the World. Eins og blaðið greindi frá í síðustu viku hafa tvær fóstrur yfirgefið Beckham-hjónin og sakað þau um yfirgang og hvers kyns leiðindi. Victoria hefur því þurft að sjá um krakkana sjálf og þegar nú hillir undir endurkomu Spice Girls er ljóst að fína kryddið þarf á allri hjálp að halda.

Samkvæmt heimildum News of the World er Jackie Adams sú eina sem Victoria treystir fyrir börnunum. „Jackie tók virkan þátt í flutningunum og aðstoðaði meðal annars við að finna handa þeim barnapíur. Jackie lofaði dóttur sinni að hún myndi vera hjá þeim fyrstu sex mánuðina en nú þarf Victoria á meiri hjálp að halda,“ segir heimildarmaður News of the World. Og Jackie ku víst vera einasekja í heiminum sem Victoria veit að verður henni til halds og trausts, alltaf.



**AÐSTOÐARLAUS** Barnapíur Victoriu hafa yfirgefið hana og nú stendur móðirin ein eftir.

DELL MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA™ HOME PREMIUM

# VIÐ KYNNUM NÝJA DELL INSPIRON FARTÖLVU – LITRÍKT ÚRVAL

Dual-core. Do more.




**8 MISMUNANDI LITIR**

**HD SKJÁR**

**MEDIADIRECT**

**INNBYGGÐ 2,0 MEGAPIXLA VEFMYNDAVÉL**

**WI-FI CATCHER™**

## VELDU ÞINN LIT!



## INSPIRON 1520 KOSTAR 129.900,- eða 4.969,- á mánuði (miðað við 36 mánuði)

- Intel® Core™ 2 Duo örgjörvi T5250
- 1,50GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 Cache
- 2GB 667MHz Dual Channel DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- 15,4" Widescreen WXGA+ (1440x900) TrueLife skjár
- Innbyggð 2,0 megapixla myndavél
- 256MB nVidia GeForce Go 8600M GT skjákort
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- 8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Dual Core örgjörvi og 15,4" WideScreen skjár gerir það að verkum að Inspiron 1520 hentar vel í hverskonar margmiðlun og tölvuleiki. Inspiron 1520 fæst í 8 litum og því átt þú að geta fundið eina sem passar þér. Snjöll og einföld, ef þú leitar að gæðafartölvu er Inspiron 1520 tölvan fyrir þig.

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc. Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

www.ejs.is

## > Helgi ekki meira með?



Óvíst er hvort Helgi Sigurðsson geti tekið þátt í lokaspretti Landsbankadeildarinnar en hann varð fyrir meiðslum í leik Víkings og Vals í gær. Helgi tognaði á læri og varð að fara af velli á 20. mínútu og er alls óvíst hversu lengi hann verður að jafna sig. Það þarf ekki að fjölyrða um hversu mikið áfall það yrði fyrir Val að missa Helga á lokasprettinum enda hefur hann verið sjóðheitur og er markahæsti leikmaður Landsbankadeildarinnar.

**sport**

sport@fretta-

### EINAR BOLLASON: BER SAMAN FLAUTUKÖRFUR PÁLMARS SIGURÐSSONAR 1986 OG KÖRFU JAKOBS SIGURÐARSONAR:

# *Flautukarfa Pálmars var mun mikilvægari*



Einar Bollason var í Höllinni í síðustu viku þegar Jakob Örn Sigurðarson tryggði íslenska landsliðinu 76-75 sigur á Georgíu með þriggja stiga körfu á síðustu sekúndunni. Einar var þjálfari íslenska liðsins árið 1986 þegar frægasta flautukarfa í sögu íslenska landsliðsins leit dagsins ljós en hún var líka skoruð á fjölum Laugardalshallarinnar. Pálmar Sigurðsson tryggði íslenska liðinu þá 75-72 sigur á Norðmönnum og þar með sæti í b-keppninni í fyrsta skiptið.

„Karfan hans Pálmars er örugglega frægasta flautukarfan í sögu landsliðsins enda skipti hún ólíkt meira máli heldur en þessi karfa hjá Jakobi. Hún tryggði okkur sæti í b-úrslitum en b-úrslitin þá voru bara eins og hluti af a-úrslitunum núna því a-þjóðirnar voru bara fjórar efstu þjóðirnar plús heims- og Ólympíumeistarar," rifjar Einar upp. „Þetta var algjör úrslitaleikur í riðlinum og þessi karfa var ekkert skoruð við þriggja stiga línuna heldur var hann svona tveimur metrum fyrir utan og ég held að hann hafi verið með hálft norska liðið í andlitinu á sér þegar hann lét vaða. Pálmar var ein mesta þriggja stiga skytta okkar á þessum tíma og honum var bara falið þetta," lýsir Einar, sem var mættur í Höllina til að fylgjast með landsliðinu gegn Georgíu.

„Ég var búinn að gefa upp alla von því okkar menn voru búnir að fara svo illa að ráði sínu. Við hefðum átt að vera búnir að vinna þennan leik þremur til fjórum sóknum áður," segir Einar og bætir við: „Þetta er tvímælalaust einn af okkar stóru sigrum í landsleikjasögunni því Sovétríkin hefðu getað sent fimm til sex landslið á Ólympíu- og heimsleika sem hefðu verið meðal tólf efstu. Georgía er eitt af þessum ríkjum þar sem körfuboltinn er í hávegum hafður. Ég held að við myndum ekki vinna marga leiki á móti þeim ef við færum í einhverja leikjarunu. Það breytir samt engu um úrslitin í fyrrakvöld sem voru alveg stórkostleg. Ég tek ofan fyrir okkar strákum og gamla landsliðshjartað tók kipp að sjá baráttuna í liðinu," segir Einar.



## ÚRSLIT

### *VISA-bikar karla:*

FH-Breiðablik 3-1
1-0 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (52.), 1-1 Prince Rajcomar (65.), 2-1 Tryggvi Guðmundsson (100.), 3-1 Atli Guðnason (120.).

### *Landsbankadeild karla:*

Víkingur-Valur 1-5

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 15 | 10 | 4 | 1 | 36:19 | 34 |
| **2. Valur** | **15** | **9** | **4** | **2** | **36:18** | **31** |
| 3. ÍA | 15 | 7 | 4 | 4 | 28:22 | 25 |
| **4. Fylkir** | **15** | **7** | **3** | **5** | **17:16** | **24** |
| 5. Breiðablik | 15 | 4 | 7 | 4 | 22:14 | 19 |
| **6. Keflavík** | **15** | **5** | **4** | **6** | **23:25** | **19** |
| 7. HK | 15 | 4 | 3 | 8 | 14:30 | 15 |
| **8. Fram** | **15** | **3** | **4** | **8** | **21:27** | **13** |
| 9. Víkingur | 15 | 3 | 4 | 8 | 14:26 | 13 |
| **10. KR** | **15** | **2** | **5** | **8** | **12:26** | **11** |



**VÍTI?** Blikar vildu fá víti í framlengingunni þegar boltinn virtist fara í hönd Freys Bjarnasonar. Þeir virðast hafa haft eitthvað til síns máls ef eitthvað er að marka þessa mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tryggvi Guðmundsson:

## Vorum betri

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson átti enn einn stórleikinn fyrir FH í gær, skoraði mark og lagði upp annað.

„Við áttum að klára þetta fyrr og ég var orðinn pirraður að fá aldrei boltann. Við gáfumst samt ekki upp, vorum töluvert betri og áttum sigurinn svo sannarlega skilinn," sagði Tryggvi brosmildur. - hbg

# Tvennan er í augsýn hjá FH-ingum

**Íslandsmeistarar FH tryggðu sér sæti í úrslitum VISA-bikarsins með frábærum sigri á Blikum, 3-1. FH fékk fjöldamörg tækifæri til að klára leikinn en það tókst ekki fyrr en í framlengingu. Þá var aðeins eitt lið á vellinum. Leikurinn var frábær skemmtum og stórkostleg auglýsing fyrir íslenska knattspyrnu.**

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH tóku stórt skref í átt að tvennunni sem þeir hafa elt undanfarin ár þegar þeir lögðu Breiðablik í fyrri undanúrslitaleik VISA-bikarsins. Jafnt var eftir venjulegan leiktíma, 1-1, en FH-ingar yfirspiluðu Blika í framlengingunni, skoruðu tvö mörk og hefðu hæglega getað bætt við fleiri mörkum. FH er því búið að ná langþráðu markmiði, að komast í úrslit bikarsins, þar sem liðið mætir annað hvort Fylki eða Fjölni en þau mætast í kvöld.

FH-ingar mættu mjög beittir til leiks og sóttu af miklu kappi. Sóknarlína FH-inga var einstaklega vinnusöm og framlínumenn Hafnfirðinga héldu varnarmönnum Blika við efnið. Sérstaklega var Matthías Guðmundsson beittur framan af en gaman var að fylgjast með einvígi hans og Arnórs Aðalsteinssonar.

Ekki tókst liðunum að skora í fyrri hálfleik en aðeins sjö mínútur voru liðnar af síðari hálfleiknum þegar Ásgeir Gunnar Ásgeirsson nýtti sér skelfileg mistök Nenads Petrovic til fullnustu og þrumaði boltanum í netið. FH-ingar héldu áfram að þjarma að Blikum, áttu margar stórskemmtilegar sóknir en Casper Jacobsen átti sannkallaðan stórleik og hann bjargaði Blikum hvað eftir annað.

Kópavogsbúar gáfust ekki upp en þeir áttu nokkrar hættulegar skyndisóknar þar sem Gunnar Örn Jónsson og Prince Rajcomar fóru fremstir í flokki. Prince jafnaði fyrir Blika á 65. mínútu þegar skot Árna Gunnarssonar endaði í fótunum á honum. Prince lagði boltann fyrir sig og skoraði auðveldlega.

Þrátt fyrir fjölda færa hjá báðum liðum á síðustu tíu mínútunum fór boltinn ekki inn og því varð að framlengja. Það er skemmst frá því að segja að FH-ingar höfðu yfirburði í framlengingunni og Blikar virtust gjörsamlega bensínlausir. Sérstaklega sat miðjan eftir en sóknina vantaði sárlega meiri stuðning frá miðjunni í leiknum. FH hefði getað skorað fjölda marka en létu tvö nægja. Fyrst skoraði Tryggvi Guðmundsson eftir þegar hann hirti frákast í teignum en Guðmann Þórisson hefði átt að vera búinn að hreinsa. Tryggvi lagði svo upp mark fyrir Atla Guðnason á lokamínútu leiksins. 3-1 sigur sem var fyllilega verðskuldaður.





**2-1** Tryggvi Guðmundsson sést hér skora annað mark FH í leiknum og fagna því með Guðmundi Sævarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég er alltaf stressaður á hliðarlínunni. Það er það góða við mig. Þegar ég hætti að vera stressaður þá er ég hættur í fótbolta," sagði kampakátur þjálfari FH, Ólafur Jóhannesson, en hann fór mikinn á hliðarlínunni. „Við áttum að klára leikinn í venjulegum leiktíma," sagði Ólafur, sem var gríðarlega sáttur við framlenginguna. „Þegar allir eru þreyttir skiptir knattspyrnuleg geta máli og hún er meiri í FH-liðinu en í Blikaliðinu."

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, var eðlilega þungur á brún eftir leikinn. „Maður er tómur. FH-ingarnir voru betri framan af en eftir jöfnunarmarkið komum við inn í leikinn. Við vorum svolítið bensínlausir í framlengingunni. Það sem situr samt eftir í lokin er hversu ólíkir sjálfum okkur við vorum í leiknum, þá er ég að tala um slæmar sendingar og allt stöðumat."

Ólafur vildi ekkert tjá sig um dómgæsluna en það mátti sjá á látbragði hans að hann vildi fá víti í framlengingunni. „Ég vil samt segja að FH er vel að sigrinum komið og ég óska þeim til hamingju."

henry@frettabladid.is

**Víkingur 1-5 Valur**

Víkingsvöllur, áhorf.: 1.010 Sævar Jónsson (x)

*0-1 Gunnar Einarsson (29.)*
*0-2 Guðmundur Benediktsson (33.)*
*0-3 Baldur Aðalsteinsson (43.)*
*0-4 Dennis Bo Mortensen (52.)*
*1-4 Egill Atlason (63.)*
*1-5 Pálmi Rafn Pálmason (70.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–17 (6–9) |
| Varin skot | Ingvar 4 – Kjartan 5 |
| Horn | 5–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–7 |
| Rangstöður | 3–1 |

| VÍKING. 4–5–1 | | VALUR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Þór Kale | 5 | Kjartan Sturluson | 7 |
| Höskuldur Eiríks. | 3 | Gunnar Einarsson | 6 |
| Grétar Sigfinnur | 5 | Atli Sveinn | 7 |
| (49., Valur Úlfars. | 3) | Barry Smith | 8 |
| Milos Glogovac | 3 | René Carlsen | 7 |
| Hörður Bjarnason | 6 | Baldur Aðalsteins. | 7 |
| (20., Egill Atlason | 4) | Sigurbjörn Hreiðars. | 6 |
| Arnar Jón Sigurg. | 3 | ***Pálmi Rafn** | **8** |
| Jón B. Hermanns. | 4 | Bjarni Ólafur Eiríks. | 5 |
| Stefán Sveinbjörns. | 6 | Guðmundur Ben. | 8 |
| Þorvaldur Sveins. | 3 | (79., Hafþór Ægir | -) |
| Gunnar Kristjánsson | 5 | Helgi Sigurðsson | - |
| Sinisa Kekic | 4 | (18., Dennis Mort. | 8) |
| (Pétur Svansson | -) | | |

**Maður leiksins*

Valur hefur ekki sagt sitt síðasta orð í baráttunni við FH um Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu:

# Valsmenn skutu Víkinga á bólakaf í Víkinni

**FÓTBOLTI** Valsmenn hanga ennþá í skottinu á Íslandsmeisturum FH. Líkurnar á að innbyrðis viðureign liðanna í 17. umferð deildarinnar muni ráða úrslitum hafa því aukist enn frekar og fari svo að Valsmenn vinni þann leik er allt eins líklegt að markatalan muni hafa allt að segja. Þar standa þeir rauðklæddu betur eftir stórsigurinn í gær, með 18 mörk í plús gegn 17 mörkum FH.

„Við erum ekkert að hugsa um markatöluna en það kom aldrei neitt annað til greina en að halda áfram að sækja í síðari hálfleik. Mér fannst við spila frábærlega og mörkin hefðu getað verið fleiri. Það er bullandi sjálfstraust í liðinu um þessar mundir og við ætlum að láta FH-inga hafa fyrir hlutunum allt til enda," sagði Pálmi Rafn Pálmason í leikslok, en hann átti mjög góðan leik miðju Vals.

Heimamenn í Víkingi byrjuðu leikinn í gær reyndar mun betur og höfðu yfirhöndina framan af. Valsmenn voru í raun langt frá sínu besta fyrsta hálftímann og ekki bætti úr skák að markahrókurinn Helgi Sigurðsson þurfti af fara af velli vegna meiðsla eftir tæplega 20 mínútur. Það var því nokkuð gegn gangi leiksins sem gestirnir komust yfir með skallamarki Gunnars Einarssonar.



**0-4** Dennis Bo Mortensen skallar hér boltann auðveldlega í netið og kemur Val í 0-4 í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Markið reyndist mikið áfall fyrir Víkinga og má segja að þeir hafi algjörlega brotnað niður við mótlætið. Valsmenn bættu við tveimur mörkum fyrir hálfleik, bæði úr aukaspyrnum rétt utan vítateigs sem dæmdar voru á það sem virtist vera fremur litlar sakir.

Guðmundur Benediktsson skoraði það fyrra með glæsilegu skoti og Baldur Aðalsteinsson það síðara, þar sem skotið fór af varnarveggi Víkinga og í markið. Svo virtist sem Víkingar væru enn að stilla upp varnarveggnum þegar Baldur lét skotið ríða af en dómarinn Sævar Jónsson, sem réð engan veginn við verkefnið í gær, lét markið standa.

„Þetta var vond dómgæsla," sagði Grétar Sigfinnur Sigurðarson, varnarmaður Víkinga, eftir leikinn. Hann bætti þó við að Valsmenn hefðu átt sigurinn fyllilega skilinn. „Þeir keyra yfir okkur í síðari hálfleik, enda með klassalið sem á fyllilega skilið að vera í toppslagnum. Við áttum ekki möguleika í síðari hálfleik."

Þremur mörkum yfir gegn vængbrotnum Víkingum spiluðu Valsmenn af miklu sjálfsöryggi í síðari hálfleik og bættu Dennis Bo Mortensen og Pálmi Rafn við auðveldum mörkum í síðari hálfleik. Víkingar reyndu hvað þeir gátu og uppskáru eitt mark en um leið voru þeir stálheppnir að fá ekki á sig mun fleiri mörk. - vig




B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



**KANOUTE** Ekki að skafa utan af hlutunum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Kanoute um Jol:

## Með leiðinlegar æfingar

**FÓTBOLTI** Franski framherjinn Fredi Kanoute er ekki mikill aðdáandi Martins Jol, stjóra Spurs, en Kanoute segir leiðinlegar æfingar stjórans hafa verið mikið vandamál þegar hann lék með Tottenham.

Kanoute hefur blómstrað á Spáni síðan hann gekk í raðir Sevilla og segir stóran mun á Jol og Juande Ramos, þjálfara Sevilla, sem er einmitt sterklega orðaður við Tottenham.

„Báðir þjálfararnir eru alvarlegar týpur en Ramos er nær sínum leikmönnum. Það er hægt að tala við hann án vandkvæða en Jol er flóknari persónuleiki. Ég hef mætt á margar æfingar hjá Jol þar sem hann gerði lítið annað en að öskra en ég tel hann hafa gert það til að sýna að hann sé stjórinn. Ramos er skemmtilegri stjóri og mér líkar lífið á æfingum hjá honum en það var oft hundleiðinlegt á æfingum hjá Tottenham,“ sagði Kanoute. - hbg

# Gio er leynivopn Franks Rijkaard

*Átján ára mexíkóskur strákur sló í gegn á undirbúningstímabilinu hjá Barcelona og eykur enn við sóknarþunga snillinganna og samkeppnina hjá Eiði Smára Guðjohnsen í framlínu liðsins.*

**FÓTBOLTI** Framtíð Eiðs Smára Guðjohnsen hjá Barcelona hefur verið mikið í umræðunni, ekki síst þar sem spænska liðið keypti Thierry Henry frá Arsenal í sumar.

Það er samt ekki koma Henrys á Nou Camp sem er að gera út um framtíð okkar manns á Spáni heldur 18 ára strákur frá Mexíkó. Giovanni dos Santos hefur slegið í gegn á undirbúningstímabilinu og nýtt sér það til fullnustu að Eiður Smári hefur hvorki farið með liðinu til Skotlands né Asíu vegna hnémeiðsla sem tóku sig upp á æfingu.

Giovanni er heldur betur að nýta sín fyrstu tækifæri með aðalliði Barca, skoraði síðasta markið í 3-1 sigri á Hearts, skoraði fyrsta markið í 3-0 sigri á kínverska liðinu Beijing Guoan, skoraði síðan sigurmark liðsins í 1-0 sigri á japanska liðinu Yokohama og loks fjórða og síðasta markið í 4-0 sigri á Mission Hills sem var lokaleikurinn í Asíuferðinni. Hann skoraði alls fjögur mörk í undirbúningsleikjum liðsins fyrir tímabilið.

Giovanni dos Santos er fæddur árið 1989 í Monterrey í Mexíkó. Hann er 175 cm, örvfættur og getur spilað hvar sem er í kringum fremsta mann. Dos Santos kemur af miklum knattspyrnuættum, faðir hans, Gerardo dos Santos, kallaður „Zizinho“, lék með Clubs América og León í Mexíkó á níunda áratugnum og yngri bróðir hans, Jonathan, spilar með unglingaliði Barcelona. Gio hefur verið hjá Barcelona í fimm ár og hefur unnið sig upp í gegnum unglingastarf félagsins.

Dos Santos er þegar búinn að sanna sig á stórmótum yngri landsliða en hefur enn ekki verið valinn í A-liðið. Dos Santos varð heimsmeistari með 17 ára liði Mexíkó árið 2005 og fékk bronsskóinn sem þriðji besti leikmaðurinn á HM 20 ára liða sem fram fór í Kanada í sumar. Dos Santos skoraði þá þrjú mörk og hjálpaði Mexíkó inn í átta liða úrslitin.



**VERÐANDI STÓRSTJARNA** Giovanni dos Santos stóð sig frábærlega með Barcelona á undirbúningstímabilinu. NORDICPHOTOS/AFP

Frank Rijkaard hrósaði dos Santos eftir sigurinn á Yokohama. „Hann er leynivopnið okkar. Hann kom inn af krafti, skoraði, skaut í stöngina og hreyfði sig mjög vel á vellinum. Strákurinn er duglegur og getur hjálpað liðinu hvenær sem er,“ sagði Rijkaard. Ronaldinho var einnig sáttur við framlag þessa unga mexíkóska leikmanns.

„Ég er mjög ánægður með hann því hann er ungur leikmaður með mikla hæfileika. Ég vona að hann geti hjálpað okkur og njóti þess að spila með okkur hinum,“ sagði Ronaldinho.

Giovanni hefur ítrekað verið líkt við Ronaldinho enda eru þeir mjög svipaðir á velli, með frábæra tækni og mikinn sprengikraft. Giovanni er best lýst sem ungum og örvfættum Ronaldinho en hann hefur einmitt verið uppáhaldsleikmaður stráksins alla tíð.

Ronaldinho, Thierry Henry, Samuel Eto´o, Lionel Messi og nú Giovanni dos Santos. Þó að við höfum mikla trú á okkar manni í mikilli samkeppni þá er erfitt að sjá hann vinna sig til baka úr meiðslum og reyna að slá einhvern af fyrrnefndum snillingum út úr liðinu. - óój


KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2007

**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda– framhalds – og talæfingaflokkum
ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA
ÞÝSKA
ÍSLENSKA stafsetning og ritun
ÍSLENSKA fyrir útlendinga I
ÍSLENSKA fyrir útlendinga II
ÍSLENSKA fyrir útlendinga III
ÍSLENSKA fyrir útlendinga IV

**Verklegar greinar**
FRÍSTUNDAMÁLUN
GLERBRENNSLA
LOPAPEYSUPRJÓN
SKRAUTRITUN
TRÉSMÍÐI
ÚTSKURÐUR

**Saumanámskeið**
BÚTASAUMUR
CRAZY QUILT
FATASAUMUR / BARNAFATASAUMUR
FATABREYTINGAR
ÞJÓÐBÚNINGUR - SAUMAÐUR
SKRAUTSAUMUR – Baldering Skattering

**Matreiðslunámskeið**
GÓMSÆTIR BAUNA– PASTA –OG GRÆNMETISRÉTTIR.
GÓMSÆTIR HOLLIR SUÐRÆNIR RÉTTIR FRÁ MIÐJARÐARHAFS- LÖNDUNUM
HRÁFÆÐI
MATARMIKLAR SÚPUR OG HEIMABAKAÐ BRAUÐ
MATARGERÐ FYRIR KARLMENN I Grunnnámskeið
MATARGERÐ FYRIR KARLMENN II Framhaldsnámskeið
SPENNANDI BÖKUR

**Tölvunámskeið**
FINGRASETNING
VEFSÍÐUGERÐ FrontPage
TÖLVUGRUNNUR
TÖLVUGRUNNUR Framhald
WORD Ritvinnsla

**Garðyrkjunámskeið**
GARÐURINN ALLT ÁRIÐ
HAUST – OG VORLAUKAR

**Innritun í síma 564 1507 3.- 14. sept. kl. 10 - 18**
*á vef skólans http:// kvoldskoli.kopavogur.is eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla*
*Fyrstu námskeiðin hefjast hefjast 18. september*
*Nánari upplýsingar eru einnig á vefsíðu skólans*
*Vefsíða:http:// kvoldskoli.kopavogur.is Netfang: kvoldskoli@kopavogur.is*




**GLAZER-FJÖLSKYLDAN** Ætlar að halda áfram að stýra Manchester United og segir félagið ekki vera til sölu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Glazer-fjölskyldan hafnar orðrómi um yfirtöku:

## Man. Utd er ekki til sölu segja Glazer-feðgar

**FÓTBOLTI** Glazer-fjölskyldan, sem á Manchester United, segir ekkert hæft í þeim orðrómi að til standi að selja félagið fjárfestum í Dubai og Kína.

„Manchester United er ekki til sölu. Glazer-fjölskyldan á ekki í neinum viðræðum um sölu á félaginu og er heldur ekki að leita eftir viðræðum,“ sagði talsmaður Glazer-fjölskyldunnar.

Samkvæmt breskum fjölmiðlum hafði hópur fjárfesta frá Kína samband við Glazer-fjölskylduna fyrir nokkrum mánuðum til að athuga hvort möguleiki væri á að fjölskyldan myndi vilja selja. Talið var að Malcolm Glazer vildi selja þar sem hagnaður félagsins hefði ekki staðið undir væntingum.

Glazer-fjölskyldan greiddi 790 milljónir punda fyrir United fyrir rúmum tveimur árum en stuðningsmenn United mótmæltu sölunni mjög harkalega og vildu ekki sjá Bandaríkjamennina á Old Trafford. Nokkurt vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og Glazer-fjölskyldan hefur unnið fjölda stuðningsmanna aftur á sitt band þar sem hún hefur eytt meiru í leikmannakaup en búist var við. - hbg


**HESKEY** Hefur staðið sig ágætlega í upphafi tímabils. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska landsliðið:

## Kallað á Emile Heskey

**FÓTBOLTI Steve McClaren, landsliðsþjálfari Englands, hefur kallað á Emile Heskey í hópinn á nýjan leik enda margir framherjar enska landsliðsins meiddir. Má þar nefna Wayne Rooney og Peter Crouch.**

**Heskey hefur spilað 43 landsleiki og skorað í þeim fimm mörk. Hann lék síðast fyrir landsliðið í mars 2005.** - hbg


**SHARAPOVA** Vanmat pólskan andstæðing sinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

US Open í tennis:

## Sharapova óvænt úr leik

**TENNIS** Maria Sharapova mun ekki verja titil sinn á opna bandaríska mótinu í tennis en hún tapaði mjög óvænt fyrir átján ára pólskri stelpu, Agniezska Radwanska, í þriðju umferð.

Sharapova leiddi framan af en missti síðan allan mátt og laut í gras. - hbg


**RONALDO** Keypti fimm vændiskonur fyrir sig og félaga sína, þar á meðal Nani sem situr hér við hlið hans. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hneyksli hjá Man. Utd:

## Vændiskonur hjá Ronaldo

**FÓTBOLTI Breska slúðurpressan hefur farið hamförum síðustu daga eftir að upp komst að Cristiano Ronaldo keypti fimm vændiskonur sem skemmtu sér með honum og félögum hans hjá Man. Utd, Nani og Anderson.**

**Atvikið átti sér stað eftir leik Man. Utd og Tottenham en stúlkunum var keyrt heim til Ronaldos þar sem þær skemmtu sér með leikmönnunum í nokkra klukkutíma.**

**Slúðurblaðið News of the World birti viðtal við tvær af vændiskonunum í gær þar sem hvergi var dregið undan í lýsingum. Vændiskonurnar kvörtuðu sáran yfir því að leikmennirnir hefðu ekki borið virðingu fyrir þeim.** - hbg

Mikið skrifað um ástæður brotthvarfs Ayesteran:

# Var of vinalegur við José Mourinho

**FÓTBOLTI** Það hefur vakið talsverða athygli að Pako Ayesteran hefur yfirgefið herbúðir Liverpool en hann hefur verið hægri hönd stjórans, Rafa Benitez, síðustu ellefu ár.

Margt hefur verið ritað um ástæður þess að hann fór frá Liverpool og slúðurblaðið News of the World heldur því fram að samband þeirra hafi versnað mikið síðustu mánuði og síðasta stráið hafi verið þegar Ayesteran hafi verið fullvinalegur við José Mourinho, stjóra Chelsea, eftir umdeildan jafnteflisleik liðanna fyrr á tímabilinu. Benitez ku hafa orðið brjálaður þegar hann sá aðstoðarmann sinn faðma og grínast við Mourinho skömmu eftir leikslok en Mourinho er ekki ofarlega á jólakortalista spænska stjórans.

Fyrst slettist upp á vinskap þeirra félaga í sumar þegar Ayesteran fór í atvinnuviðtal hjá Athletic Bilbao án þess að láta Liverpool vita. - hbg


**VINSKAPURINN Á ENDA?** Rafael Benitez og Pako Ayesteran eru hættir að vinna saman eftir ellefu ára samstarf. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


ISIO4 – Gættu heilsunnar í dag svo þú njótir morgundagsins.




*Til að tryggja heilbrigði líkama og hugar þarftu mataræði sem er í jafnvægi: prótín úr kjöti og fiski, vítamín úr ávöxtum og grænmeti, mjólkurvörur sem færa þér kalkið, sterkjufullan mat til að fá orku … og jurtaolíu fyrir það sem gleymist of oft: nauðsynlegar fitusýrur (Omega 3 og Omega 6).*

**ISIO4** – náttúruleg uppspretta nauðsynlegra fitusýra: Omega 3 og Omega 6. Nauðsynlegar fitusýrur leika lykilhlutverk í að tryggja allri fjölskyldunni góða heilsu.

Omega 3 hjálpar hjarta- og blóðæðum að starfa rétt og Omega 6 hjálpar til við að draga úr óæskilegu kólesteróli. Því miður getur líkami þinn ekki framleitt sjálfur þessar nauðsynlegu fitusýrur. Hann getur aðeins fengið þær úr matnum sem þú borðar.

**Lausnin er einföld:**
2 matskeiðar af ISIO4 daglega tryggja líkama þínum það magn af Omega 3 og Omega 6 fitusýrum sem hann þarfnast.

**ISIO4 – formúla sem virkar**
LESIEUR, helsti framleiðandi matarolía í Frakklandi, hefur þróað ISIO4. Eftir margra ára rannsóknir er niðurstaðan þessi einstaka formúla sem sameinar fjórar olíur og færir þér það besta úr hverri: Canola, Oléisol (sólblómaolía með áþekkri næringarefnasamsetningu og ólífuolía), sólblóma og vínberjafræ. ISIO4 er rík af E-vítamínum sem hægja á öldrun fruma og hún inniheldur líka D-vítamín sem eru nauðsynleg til að viðhalda styrk beinanna. ISIO4 færir þér ánægju og jafnvægi og viðheldur upprunalegu bragði og lykt matarins. Hún hentar jafnt sem bragðbætir, til eldunar og djúpsteikingar.

**ISIO4 – holl olía fyrir alla**
- Ómettaðar fitusýrur í réttu magni: of mikið magn þessara fitusýra er ekki gott fyrir heilsuna.
- Rétt magn af nauðsynlegum fitusýrum: Omega 3 og Omega 6 í æskilegum hlutföllum.
- Laus við kólesteról.
- Inniheldur D- og E-vítamín.




LESIEUR

Uppskrift:
Kryddaðir kartöflugeirar
Nanna Rögnvaldardóttir

6-800 g bökunarkartöflur,
3-4 msk. ISIO4-olía,
1 tsk. paprikuduft,
1 tsk. timjan,
1 tsk. kummin (má sleppa),
skvetta af tabasco-sósu,
nýmalaður pipar, salt.

Hitaðu ofninn í 215°C. Skerðu kartöflurnar í geira. (Bestar með hýðinu en það má líka afhýða þær fyrst.) Blandaðu ISIO4-olíu, paprikuduftí, timjani, kummini, tabasco-sósu, pipar og salti vel saman í stórri skál. Settu kartöflubátana út í og veltu þeim upp úr olíunni. Raðaðu þeim á plötu klædda bökunarpappír og bakaðu þá í miðjum ofni í 25-30 mínútur, eða þar til þeir eru brúnir og stökkir að utan og meyrir í gegn. Snúðu þeim einu sinni á bökunartímanum.

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin*

ARSENAL - PORTSMOUTH 3-1
1-0 Emmanuel Adebayor (8.), 2-0 Cesc Fabregas (35.), 3-0 Tomas Rosicky (59.), 3-1 Nwankwo Kanu (60.).

ASTON VILLA - CHELSEA 2-0
1-0 Zat Knight (47.), 2-0 Gabriel Agbonlahor (88.).

BLACKBURN ROVERS - MAN. CITY 1-0
1-0 Benni McCarthy (13.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Liverpool** | **4** | **3** | **1** | **0** | **11-2** | **10** |
| Arsenal | 4 | 3 | 1 | 0 | 7-3 | 10 |
| **Everton** | **5** | **3** | **1** | **1** | **8-5** | **10** |
| Chelsea | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-6 | 10 |
| **Man. City** | **5** | **3** | **0** | **2** | **4-2** | **9** |
| Newcastle | 4 | 2 | 2 | 0 | 6-3 | 8 |
| **Blackburn** | **4** | **2** | **2** | **0** | **5-3** | **8** |
| Man. United | 5 | 2 | 2 | 1 | 3-2 | 8 |
| **Wigan Athletic** | **5** | **2** | **1** | **2** | **6-4** | **7** |
| Aston Villa | 4 | 2 | 1 | 1 | 5-3 | 7 |
| **West Ham** | **4** | **2** | **1** | **1** | **5-3** | **7** |
| Middlesbrough | 5 | 2 | 1 | 2 | 7-6 | 7 |
| **Portsmouth** | **5** | **1** | **2** | **2** | **7-8** | **5** |
| Tottenham | 5 | 1 | 1 | 3 | 8-8 | 4 |
| **Fulham** | **5** | **1** | **1** | **3** | **8-10** | **4** |
| Birmingham | 5 | 1 | 1 | 3 | 6-9 | 4 |
| **Sunderland** | **5** | **1** | **1** | **3** | **3-8** | **4** |
| Reading | 5 | 1 | 1 | 3 | 2-8 | 4 |
| **Bolton** | **5** | **1** | **0** | **4** | **7-10** | **3** |
| Derby County | 5 | 0 | 1 | 4 | 3-15 | 1 |



**EIÐUR SMÁRI** Mjög eftirsóttur.

Harry Redknapp:

# Nálægt því að fá Eið Smára

**FÓTBOLTI Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth, sagði við breska fjölmiðla í dag að hann hefði verið nálægt því að fá Eið Smára Guðjohnsen til félagsins áður en félagaskiptaglugginn lokaðist á miðnætti síðasta föstudag.**

**„Við vorum að vinna í samningum en þá meiddist Eiður þannig að ekki var hægt að ganga frá málinu," sagði Redknapp, sem útilokaði ekki að reyna aftur að fá Eið í janúar þegar félagaskiptaglugginn opnast á ný.** - hbg

Haukar komu talsvert á óvart með því að leggja Stjörnuna sem var ósigrandi síðasta vetur:

# Reynsluboltarnir í liði Hauka of stór biti fyrir Stjörnuna

**HANDBOLTI** Bikarmeistarar Hauka unnu verðskuldaðan 26-32 sigur á Íslandsmeisturum Stjörnunnar í Meistarakeppni kvenna í Ásgarði í gær. Leikurinn var ágætlega spilaður og gaf góð fyrirheit fyrir veturinn því að Íslandsmeistararnir hafi verið nokkuð frá sínu besta.

Leikurinn var jafn framan af en Haukar áttu góða leikkafla um miðbik bæði fyrri og seinni hálfleiks sem skildu liðin að lokum að.

Stjarnan var með yfirburðalið í fyrra en missti fjóra landsliðsmenn fyrir tímabilið, sem minnkar breiddina í liðinu til muna. „Auðvitað er erfitt að missa svo marga leikmenn en við erum að byggja upp nýtt lið á gömlum grunni og það tekur tíma," sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, að leik loknum en þetta var fyrsti ósigur Stjörnunnar síðan í janúar.

„Að tapa er tilfinning sem ég var búinn að gleyma og mér finnst hún ekki góð. Lykilmenn brugðust í dag og voru ekki nógu hungraðir til að taka annan bikarinn á jafn mörgum dögum," sagði Aðalsteinn en Stjarnan varð Reykjavíkurmeistari á laugardaginn.

Díana Guðjónsdóttir, þjálfari Hauka, var að vonum ánægð. „Þetta lofar góðu. Frábær vörn lagði grunninn að þessum sigri og hitt fylgdi með. Ég vildi leyfa þessum reynsluboltum sem byrjuðu leikinn að klára verkefnið og kveðja Ásgarð með sigri," sagði Díana, sem er bjartsýn fyrir spennandi vetur. - gmi

*Mörk Stjörnunnar: Sólveig Lára Kjærnested 7 (10), Rakel Dögg Bragadóttir 5/2 (8/2), Alina Petrache 5/1 (14/2), Birgit Engl 3 (6), Ásta Björk Agnarsdóttir 2 (4), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (2), Arna Gunnarsdóttir 1 (1), Ásdís Sigurðardóttir 1 (2). Varin skot: Florentina Grecu 11/1, Helga Vala Jónsdóttir 5*

*Mörk Hauka: Hanna G. Stefánsdóttir 12/4 (14/4), Ramune Pekarskyte 9 (12), Sandra Stojkovic 4 (8), Erna Þráinsdóttir 3 (4), Harpa Melsted 2 (4), Nína K. Björnsdóttir 2 (5). Varin skot: Bryndís Jónsdóttir 9.*



**GLAÐBEITT** Hanna Guðrún Stefánsdóttir sést hér með bikarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Chelsea laut í gras gegn Aston Villa

**Aston Villa gerði sér lítið fyrir og lagði Chelsea, 2-0, í gær. Mourinho spáir opnari titilbaráttu en áður. Arsenal vann góðan sigur á Portsmouth, 3-1, og Blackburn lagði Manchester City, 1-0.**

**FÓTBOLTI** José Mourinho, stjóri Chelsea, spáir opnari titilbaráttu en síðustu ár í kjölfar þess að lið hans tapaði fyrir Aston Villa, 2-0. Þetta var fyrsta tap Chelsea í deildinni í átján leikjum.

„Liðin fyrir aftan þau fjögur stærstu hafa verið að eyða meiri peningum í leikmenn og því munum við sjá stóru liðin tapa fleiri stigum en áður. Hin liðin hafa styrkst mikið og Villa er eitt af þeim liðum. Deildin verður opin en menn mega ekki gleyma því að mótið er rétt að byrja," sagði Mourinho, sem hefði sætt sig við stig miðað við hvernig leikurinn þróaðist.

Athygli vakti að Roman Abramovich, eigandi Chelsea, rauk úr stúkunni hundfúll eftir að Villa hafði skorað sitt annað mark í leiknum. Ný greiðsla José Mourinho vakti líka óskipta athygli en karlinn mætti með allt greitt aftur í anda Pats Riley körfuboltaþjálfara.

„Þessi úrslit lyfta okkur upp og ég er gríðarlega ánægður með framlag minna leikmanna í þessum leik. Þeir voru frábærir og lögðu sig alla fram," sagði glaðbeittur stjóri Aston Villa, Martin O'Neill.

Lærisveinar Arsene Wenger hjá Arsenal áttu góðan leik þegar þeir lögðu Portsmouth, 3-1. Spánverjinn Cesc Fabregas átti frábæran leik á miðjunni hjá Arsenal og Wenger líkti honum við Paul Scholes, leikmann Man. Utd, eftir leikinn.

„Ég bjó til myndband með Cesc eftir síðasta tímabil og þið trúið ekki hvað hann kom sér í mörg færi á leiktíðinni. Þegar hann var ungur skoraði hann mikið af mörkum og það er ekki slæmur sjúkdómur. Stundum hverfur þessi hæfileiki til að skora en kemur aftur þegar leikmenn þroskast. Cesc er að mörgu leyti líkur Scholes, hann spilar bolta vel, les leikinn vel og tímasetur hlaup sín í teiginn líka vel. Hann er aðeins tvítugur og menn mega ekki gleyma því," sagði Wenger. „Annars var frammistaða okkar liðs frábær á köflum hér í dag."

Hveitibrauðsdagar Sven-Göran Eriksson hjá Manchester City eru á enda en liðið tapaði sínum öðrum leik í röð í gær er það heimsótti Blackburn.

„Við munum koma til baka. Ég hef engar áhyggjur af þessu. Ég hef trú á leikmönnum liðsins. Maður finnur að þetta er gott fótboltalið. Við sköpuðum ekki nóg af færum í dag og það veldur vonbrigðum. Við verðum að vera grimmari á síðasta þriðjungi vallarins." henry@frettabladid.is



**2-0** Leikmenn Aston Villa fögnuðu mörkum sínum tveimur gegn Chelsea vel og innilega í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


## Ferðir á heimaleiki Arsenal

Úrval Útsýn býður upp á ferðir á alla heimaleiki Arsenal í vetur og eru miðarnir okkar í Club Level stúkunni og er innifalið í verði 3 rétta hlaðborð á Club Level hæðinni. Nánari upplýsingar um Club Level miðana er að finna á www.uu.is

**Leikirnir sem í boði eru fram að áramótum eru sem hér segir**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 21-24 sept | Arsenal v Derby | 73.500 kr | |
| 5-8 október | Arsenal v Sunderland | 79.500 kr. | |
| 19-22 okt. | Arsenal v Bolton | 79.500 kr. | |
| 2-5 nóvember | Arsenal v Man.Utd | 92.500 kr. | uppselt |
| 23-26 nóv. | Arsenal v Wigan | 79.500 kr. | |
| 14-17 des. | Arsenal v Chelsea | 92.500 kr. | |

**Verðin eru á mann í tvíbýli og er eftirfarandi innifalið :**
flug ,skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði, miði á leikinn á Club level hæð og 3 rétta máltíð (án drykkja) fyrir leik á Club level hæðinni

**Nánari upplýsingar á www.uu.is eða í síma 585-4000**

CLUB LEVEL

Ferðaskrifstofa

Leyfishafi Ferðamálastofu


Björgvin Hólmgeirsson stal senunni í Meistarakeppni HSÍ í gærkvöldi:

# Stjarnan kvaddi Ásgarð með sigri

**HANDBOLTI** Bikarmeistarar Stjörnunnar sigruðu Val, 25-26, í hörkuleik í Meistarakeppni HSÍ í gærkvöldi. Þetta var síðasti opinberi handboltaleikur sem Stjarnan leikur í Ásgarði og kvaddi liðið heimavöll sinn til margra ára með stæl.

Leikurinn var jafn og spennandi allan tímann en Stjarnan var allan tímann á undan að skora. Þegar sex mínútur voru eftir af leiknum náði Stjarnan fjögurra marka forskoti sem Valur náði ekki að brúa þrátt fyrir góðan endasprett.

Í Val vantaði þá Markús Mána Michaelsson og Erni Hrafn Arnarson vegna meiðsla og munar um minna. Valur verður klárlega með eitt af betri liðum vetrarins en liðið samanstendur af sama kjarna og varð Íslandsmeistari í vor.

Stjarnan mun gera tilkall til allra þeirra bikara sem eru í boði enda liðið frábærlega mannað og mikil breidd í liðinu með tilkomu öflugra nýrra leikmanna. Einn þeirra, Björgvin Hólmgeirsson, sá til að bikarinn sem keppt var um í kvöld fór í Garðabæinn með frábærum síðari hálfleik þar sem hann skoraði sex mörk og lagði upp fjölmörg önnur fyrir félaga sína. Patrekur Jóhannesson var mjög ánægður með framlag Einars og hinna nýju leikmannanna.

„Ungu leikmennirnir, Björgvin og fleiri, eiga eftir að spila stórt hlutverk í okkar liði í vetur. Þetta eru öflugir leikmenn eins og sást í leiknum," sagði Patrekur. „Það er mjög gaman á æfingum. Það eru sprækir strákar í liðinu sem hafa mikinn metnað. Þeir vilja komast í landsliðið og atvinnumennsku. Maður finnur fyrir kraftinum og þess vegna tollir maður ennþá í þessu. Í fyrra vorum við með reyndari menn en núna erum við með spræka leikmenn og góða blöndu reyndra og ungra leikmanna," sagði Patrekur.

*Mörk Vals: Fannar Friðgeirsson 7/1 (14/2), Arnór Gunnarsson 5 (8/1), Ingvar Árnason 2 (4), Elvar Friðgeirsson 4 (8/1), Anton Rúnarsson 3 (4), Hjalti Pálmason 3 (11), Kristján Karlsson 1 (2), Atli Rúnar Steinþórsson (1). Varin skot: Ólafur Gíslason 12, Pálmar Pétursson 1.*

*Mörk Stjörnunnar: Björgvin Hólmgeirsson 8 (15), Gunnar Ingi Jóhannsson 5 (5), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (4), Hermann Björnsson 3 (4), Björn Friðriksson 2 (3), Patrekur Jóhannesson 2 (5), Heimir Örn Árnason 2 (6), Guðmundur Guðmundsson (2), Ragnar Helgason (1). Varin skot: Roland Valur Eradze 15/2, Hlynur Morthens 5.*

- gmi



**GÓÐ BYRJUN** Björgvin Hólmgeirsson byrjaði vel með Stjörnunni og skoraði átta mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KRISTJÁN ÖRN** Skoraði dýrmætt mark í gær.

Norski boltinn:

## Kristján með sigurmark

**FÓTBOLTI** Akureyringurinn Kristján Örn Sigurðsson tryggði Brann mikilvægan sigur á Sandefjord í gær. Kristján skoraði eina mark leiksins og Brann heldur því efsta sætinu í deildinni.

Ólafur Örn Bjarnason var einnig í byrjunarliði Brann en Ármann Smári Björnsson sat á bekknum allan leikinn.

Gunnar Heiðar Þorvaldsson fékk tækifæri með Vålerenga í gær en náði ekki að skora í 3-2 sigri liðsins gegn Start. Gunnar Heiðar fór af leikvelli á 66. mínútu en Jóhannes Harðarson kom ekki við sögu hjá Start í leiknum. - hbg

Körfuboltalandslið karla:

## Sigur í Lúxemborg

**KÖRFUBOLTI Karlalandsliðið gerði góða ferð til Lúxemborgar um helgina þar sem heimamenn voru lagðir með 89 stigum gegn 73. Góður sigur hjá íslenska liðinu sem var undir í leikhléi, 49-36.**

**Logi Gunnarsson fór mikinn í íslenska liðinu og skoraði 21 stig. Fannar Ólafsson og Páll Axel Vilbergsson komu næstir með 15 stig.** - hbg



**SVEINN ELÍAS ELÍASSON** Á framtíðina fyrir sér.

Sveinn Elías Elíasson:

## NM-meistari á nýju meti

**FRJÁLSAR** Hinn stórefnilegi frjálsíþróttakappi Sveinn Elías Elíasson úr Fjölni varð í gær Norðurlandameistari unglinga í 400 metra hlaupi en mótið fer fram í Danmörku.

Sveinn Elías hljóp á nýju drengjameti, 48,03 sekúndum.

Þorsteinn Ingvarsson úr HSP nældi svo í bronsverðlaun í 110 metra grindahlaupi en hann kom í mark á 14,54 sekúndum.

Þeir félagar unnu samtals til fernra verðlauna á mótinu en Sveinn Elías fékk silfur í 200 metra hlaupi og Þorsteinn fékk annað brons í langstökki. - hbg

Ekkert klúður hjá NBA-stjörnunum:

# Bandaríska körfuboltaliðið á leið til Peking

**FÓTBOLTI** Bandarísku NBA-stjörnurnar voru ekki í neinum vandræðum með að tryggja sér farseðilinn á Ólympíuleikana í Peking sem fram fara næsta sumar. Bandaríkjamenn rúlluðu yfir Púertó Ríkó, 135-91, og tryggðu sér með því farseðilinn til Peking en þess má geta að Púertó Ríkó lagði Bandaríkin á Ólympíuleikunum í Aþenu í eftirminnilegum leik.

„Ég veit ekki hvort við verðum mikið betri en þetta,“ sagði LeBron James en þetta var næsthæsta skor bandaríska liðsins síðan það byrjaði að spila með NBA-leikmenn árið 1992. „Við hittum svakalega vel, tókum góð fráköst og spiluðum hörkuvörn. Svona á lið að spila. Við höfum blessunarlega spilað eins og lið alla þessa undankeppni.“

Carmelo Anthony var stigahæstur með 27 stig og Michael Redd kom næstur með 23. James var með 19 stig og Kobe Bryant kom þar á eftir með 15.

Það var ekki blásið til neinna veisluhalda í kjölfarið enda litu leikmenn á verkefnið sem skylduverk. - hbg



**HEITIR** LeBron James og Kobe Bryant léku vel fyrir bandaríska liðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




## > KIEFER SUTHERLAND

„Gauguin er eftirlætis málarinn minn, ekki af því að mér finnst hann frábær málari heldur af því að hann var frábær listamaður. Hann hafði trú á því sem hann gerði og yfirgaf allt sitt til að fylgja sinni ástríðu. Ég virði hann svo mikið fyrir þetta þar sem ég hef ekki slíkt hugrekki,“ sagði Kiefer eitt sinn í viðtali. Hann leikur í Taking Lives á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR SAKNAR GAMALKUNNUGRA ANDLITA

# *Ljósabrúnkan eykst enn á fréttastofunum*

Fyrir ekki svo löngu hættu fjölmargir sjóaðir fréttamenn á RÚV, þegar það var háeffað. Því miður. Eldri fréttamenn, helst á fimmtugsaldri eða ofar, eru margfalt meira traustvekjandi en þeir yngri. Áhorfendum finnst gott að vita að maðurinn sem fer með allar þessar ægilega merkilegu staðreyndir á skjánum hafi sopið einsog eina öldu eða tvær. Það er trúverðugra ef hann er veðraður í andliti, frekar en vaxaður. Markaðsdeildir stöðvanna hljóta að vita þetta líka.

Eða hver tekur mark á sjónvarpsmanni sem virðist hafa eytt meiri tíma í hárgreiðslu, föt og förðun en að kynna sér viðfangsefnið?

Heimur versnandi fer og fært skal til bókar að ljósabrúnka, ungur aldur og almennur krúttleiki virðast helstu skilyrði þess að nýju fólki er treyst í sjónvarpið. Sérstaklega mætti hin ríkisrekna sjónvarpsstöð gefa þessu gaum. Hún ætti ekki að þurfa glans og gimmikk til að laða þjóðina að skjánum. Hún á bara að vera þarna. Traust og trú.



Þorgerður Katrín gæti kannski tekið sér Fídel Kastró til fyrirmyndar í þessum efnum. Ríkissjónvarp Kúbu er frægt fyrir að vera samansafn ljótasta fólks eyjunnar. Enda þykist það ekki vera meira en það er; upplýsingaveita ríkisins.

Í vikunni heyrðist svo að reyndum og góðum fréttamanni hefði af einhverjum ástæðum verið sagt upp störfum á Stöð tvö. Sá fréttamaður er meira að segja afar snoppufríður, en eitthvað skorti á ljósabrúnkuna.

Gaman væri að vita – það er eiginlega rannsóknarefni – hversu mjög meðalstarfsaldur fréttamanna í sjónvarpi hefur lækkað síðan ljósabekkjaæðið skall á þarna á tímum Hófíar.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55 Bikarkeppnin í fótbolta** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.45 Weeds** STÖÐ 2



▶ **22.00 Taking Lives** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00 Monk** SIRKUS



▶ **21.00 Raines** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Myndasafnið**

**18.01 Gurra grís** (55:104)

**18.05 Lítil prinsessa** (29:30)

**18.17 Halli og risaeðlufatan** (25:26)

**18.30 Vinkonur** (50:52)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**19.55 Bikarkeppnin í fótbolta** Seinni undanúrslitaleikurinn í Visa bikarkeppni karla. Við eigast Fylkir og Fjölnir í beinni útsendingu frá Laugardalsvelli.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Fjölskyldumaðurinn** (2:3) Bresk framhaldsmynd í þremur þáttum um Patrick Stowe, lækni sem fæst við tæknifrjóvganir, og fern hjón sem til hans leita. Meðal leikenda eru Trevor Eve, Michelle Collins, Daniela Denby-Ashe og Lennie James.

**23.20 Bráðavaktin** (7:23) Endursýndur þáttur þrettándu syrpu úr þessari sívinsælu bandarísku þáttaröð. Aðalhlutverk Laura Innes, Mekhi Phifer, Goran Visnjic, Maura Tierney, Parminder Nagra, Linda Cardellini, Shane West og Scott Grimes. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**00.05 Út og suður** (14:16) e.

**00.35 Kastljós**

**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 I, Robot**

**08.00 Clint Eastwood: Líf og ferill**

**10.00 Everyday People**

**12.00 Kicking and Screaming**

**14.00 Clint Eastwood: Líf og ferill**

**16.00 Everyday People**

**18.00 Kicking and Screaming**

**20.00 I, Robot**

▶**22.00 Taking Lives** Æsispennandi sálfræðitryllir með Angelinu Jolie, Ethan Hawke og Kiefer Sutherland. Sérfræðingur FBI fer til Kanada til að rannsaka röð morða.

**00.00 State Property**

**02.00 The Juror** (e)

**04.00 Taking Lives**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**

**07.25 Kalli á þakinu**

**07.50 Litlu Tommi og Jenni**

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi 2005**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (11.120)

**10.15 Homefront**

**11.00 Whose Line Is it Anyway?**

**11.25 Sjálfstætt fólk**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Sisters 4** (2.22)

**13.55 Shall We Dance?**

**15.55 S Club 7** (e)

**16.18 Galdrastelpurnar** (23.26)

**16.38 BeyBlade**

**17.03 Camp Lazlo 1**

**17.28 Froskafjör**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Nágrannar**

**18.23 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**19.20 The Simpsons** (12.22) (e)

**19.45 Friends**

**20.10 Heima hjá Jamie Oliver** (8.13)

**20.40 Men In Trees** (12.17) Bráðkemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandssérfræðing sem kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni.

**21.25 Pirate Master** (14.14) Nú kemur í ljós hver mun standa uppi sem sjóræningjameistarinn eftir margra vikna erfiða keppni. 2007. Leyfð öllum aldurshópum.

▶**22.45 Weeds** (3.10) Eftir að eiginmaður hennar deyr snögglega lendir húsmóðirin, Nancy Botwin í miklum fjárhagsvandræðum.

**23.15 Weeds** (4.10)

**23.45 NCIS NÝTT** (1.24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. 2006.

**00.30 Footballers´ Wives** (5.8)

**01.20 Escape. Human Cargo**

**03.05 Shall We Dance?**

**04.50 Heima hjá Jamie Oliver**

**05.20 The Simpsons** (12.22) (e)

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SÝN besta sætið

**07.00 Landsbankadeildin 2007** (Víkingur - Valur)

**12.30 PGA Tour 2007** Sýnt frá þriðja hring Deutsche Bank mótsins sem leikinn var í gær.

**15.30 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 07/08)

**17.10 Landsbankadeildin 2007** (Víkingur - Valur)

**19.00 PGA Tour 2007** Sýnt frá lokahring Deutsche Bank mótsins sem fram fer í Boston. Þetta er annað mótið af fjórum í FedEx bikarnum og eru 120 kylfingar eftir. FedEx bikarinn er haldinn í fyrsta sinn í ár og eru miklar upphæðir í húfi.

**22.00 Spænsku mörkin 2007-2008** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Einnig eru rakin umdeildustu atvikin, brottrekstrarnir og bestu marktækifærin.

**22.45 Þýski handboltinn** Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.

**23.25 David Beckham - Soccer USA** (6.13)

**23.55 Heimsmótaröðin í póker 2006** Snjöllustu pókerspilararnir sitja að borðum.

## SÝN2

**07.00 Premier League 2007/2008** Leikur Aston Villa og Chelsea sem fram fór um helgina.

**15.05 Coca-Cola Championship**

**16.45 English Premier League 2007/08**

**17.45 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**18.40 Coca-Cola Championship**

**20.35 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**21.00 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**22.00 Coca Cola mörkin 2007-2008**

**22.30 Coca-Cola Championship**

**00.10 Premier League 2007/2008** (Liverpool - Derby)

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Thick & Thin** (e)

**18.15 Dr. Phil** Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas, heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð. Frábærir þættir sem létta manni lífið!

**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19.30 How Clean Is Your House?** (e)

**20.00 Friday Night Lights** (3.22) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Eftir slæmt tap grípur Taylor þjálfari til róttækra aðgerða til að sameina leikmennina og fá þá til að vinna betur saman.

▶**21.00 Raines** (2.7) Bandarísk þáttaröð með Jeff Goldblum í aðalhlutverki. Hann leikur lögreglumann sem rannsakar morðmál og nær óvenjulegu sambandi við fórnarlömbin. Þegar illa útlitið lík rekur á land fær Raines það hlutverk að komast að hver hinn látni er. Yfirmaður hans hefur áhyggjur af Raines og sendir hann til sálfræðings sem Madeleine Stowe leikur.

**22.00 C.S.I. New York - NÝTT** Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.

**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna

**23.15 3 Lbs (e)**

**00.05 Sleeper Cell (e)**

**00.55 Vörutorg**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





ENNEMM / SÍA / NM29461

Í KVÖLD KL. 22.00
Á SKJÁEINUM

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.25**

### Pirate Master - lokaþáttur



Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvöru sjóræningjaskipi. Eftir margra vikna baráttu sem einkenndist af baktjaldamakki og svikum er komið að því að tilkynna hver ber sigur úr býtum og hlýtur milljón dollara í verðlaun.

**▶ Við mælum með**

### C.S.I: NEW YORK - NÝTT

**Skjár einn kl. 22.00**

Nú er þriðja þáttaröðin í þessari bandarísku sakamálaseríu að hefjast. Þættirnir fjalla um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Í kvöld finnst maður myrtur á Brooklyn-brúnni og eina vísbendingin sem rannsóknardeildin hefur úr að vinna er bónorð sem hann hafði látið rita á háhýsi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Stofa sex
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Grannar okkar
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum
**20.00** Ljóðabókin syngur
**21.00** Framtíð lýðræðis
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Landnemasögur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.30 Fréttir**

**19.00 Hollyoaks** (5.260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi, þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

**19.30 Hollyoaks** (6.260)

**20.00 The War at Home** (19.22) Gamanþættirnir The War at Home hafa slegið í gegn. Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir gera. Geta Vicky og Dave virkilega skammað krakkana sína fyrir að gera eitthvað sem þau gerðu sjálf í æsku?

**20.25 Most Shocking** Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engann sinn líka. Hér er meðal annars fylgst með lögreglunni á þeirra mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.

**21.15 Smallville** (8.22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd.

**▶ 22.00 Monk** (7.16) Fyrrverandi rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni.

**22.45 The Tudors** Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Meyers er hér í hlutverki Hinriks VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstitilinn.

**23.40 The 4400** (8.13)

**00.25 Joan of Arcadia** (21.22) (e)

**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Hustle **13.00** Hustle **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Home Front **18.00** Hustle **19.00** Canterbury Tales **20.00** Swiss Toni **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Hustle **22.00** Dad's Army **22.30** Canterbury Tales **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Hustle **2.00** Hustle **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies

## DR 1

**12.20** DR Jobbussen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM **14.30** Pink Panther Animation **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** Store Nørd **15.30** Min farfars rekordbog **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Sporløs **18.30** Det store år **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - hånden på vuggen **21.10** Kodenavn Hunter **22.10** Dinas Dates **22.40** Hjerteflimmer

## NRK 1

**12.05** Skjergardsdokteren **13.00** Hemmelig agent på moped **13.30** Ghost Trackers **14.00** Gatefotball **14.30** Duck Dodgers **14.50** Mini-kryp **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Ganefryd **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Det lille spøkelset Laban **16.10** Dyrlege Due **16.20** Angelina Ballerina **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen: Magasin **18.15** Kos og kaos **18.45** Valg 07 Distrikt og Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Valg 07 - Folkemøte **20.45** Extra-trekning **21.00** Kveldsnytt 21.15 Heroes **22.05** Heroes **22.45** Filmplaneten **23.15** Kulturnytt **4.25** Frokost-tv

## SVT 1

**11.55** De satte livet på spel **12.35** Soldat Bom **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Real Science **15.25** Flag Stories - in English **15.30** Krokomax **16.00** Harry och hans hink med dinosaurier **16.10** Berättelser från hönsgården **16.20** Lauras stjärna **16.30** Barndomshistorier **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Grand Prix **17.30** Rapport **18.00** Älskade cigarett **18.50** Astronauter **19.00** Indien och oavhängigheten **20.20** Den isländska musiken **21.45** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.05** Barnens egna stigar **23.05** Sändningar från **SVT24** **4.00** Gomorron Sverige




**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Þegar ég er ekki að hlusta á grjóthrunið í Hólshreppi þá hlusta ég á allt nema Eagles.“*

Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík.

# Guðrún setur Hótel Hellnar á sölu

„Ég er búin að reka hótelið ein í þrjú ár og það tekur á. Það getur verið svolítið einangrandi og ég er þannig gerð að mér finnst skemmtilegra að starfa í félagi með einhverjum,“ segir Guðrún Bergmann, eigandi Hótels Hellna í Snæfellsbæ, en hún hefur sett hótelið á sölu og hyggst snúa sér að öðrum verkefnum.

Hótel Hellnar hefur notið sívaxandi vinsælda á meðal erlendra ferðamanna og hefur Guðrún unnið mikið og gott starf við uppbyggingu hótelsins síðustu ár. „Reksturinn gengur mjög vel og það hefur verið aukning á hverju einasta ári. Þetta ár er það langbesta hingað til, gestir eru mjög ánægðir og hótelið er greinilega búið að skapa sér nafn,“ segir Guðrún, en hótelið hefur verið rekið í því rekstrarformi sem það er í nú frá árinu 2000. Alls tuttugu herbergi eru á hótelinu og segir Guðrún að hver sá sem taki við af henni taki við góðu búi. „Landið er mjög gott og það er mikið af uppbyggingarmöguleikum. En ég get ekki hugsað mér að leggjast í slíkar framkvæmdir ein.“

Spurð segist Guðrún ekki búin að ákveða hvað hún taki sér næst fyrir hendur. „Ég hef nokkrar hugmyndir. Ég hef hug á því að vinna að umhverfismálum og það yrði gaman að byrja að skrifa bækur aftur. Svo hef ég hug á því að flytjast nær börnunum og barnabörnunum.“



**BREYTIR TIL** Guðrúnu langar að vera nær börnunum og barnabörnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2.** grunnflötur **6.** 999 **8.** sjór **9.** framkoma **11.** dreifa **12.** skástoð **14.** krakka **16.** guð **17.** stansa **18.** umfram **20.** bardagi **21.** snudda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** steypuefni **3.** hljóm **4.** ítalskur ofnréttur **5.** af **7.** græn baun **10.** sigti **13.** frjó **15.** rétt **16.** fljótfærni **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gólf, **6.** ím, **8.** mar, **9.** fas, **11.** sá, **12.** stífa, **14.** barns, **16.** ra, **17.** æja, **18.** auk, **20.** at, **21.** snuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** gifs, **3.** óm, **4.** lasanja, **5.** frá, **7.** matbaun, **10.** sía, **13.** fræ, **15.** satt, **16.** ras, **19.** ku.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Kristín Ástgeirsdóttir.
2. Derby County.
3. Larry Craig.

RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR: KEYPTI SÉR NÝJAN BMW

# Sjónvarpsstjarna verðlaunar sjálfa sig með glæsikerru

Sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir ekur nú um götur borgarinnar á glænýjum BMW sem hún festi kaup á fyrir skemmstu. Glæsikerran er af svokallaðri 3-línu BMW, en bílarnir í þeirri línu þykja einkar nettir og sparsamir miðað við kraftinn í þeim. Ragnhildur Steinunn staðfesti við Fréttablaðið að hún væri komin á nýjan bíl en vildi annars ekkert hafa eftir sér um málið.

BMW-þristarnir eru af mörgum stærðum og gerðum og kosta frá rúmum þremur milljónum upp í sex milljónir. Í umfjöllun um 3-línuna á heimasíðu B&L, söluaðila BMW-bifreiða á Íslandi, segir að bílarnir skili ökumönnum ósvikinni akstursánægju. Þristarnir séu hátíð skynfæranna og þá eru mögulegir kaupendur varaðir við því að þeir sem taki einu sinni um vel lagað aðgerðastýri 3-línunnar séu líklegir til að sleppa aldrei takinu af því aftur.

Þessi lýsing á nokkuð vel við Ragnhildi því hún hefur mikla og góða reynslu af BMW í gegnum fjölskyldu sína í gegnum árin. Kærasti hennar, knattspyrnumaðurinn og sálfræðineminn Haukur Ingi Guðnason, hefur keyrt BMW í nokkur ár og hefur líklega náð að koma dellunni yfir á konu sína.

Líklegt má telja að með bílakaupunum hafi Ragnhildur verið að verðlauna sjálfa sig fyrir þrotlausa vinnu undanfarin ár. Hún útskrifaðist nýlega með glans úr Háskóla Íslands þar sem hún lærði sjúkraþjálfun en samhliða náminu hefur Ragnhildur verið í fullu starfi hjá Kastljósi RÚV auk þess sem hún hefur reynt fyrir sér á leiksviðinu og á hvíta tjaldinu með góðum árangri. Þá hefur hún verið kynnir á hinum ýmsu viðburðum RÚV undanfarin misseri, svo sem undankeppni Eurovision og Edduverðlaunanum.

vignir@frettabladid.is



**GLÆSILEGT EINTAK** Bílarnir í 3-línu BMW eru af mörgum stærðum og gerðum og kosta á bilinu 3-6 milljónir. Þeir þykja einstaklega mjúkir í akstri og eyða litlu miðað við þann kraft sem þeir skila.

**DUGLEG** Ragnhildur Steinunn hefur unnið eins og skepna síðustu árin samfara því að stunda fullt háskólanám.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Hróður reðursafns **Sigurðar Hjartarsonar** heldur áfram að berast út um allan heim en eins og Fréttablaðið hefur greint frá valdi vefsíðan OddEdge.com safnið það skrýtnasta í heimi. Nýlega var gamanleikarinn Will Forte úr Saturday Night Live í heimsókn hjá spjallþáttastjórnandanum vinsæla Conan O'Brian og ræddi þar um heimsókn sína til Íslands í sumar. Þar sagði Will að þótt næturlíf Reykjavíkur hefði vissulega verið frábært og náttúran ósvikin hefði heimsóknin á reðursafnið verið hápunktur ferðarinnar. Conan og Forte eyddu töluverðum tíma í að ræða um tilvist safnsins og var meðal annars birt mynd af leikaranum við einn af reðrum safnsins.



Mikið hefur farið fyrir aðstandendum Veðramóta en þeim var nýlega meinað að hengja upp veggspjald myndarinnar í Menntaskólanum í Reykjavík. Þeir hljóta þó að vera bjartsýnir á gott gengi myndarinnar enda hefur aðsókn á íslenskar myndir verið með hreinum ágætum. Astrópía komst yfir tíu þúsund áhorfenda markið í sinni fyrstu viku og því er ljóst að **Guðný Halldórsdóttir,** leikstjóri myndarinnar, bindur miklar vonir við gott gengi. Þá er umfjöllunarefnið heimili fyrir vandræðaunglinga fyrir vestan en ekki er langt síðan Breiðavíkurmálið náði hámæli í fjölmiðlum og Veðramót hefur því allt til brunns að bera til að geta náð góðum árangri.



NUDDNÁM
SOVmeðferð
www.nudd.is




# Ný og betri Júniformverslun

Fatahönnuðurinn Birta Björnsdóttir, eigandi Júniform, hefur staðið í ströngu síðustu vikuna við að rífa allt út úr verslun sinni á Hverfisgötu. „Það var bara löngu kominn tími á þetta. Þegar við byrjuðum að sauma hérna var allt gert til bráðabirgða, svo það var löngu kominn tími til að rífa allt út og endurnýja,“ sagði Birta í samtali við Fréttablaðið.

Birta fluttiinn á Hverfisgötuna ásamt Andreu Magnúsdóttur, sem þá var annar eigandi Júniform, árið 2002. „Þá var ekki einu sinni planið að opna búð hérna. Þetta átti bara að vera verkstæði fyrir tvær stelpur að leika sér, en varð búð áður en við vissum af,“ sagði Birta. Velgengni fatamerkisins hefur verið afar mikil og þess er skemmst að minnast að allar flíkur í versluninni seldust upp í kjölfar þess að Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir kynnti Eurovision-keppnina í fötum frá Birtu.

Júniform verður opnuð aftur á mánudag, þá full af nýjum vörum. „Ég var með lokað í eina viku og við erum búin að vera nokkur í því að tæta og trylla. Nú stend ég í nýrri, æðislegri búð,“ sagði Birta ánægð.

- sun



**TÍMABÆR ENDURNÝJUN** Birta Björnsdóttir segir rýmið aldrei hafa átt að verða búð, en hún hefur starfrækt Júniform á Hverfisgötunni í fimm ár.



**TÆTT OG TRYLLT** Birta Björnsdóttir hefur staðið í ströngu við að endurnýja Júniformverslunina við Hverfisgötu síðustu viku.



# IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

**Þrýstijöfnun er lykilorðið**



iq-care.com

## Ein besta heilsudýna í heimi

**IQ-CARE** aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
**IQ-CARE** er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
**IQ-CARE** er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
**IQ-CARE** aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
**IQ-CARE** er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
**IQ-CARE** þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

## VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

## S-CAPE

WALLHUGGER



**Hjónarúm með**
**okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.**

**Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.**

- Toppurinn frá stærsta framleiðanda heims.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðlátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðamót úr nylon.
- 12 ára ábyrgð.

## Sumartilboð

**Rýmum fyrir nýjum gerðum.**
**Gildir á meðan birgðir endast.**

SWISSFLEX

50 ára reynsla



### Loftrúm án rafmagns

**Hjónarúm með ViscoX heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 169.900 stgr.**

### Ný teppasett frá Canete



## PROFLEX



**Hjónarúm með**
**okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.**

Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi, hjá Svefn & heilsu. Frábær reynsla.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.



Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best
Nú bæði í Reykjavík og á Akureyri

## ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ SOFA OG HVÍLAST VEL



Dalsbraut 1

Svefn & heilsa

AKUREYRI



DÍSA Í WORLD CLASS



Listhúsinu Laugardal

Svefn & heilsa

REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

LYFJA
- Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
**Opið 8-24 alla daga**



## BAKÞANKAR
**Þráins Bertelssonar**

### *Rammigaldur í Borgarnesi*

Hundrað áhorfendur sem margir eru komnir langan veg sitja undir súð á háaloftinu í gömlu húsi. Kvöldskemmtunin sem fólkið bíður eftir er sú að maður birtist og segir þeim sögu. Söguna kunna flestir gestanna fyrir, hafa lesið hana í skóla eða að eigin frumkvæði. Sagan fjallar um mann sem var svo undarlega samsettur að það var eins og hann væri ofbeldishneigð blanda af Halldóri Laxness og Gunnari Huseby. Hann var fæddur í upphafi tíundu aldar. Egill Grímsson hét hann, jafnan nefndur Egill Skalla-Grímsson.

**SÖGUMAÐURINN** heitir Benedikt Erlingsson og býður áheyrendur sína velkomna lágum rómi. Hann er svartklæddur, kannski liðlega þrítugur að aldri.

**SÝNINGIN** hefst. Fyrr en varir tekur leikendum að fjölga á sviðinu. Með rödd sinni og frásagnartækni tekst sögumanni að töfra fram hverja persónuna á fætur annarri, þarna er Egill ungur sveinn án rítalíns, faðir hans, Skalla-Grímur, fóstra hans Þorgerður Brák, eldri bróðirinn Þórólfur og leikfélagar drengsins. Það úir og grúir af persónum sem Benedikt kallar fram af fyrirhafnarlausri snilld og þær standa okkur ljóslifandi fyrir hugskotssjónum.

**SÖGUMAÐURINN** er í essinu sínu. Sagan lifnar í meðförum hans, smám saman ferjar sögumaðurinn okkur inn í heim mýtunnar þar sem hver saga inniheldur allar sögur og allir áheyrendur verða að einum áheyranda sem dáleiddur af rödd sögumannsins er bergnuminn af því undri sem lífið er: draumar, sorgir, árekstrar, sigrar, gleði, vonbrigði, raunir; allt þetta og jafnframt eitthvað miklu meira, dýpra, ofar öllum skilningi.

**Í LOKIN** leysir Benedikt okkur úr álögunum og óskar öllum góðrar heimferðar. Helst hefði ég viljað svífa á hann og toga í ermina á jakkanum hans og suða: Elsku Benni minn, gerðu það ekki hætta núna. Segðu mér söguna aftur og ég skal alltaf vera góður drengur og klára allan matinn minn. En töfrarnir féllu af mér þegar sögunni lauk og ég er því miður aftur orðinn fullorðinn og legg af stað út í rigningu og myrkur á leið niður í Hvalfjarðargöngin.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er 3. september, 246. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.14 | 13.27 | 20.38 |
| Akureyri | 5.54 | 13.12 | 20.28 |

*Heimild: Almanak Háskólans*






Subaru Forester sameinar það besta úr fólksbíl og jeppa. Hann er lipur í akstri eins og fólksbíll en hefur dráttar- og drifkraft á við marga stærri jeppa.

„Mér finnst stundum eins og ég sé á tveimur bílum. Ég kemst í þröng stæði innanbæjar en dríf síðan í torfærum á landsbyggðinni eins og ekkert sé.“

Forester liggur mjög vel á veginum en er samt með mun meiri veghæð en aðrir jepplingar. Hann er á svipuðu verði og venjulegur fólksbíll þrátt fyrir að vera með 158 hestafla vél, sem er mun meiri kraftur en í mörgum stærri jeppum.

„Maður er orðinn of góðu vanur á Forester. Það er í raun ótrúlegt hvað maður fær rosalega mikið fyrir lítið.“

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru. Spyrðu bara Subarueigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir:

**„Hey, þetta er Ísland!“**

**TILBOÐ!** Innifalið í verði: Upphækkun, heilsársdekk og dráttarbeisli. Subaru Forester, sjálfskiptur **kr. 2.690.000,-**

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461 2960 | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 |
|---|---|---|---|---|---|

SYMMETRICAL AWD

* Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3.